HITTUST Í SIRKUSPORTINU, SMULLU Í BÓNUS

Lóa Hjálmtýsdóttir og Árni Rúnar Hlöðversson eru í hljómsveitinni FM Belfast sem brátt gefur út sína fyrstu plötu.

Alíslenskt kvöld við skjáinn

Fyrsti þáttur Svartra engla fer í loftið á RÚV í kvöld og strax á eftir hefst fyrsti þáttur Dagvaktarinnar á Stöð 2.



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. september 2008 — 257. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

HANNAÐI LEGSTEIN RABBA

Friðgerður Guðmundsdóttir ekkja tónlistarmannsins Rabba, segir frá lífinu með honum, sorginni og nýjum starfsframa sem hönnuður.

VIÐTAL 10

VEÐRIÐ Í DAG



BJART EYSTRA Í dag verða yfirleitt suðvestan 8-13 m/s. Bjart framan af degi austan til á landinu annars skúrir. Vaxandi væta með kvöldinu en þurrt að mestu eystra. Hiti 8-13 stig.

VEÐUR 4

Verja 600 milljónum í Íslandsskála í Kína

Þátttaka Íslands í heimssýningunni í Sjanghæ árið 2010 á að kosta 600 milljónir króna. Ríkið leggur fram 350 milljónir og biður Reykjavík um 50 milljónir.

STJÓRNSÝSLA Áætlað er að þátttaka Íslands í heimssýningunni í Sjanghæ kosti 600 milljónir króna.

Ríkisstjórnin ákvað í janúar á þessu ári að Ísland yrði þátttakandi í heimssýningunni Expo sem verður árið 2010 í Sjanghæ í Kína.

Samkvæmt greinargerð Júlíusar Hafstein sendiherra er reiknað með að skáli Íslands á heimssýningunni verði eitt þúsund fermetrar. Framkvæmdastjóri verður ráðinn fyrir verkefnið og áætlað er að tvær nefndir komi að málinu, ein sem heldur utan um framkvæmd og kostnað og önnur nefnd sem annast skipulag sýningarinnar. Samkvæmt greinargerð Júlíusar, sem send hefur verið Reykjavíkurborg með ósk um 50 milljóna króna framlag, hafa nokkur íslensk fyrirtæki nú þegar staðfest þátttöku í heimssýningunni. Það eru meðal annars viðskiptabankarnir, Bakkavör og ónefnd orkufyrirtæki.

Fram kemur hjá Júlíusi að utanríkisráðuneytið geri ráð fyrir að ríkissjóður borgi 350 milljónir króna af áðurnefndum 600 milljónum.

„Þegar hafa náðst samningar um aðkomu helstu fjármála- og útflutningsfyrirtækja landsins. Það er því ljóst að viðlíka fjárfesting í kynningarstarfsemi á þessu stærsta markaðssvæði heims verður ekki endurtekin í bráð," segir í greinargerð sendiherrans.

Í umsögn Svanhildar Konráðsdóttur, sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs, til borgarráðs segir að mikil tækifæri geti falist í því fyrir Reykjavíkurborg að taka þátt í sýningunni í Sjanghæ.

„Sýningin mun ná til mikils fjölda gesta á markaðssvæði sem þegar er orðið mikilvægt í öllum skilningi, ekki síst hvað snertir orkumál og ferðaþjónustu," segir í umsögn sviðsstjórans.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki vilji hjá borgarráði til að taka þátt í sýningunni. Ráðið hefur hins vegar sent erindi utanríkisráðuneytisins til umsagnar hjá Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahöfnum.

- gar

FÖGNUÐUR KR-stelpur fögnuðu bikarmeistaratitlinum í gær eftir 4-0 sigur á erkifjendunum í Val. Afmælisbarnið Hólmfríður Magnúsdóttir, sem hér sést fyrir miðri mynd, var hetja KR-inga en hún skoraði þrennu í leiknum. Sjá síðu 22 FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sjötugu tónskáldi fagnað:

Atli Heimir heiðraður

TÍMAMÓT Tvennir hátíðartónleikar verða haldnir í dag til heiðurs Atla Heimi Sveinssyni tónskáldi sem er sjötugur.

ATLI HEIMIR SVEINSSON

Hátíðardagskrá verður í Þjóðleikhúsinu klukkan fjögur og hátíðartónleikar í Salnum í Kópavogi klukkan átta. Þeir eru liður í tónleikaröð sem verður haldin víðs vegar um Reykjavík næstu daga.

Þá rifjar Jón Baldvin Hannibalsson upp áratuga löng kynni sín af tónskáldinu á tímamótasíðu Fréttablaðsins í dag, en hann og Atli Heimir voru bekkjarfélagar í Gaggó Vest og MR. -ve / sjá síðu 14

Kjaradeila lækna í hnút:

Verkfallsboðun ekki útilokuð

KJARAMÁL **Kjaradeila Læknafélags Íslands og Ríkisins er í hnút eftir að sáttafundi í gær lauk án árangurs. Nýr fundur hefur verið boðaður 1. október og verkfallsboðun liggur í loftinu.**

Birna Jónsdóttir, formaður Læknafélagsins, segir tilboð sem læknar fengu með öllu óásættanlegt þrátt fyrir mánaðalangar samningaviðræður. „Það þýðir að við verðum að leita annarra leiða til að leiðrétta kjör okkar en með samningum."

Læknafélagið hefur sent út viðhorfskönnun til lækna þar sem spurt er til hvaða aðgerða læknar vilja grípa í framhaldinu.

Spurð hvort verkfall sé væntanleg niðurstaða segir Birna að tíðinda sé að vænta af aðalfundi Læknafélagsins sem stendur fyrir dyrum. „Það hefur ekki samist og við þurfum að grípa til annarra aðgerða. Verkfallsboðun er eitt af því sem verður skoðað." - shá

Óstöðugt gengi krónunnar veldur bílasölum miklum erfiðleikum:

Bílasalar gefast upp á verðmerkingum í íslenskum krónum

EFNAHAGSMÁL „Við höfum gefist upp á verðmerkingum í íslenskum krónum," segir Leifur Örn Leifsson, framkvæmdastjóri Öskju, söluaðila Mercedes Benz á Íslandi, sem hefur tekið upp á því að verðmerkja bíla í evrum. Með þessu sé fyrirtækið að bregðast við óstöðugu gengi krónunnar.

„Krónan er handónýtur gjaldmiðill eins og staðan er í dag," segir Leifur Örn. Mikið sé um sérpantanir á Benz bílum þar sem viðskiptavinir fái útbúna bíla eins og þeim hentar. Þá sé afgreiðslufrestur oft langur og með þessu vilji fyrirtækið tryggja sig og viðskiptavini fyrir gengissveiflum frá því bíll er pantaður, þar til hann er afhentur.

Verð á bílum sem seldir eru af lager sé þó enn gefið upp í krónum enda sé afgreiðslutími þeirra aðeins örfáir dagar.

„Við höfum þurft að breyta verðmerkingum daglega og svo þegar kemur að afhendingu bíls hefur ekkert staðist miðað við það sem talað var um í upphafi. Þetta er okkar leið til að allir gangi að hlutunum vísum."

Leifur Örn segir Öskju hafa tekið þennan háttinn upp fyrir um tveimur mánuðum. „Við erum ekki búnir að einsetja okkur að vera með evruverð til lengri tíma. En á meðan umrót í gengismálum er svona þá sjáum við okkur ekki fært að gera annað." - ovd

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS

Raggi, eruð þið einu jöklarnir sem stækkið á tímum hlýnunar jarðar?

„Já, en við stækkum á alla kanta.“

Ragnar Gunnarsson - Raggi sót, söngvari Skriðjökla segist reikna með að syngja betur nú þegar hann sé orðinn spikfeitur.

Formaður Samfylkingarinnar ræddi efnahagsvandann á flokksstjórnarfundi í gær:

Engin töfralausn á vandanum

STJÓRNMÁL „Stjórnvöld verða að axla sína ábyrgð en það verða fyrirtækin og einstaklingarnir líka að gera,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, í ræðu sinni á flokksstjórnarfundi í Hafnarfirði í gær.

Hún sagði þá sem stunda áhættusækni og skuldsetningu sem ekki byggði á aukinni verðmætasköpun einnig þurfa að axla ábyrgð. „Um leið er það skylda ríkisstjórnarinnar og allra ábyrgra Íslendinga, og þar tiltek ég sérstaklega ábyrgra fjármagnseigendur, að horfast í augu við veikleika hagkerfisins hér heima og fjárfestinganna víða um heiminn.“

FRÁ FLOKKSSTJÓRNARFUNDINUM Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar á flokksstjórnarfundinum í Hafnarfirði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hún sagði enga töfralausn á hagstjórnarvandanum á Íslandi og í róðrinum gegn verðbólgunni þurfi alla á árarnar.

„Við sem byggjum þetta land þurfum að þétta raðirnar, taka höndum saman, senda áhættufíklana í meðferð og bjóða þá aftur velkomna í uppbygginguna þegar runnið hefur af þeim.“ Þá sagði hún fyrstu skyldu allra vera að leggja ofurkapp á að vinna bug á verðbólgunni.

Ingibjörgu Sólrúnu varð tíðrætt um efnahagsvandann og ræddi hann meðal annars í alþjóðlegu ljósi. Hún sagði almannavaldið, alþjóðastofnanir, ríkisstjórnir og seðlabanka nú vera helstu bjargvætti fyrirtækja sem fyrir skömmu voru sögð úrræðabetri en nokkur stjórnvöld gætu nokkurn tíma orðið. **- ovd**

Breytingar í Suður-Afríku:

Mbeki forseti segir af sér

SUÐUR-AFRÍKA Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, ætlar að segja af sér embætti að kröfu ANC, stærsta stjórnmálaflokks landsins.

ANC lagði fram kröfuna í kjölfar þess að dómari í spillingarmáli gegn Jacob Zuma, leiðtoga ANC og einum helsta keppinaut Mbeki, fullyrti að forsetinn hefði skipt sér af málarekstrinum með óeðilegum hætti. Fullyrt er að Mbeki hafi lagt á ráðin um samsæri gegn Zuma en hann var sýknaður af ákæru þann 12. september síðastliðinn.

Mbeki varð forseti Suður-Afríku árið 1999 og átti kjörtímabili hans að ljúka á næsta ári. **-ve**

Þröstur Leó Gunnarsson:

Raðar lögum Nýrra danskra

TÓNLIST „Hann Jón [Ólafsson] sagði að þetta væri ekki síst til að koma í veg fyrir að allt færi í hund og kött innan hljómsveitarinnar,“ segir Þröstur Leó Gunnarsson, leikari og lagaraðari.

Þröstur Leó fékk það vandasama hlutverk að raða lögum á óútkominn disk með hljómsveitinni Ný dönsk. Hann hefur hlustað á lögin og raðar þeim svo upp eins og hann telur best henta, eftir tilfinningu en ekki einhverri tiltekinni formúlu. **- jbg/sjá síðu 26**

52 SLASAÐIR Hópæfingin á Landspítalanum lukkaðist vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Æfing á Landspítala:

Vel heppnuð hópslysaæfing

HEILBRIGÐISMÁL Hópslysaæfing var haldin á Landspítalanum í gær vegna rútuslyss sem gert var ráð fyrir að orðið hefði í Ártúnsbrekku í Reykjavík. Unnið var samkvæmt nýrri viðbragðsáætlun spítalans og voru ýmsir verkferlar æfðir. Þá var nýtt fjarskiptaskipulag fyrir spítalann notað í fyrsta skipti.

Æfingin miðaðist við að 52 menn hefðu slasast og voru þeir fluttir á bráðamóttöku spítalans í Fossvogi og við Hringbraut. Í tilkynningu frá Landspítalanum segir að æfingin hafi tekist mjög vel og að næstu daga verði safnað upplýsingum um hana. Það sé gert til að læra af reynslunni og meðal annars bæta viðbragðsáætlun spítalans. - ovd

Múslimar langeygir eftir lóð undir mosku

Félag múslima íhugar að kæra borgaryfirvöld fái það ekki lóðaúthlutun fljótlega. Átta ár eru frá því það sótti um. Nefndir frá Evrópuráðinu og utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna gagnrýna íslensk yfirvöld vegna seinagangsins.

SAMFÉLAGSMÁL Eftirlitsnefndir bæði Evrópuráðsins og utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna hafa gagnrýnt íslensk stjórnvöld fyrir seinagang við afgreiðslu lóðar fyrir mosku og menningarmiðstöð sem Félag múslima á Íslandi hefur óskað eftir frá árinu 2000.

Í ársskýrslu stjórnardeildar lýðræðis-, mannréttinda- og atvinnumála (Bureau of Democracy, Human Rights, and Labor) fyrir síðasta ár er lýst áhyggjum af því að fordómar gagnvart múslimum valdi því hversu lengi það hafi tekið að afgreiða umsóknina. Skýrslan er unnin fyrir utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna.

Í ársskýrslu eftirlitsnefnd Evrópuráðsins gegn kynþáttamisrétti, ECRI (The European Commission against Racism and Intolerance), fyrir árið 2006 er þeim tilmælum beint til yfirvalda að þau afgreiði mál félagsins án frekari tafa.

„Ég velti því fyrir mér hvort kreddurnar um að múslimar séu svo hættulegir samfélaginu hafi þessi áhrif á stjórnmálamennina,“ segir Salmann Tamimi, formaður félagsins. „Ég tel ekki að þetta sé svo flókið skipulagsmál að það þurfi að taka níu ár, það þarf bara pólitíska ákvörðun. Ef þetta fer ekki að taka enda munum við vissulega leita til lögfræðinga með það fyrir augum að kæra málið.“

Hann segir að árið 2000 hafi skráðir félagar verið um tuttugu en nú séu þeir tæplega fjögur hundruð en líklegast séu um þúsund múslimar í landinu.

Björn Axelsson, umhverfisstjóri skipulags- og byggingarsviðs, segir að önnur trúfélög hafi sótt um á svipuðum tíma og Félag múslima og hafi þá verið reynt að afgreiða málin heildstætt. Nú hafi tekist að finna lóð fyrir búddista, rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna og Ásatrúarfélagið. „Það sem gerir mál Félags múslima erfiðara er að þar er verið að biðja um fjögur til fimm þúsund fermetra lóð, sem er mun meira en aðrir hafa lagt fram,“ segir hann. „Eins er gert ráð fyrir byggingu sem nái í um tíu metra hæð.“

Í BÆNAHÚSI FÉLAGS MÚSLIMA Salmann Tamimi, formaður Félags múslima, leiðir hér trúbræður sína í bænastund í aðstöðunni sem þeir hafa í Ármúla en félagið hefur beðið í níu ár eftir lóð fyrir mosku og menningarmiðstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég velti því fyrir mér hvort kreddurnar um að múslimar séu svo hættulegir samfélaginu hafi þessi áhrif á stjórnmálamennina.
>
> **SALMAN TAMIMI**
> FORMAÐUR FÉLAGS MÚSLIMA Á ÍSLANDI

Hann segir enn fremur að kannaðir hafi verið möguleikar á að veita félaginu lóð í Öskjuhlíð, Stekkjarbakka í Breiðholti og síðan í Laugardal en ekkert af því hafi gengið eftir.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, segir að verið sé að vinna í málinu og að engar annarlegar hvatir búi að baki því hversu langan tíma hafi tekið að afgreiða það. „Þetta kemur skýrt fram í bókun borgarráðs nú í byrjun mánaðarins.“ jse@frettabladid.is

GRÍÐARLEG EYÐILEGGING Hótelið stóð í ljósum logum eftir sprenginguna. Að minnsta kosti fjörutíu manns létu lífið. NORDICPHOTOS/AFP

Hryðjuverk í Islamabad:

Fjörutíu létust í sprengjuárás

ISLAMABAD, AP Að minnsta kosti fjörutíu manns létust og um 200 særðust þegar sjálfsmorðssprengjuárás var gerð fyrir utan Marriott hótelið í Islamabad í Pakistan í gær. Vörubíl, fullum af sprengiefni, var ekið upp að öryggishliði við hótelið og hann sprengdur í loft upp. Sprengingin var gríðarlega öflug og skildi meðal annars eftir sig sex metra djúpan gíg. Hótelið stóð í ljósum logum á eftir og hús í mörg hundruð metra fjarlægð skemmdust. **-kh**

Samtök atvinnulífsins:

Félög kanni upptöku evru

EFNAHAGSMÁL Samtök atvinnulífsins hafa sent aðildafélögum sínum bréf þar sem þess er óskað að þau kanni möguleika á að taka upp evru í stað íslensku krónunnar. Búist er við niðurstöðu á næstu vikum eða mánuðum. Þetta kom fram í fréttum Ríkisútvarpsins í gær.

Vilhjálmur Egilsson, formaður SA, hefur haldið því fram í ræðu og riti að peningastefna Seðlabanka Íslands með hafi brugðist með öllu og að stöðugleika verði að ná með öðrum leiðum. Hann vill að Ísland gangi í efnahags- og myntabandalag Evrópu og taki upp evru. **- shá**

Fræðslunet Suðurlands

Náms- og rannsóknarstyrkur

Vísinda- og rannsóknarsjóður Fræðslunets Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um náms- og rannsóknarstyrk úr sjóðnum árið 2008.
Styrkurinn nemur 750.000 krónum.

Styrkurinn er ætlaður námsfólki sem vinnur að rannsóknarverkefni til lokaprófs, bakkalárgráðu (BA/BS), sambærilegrar eða hærri gráðu. Verkefni, sem er lokið þegar umsóknarfrestur rennur út, telst ekki styrkhæft. Stjórn Fræðslunets Suðurlands áskilur sér rétt til að leita eftir vottorði umsjónarmanns um að verkefni sé ólokið.
Skilyrði fyrir styrkveitingu er að finna í starfsreglum sjóðsins sem birtar eru í heild á heimasíðu Fræðslunets Suðurlands, http://fraedslunet.googlepages.com, en þar kemur m.a. fram að rannsóknarverkefnið skuli tengjast Suðurlandi og þjóni ótvíræðum atvinnu- og/eða fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.

Umsóknir um styrk ásamt ítarlegri verklýsingu og verkáætlun (sjá 5. gr. starfsreglna) póstleggist til Fræðslunets Suðurlands, Tryggvagötu 25, pósthólf 130, 802 Selfoss, í síðasta lagi 3. nóv. 2008.

Nánari upplýsingar veitir Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri Fræðslunets Suðurlands, í síma 480 8155.

Gangnamenn fundu mjög þrekaðan Spánverja á sjötugsaldri í Bárðardal í gær:

Létti að sjá lífsmark með manninum

BJÖRGUN „Ég held að það sé alveg ljóst að þessi maður hefði aldrei staðið upp aftur,“ segir Páll Kjartansson, bóndi í Víðikeri og einn gangnamanna sem bjargaði spænskum karlmanni á sjötugsaldri, nær dauða en lífi af hálendi Íslands í gær.

Maðurinn hafði þá verið viltur og matarlaus í fjóra sólarhringa. Svo virðist sem hann hafi verið að skoða sig um, gengið frá bíl sínum og villst.

Páll og félagar fundu manninn laust fyrir klukkan átta í gærmorgun við Krossá í Bárðardal en bíl hans fundu þeir um 25 kílómetra þaðan, á slóða sem liggur frá Tröllladyngjuleið niður í Bárðardal.

Páll segir þá hafa séð manninn liggja á bakkanum við ána. „Við flautuðum og hóuðum en hann rótaði sér ekki neitt,“ segir Páll. Þeim hafi því ekki dottið í hug annað en að maðurinn væri látinn. Hann hafi svo rankað við sér þegar þeir hafi hrist hann til.

„Við vorum auðvitað ákaflega ánægðir að hann skildi vera með lífsmarki,“ segir Páll. Maðurinn hafi þurft aðstoð við að standa upp og þeir hafi stutt hann inn í bíl. „Hann hresstist við að fá vatn og kaffi og komast í hlýjan bílinn.“

Gangnamenn höfðu samband við bændur í Svartárkoti sem komu til móts við þá. Maðurinn var svo fluttur með sjúkrabíl til aðhlynningar á sjúkrahúsinu á Húsavík þar sem hann fékk meðferð vegna ofkælingar. Hann mun dvelja þar næstu daga á meðan hann jafnar sig.

Páll segir alveg ljóst að maðurinn hafi verið orðinn mjög þrekaður enda hafi hann verið lagstur fyrir. Slæmt veður hafi verið á þessum slóðum undanfarna daga og maðurinn hafi ekki verið vel búinn.

Þá segir Páll að tilviljun ein hafi ráðið því að þeir óku fram á manninn. Síðast hafi þeir verið á þessum slóðum 30. ágúst síðastliðinn. **- ovd**

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

Landsbankinn

21. umferð	Landsbankadeild karla		
sun. 21. sept.	FH	16:00	Keflavík
sun. 21. sept.	Breiðablik	16:00	Fylkir
sun. 21. sept.	Fjölnir	16:00	HK
sun. 21. sept.	Grindavík	16:00	ÍA
sun. 21. sept.	KR	16:00	Þróttur R.
sun. 21. sept.	Fram	16:00	Valur

Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völlinn.
Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans.

Úrslitin gætu ráðist í dag!

Óopinber úrslitaleikur Landsbankadeildarinnar verður leikinn í Kaplakrika þar sem Keflvíkingar geta tryggt sér titilinn með jafntefli eða sigri gegn FH. Vinni FH leikinn er toppbaráttan ennþá galopin. Á botninum berjast Fylkir og HK um sæti í deildinni að ári en Skagamenn eru nú þegar fallnir og spila því fyrir heiðurinn. Valur, Fram, KR og Breiðablik eiga öll möguleika á Evrópusæti á meðan Grindavík, Fjölnir og Þróttur sigla lygnan sjó.

Fjölmennum á völlinn!

Ráðast úrslitin í dag?

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 43723 09.2008

LANDSBANKADEILDIN

GENGIÐ 19.09.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	92,44	92,88
Sterlingspund	166,13	166,93
Evra	131,29	132,03
Dönsk króna	17,594	17,696
Norsk króna	15,882	15,976
Sænsk króna	13,742	13,822
Japanskt jen	0,8597	0,8647
SDR	143,01	143,87

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 173,0016

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dómsmálaráðherra furðar sig á að auglýsing á starfi lögreglustjóra sé túlkað sem óvildarbragð í hans garð:

Auglýsa verður starfið vegna breytinga

STJÓRNSÝSLA Björn Bjarnason dómsmálaráðherra furðar sig á því hvað margir túlka hugmyndir hans um breytingar á embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum sem aðför eða persónulega óvild í garð Jóhanns R. Benediktssonar sem gegnir embættinu. Hann segir breytingar á embættinu krefjast þess að starfið sé auglýst.

„Það er hæpið, svo að ekki sé meira sagt, að leggja ákvörðun um að auglýsa embætti að jöfnu við uppsögn embættismanns“ segir Björn á heimasíðu sinni. Aðspurður segist hann telja Jóhann hæfan til starfans og að grundvallarbreytingar hafi orðið á embættinu sem ekki sé hægt að bera saman við breytingar á öðrum embættum innan löggæslunnar.

Björn telur ekki hafa verið ástæðu til að auglýsa starf ríkislögreglustjóra árið 2007 þrátt fyrir miklar breytingar á fimm ára starfstíma Haraldar Johannessen. „Ég mat það ekki svo, að nein sú breyting hefði orðið á embætti RLS að ástæða væri til að auglýsa það. Á Suðurnesjum hafa launakjör breyst, hluti embættisins hefur verið lagður af með lögum og ráðuneytið hefur ákveðið uppskipti embættisins í þrjá hluta“ segir Björn í tölvubréfi og ítrekar rökstuðning fyrir ákvörðun sinni:

„Embættið hefur tekið stakkaskiptum, frá því að skipað var í það á sínum tíma. Þá missti lögreglustjórinn spón úr aski sínum, þegar embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli var aflagt og hann lækkaði í launum. Með vísan til þessa alls taldi ég einsýnt, að auglýsa bæri embættið til að umboð, ábyrgð og kjör þess, sem því gegndi væru alveg skýr.“

- sh

DÓMSMÁLARÁÐHERRA Björn furðar sig á því hvað margir túlka hugmyndir hans um breytingar á embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum sem aðförð eða persónulega óvild í garð Jóhanns R. Benediktssonar.

Myndband frá al-Kaída:

Hóta árásum á Bandaríkin og bandamenn

AFGANISTAN Mullah Omar, leiðtogi al-Kaída í Afganistan, hótar stórfelldum árásum á Bandaríkin og bandamenn þeirra. Þetta kemur fram í myndbandsupptöku sem hryðjuverkasamtökin sendu frá sér í tilefni af því að sjö ár eru liðin frá árásunum á tvíburaturnana þann 11. september 2001. Í myndbandinu er því einnig haldið fram að Osama bin Laden sé á lífi og við góða heilsu.

Fleiri leiðtogar al-Kaída hóta árásum í myndbandinu, sem birtist á heimasíðum tengdum samtökunum. Ekki er vitað um áreiðanleika myndbandanna. - ve

Mænuskaðastofnun:

Söfnuðu um 65 milljónum

SÖFNUN Um 65 milljónir söfnuðust í landssöfnun Mænuskaðastofnunar Íslands sem náði hápunkti með sjónvarpsþætti á Stöð 2 í fyrrakvöld. Söfnunarféð rennur óskert til tilrauna og rannsókna á meðferð við mænuskaða. Margir listamenn lögðu málefninu lið, svo sem Páll Óskar Hjálmtýsson, Stefán Hilmarsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir og Bryndís Ásmundsdóttir.

Söfnunin stendur enn yfir og eru söfnunarsímar opnir. -kh

REYKJAVÍK

Prestur á 9,2 milljónir

Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt ósk formanns sóknarnefndar og sóknarprests Dómkirkjunnar um að halda áfram að greiða helming launa miðborgarprests. Nemur hlutur borgarinnar 4,6 milljónum og eru árslaun prestsins því 9,2 milljónir króna.

Hæstaréttarlögmaður segir skýringar ráðherra fyrirsláttt

Verið er að segja lögreglustjóranum á Suðurnesjum upp störfum, segir hæstaréttarlögmaður. „Skýringar dómsmálaráðherra um annað eru fyrirsláttur.“ Starfsmenn embættisins eru slegnir og ætla að mótmæla.

STJÓRNSÝSLA „Að sjálfsögðu er hér um uppsögn að ræða og ekkert annað. Aðrar skýringar eru einfaldlega fyrirsláttur“, segir Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður um þá ákvörðun Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra að auglýsa stöðu lögreglustjóra á Suðurnesjum lausa til umsóknar. Ráðherra hafnar því alfarið að persónuleg óvild í garð Jóhanns R. Benediktssonar liggi að baki ákvörðun hans. Starfsmenn Jóhanns segja tíðindin vera áfall og að mikil óánægja sé með þróun mála.

Til stendur að auglýsa stöðu lögreglustjórans á Suðurnesjum í apríl. Þá lýkur skipunartíma Jóhanns R. Benediktssonar sem gegnt hefur embættinu í fimm ár. Staða forstöðumanns ríkisstofnunar hefur aldrei verið auglýst laus til umsóknar áður ef viðkomandi embættismaður hefur ekki óskað eftir því að láta af störfum.

Jóhann vill ekki tjá sig um ákvörðun Björns og hvort hann túlki hana sem uppsögn grundvallaða á persónulegri óvild ráðherrans í hans garð. „Ég hef fyrst og síðast áhyggjur af starfsmönnum embættisins og það eina sem mér finnst skipta máli eins og mál hafa þróast er að það fáist hreinar línur í þetta mál.“

Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, segir ráðstöfun ráðherra furðulega. „Þetta hefur ekki gerst áður og rétt að minna á að úttekt ríkisendurskoðunar sýndi að ekkert óeðlilegt var við starfsemina en að embættið væri í fjársvelti. Vandinn liggur ekki hjá manninum heldur þeirri einföldu staðreynd að það vantar peninga. Ég hef orðið var við mikla óánægju manna innan okkar vébanda með allt þetta mál.“

Þeir starfsmenn lögregluembættisins á Suðurnesjum sem Fréttablaðið ræddi við í gær sögðu allir sem einn að mikil reiði og vonbrigði ríktu í þeirra röðum. Til stendur að halda starfsmannafundi þar sem ákveðið verður á hvaða hátt óánægju starfsmanna verður komið á framfæri.

„Það skín í gegn að dómsmálaráðherra vill losna við Jóhann af því að hann hefur staðið uppi í hárinu á honum“, segir Sveinn Andri. „Jóhann er einfaldlega að gjalda fyrir það núna að vera ekki viljalaust verkfæri. Björn á að sjá sóma sinn í að ganga fram fyrir skjöldu og upplýsa af hverju hann er að losa sig við manninn og hætta þessum feluleik sem allir sjá í gegnum.“

svavar@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

ÚRKOMUSVÆÐI KOMA OG FARA

Þegar horft er yfir veðurhorfurnar í dag og næstu daga má sjá minniháttar úrkomu fyrripartinn en vaxandi vætu síðdegis og á kvöldin. Þannig má búast við töluverðri vætu sunnan og vestan til í kvöld og sömu sögu er að segja annað kvöld og á þriðjudagskvöldið. Úrkomuminnst verður þó austan til.



Á MORGUN 5-13 m/s, stífastur með suðurströndinni.

ÞRIÐJUDAGUR 3-8 m/s. Lítilsháttar væta fram eftir degi

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	16°
Billund	17°
Ósló	13°
Stokkhólmur	14°
Gautaborg	18°
London	18°
París	17°
Frankfurt	15°
Friedrichshafen	17°
Berlín	15°
Alicante	28°
Mallorca	26°
Basel	16°
Eindhoven	16°
Las Palmas	26°
New York	22°
Orlando	29°
San Francisco	17°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Safnaðu því sem þú vilt...

16,7% ÁVÖXTUN*
Peningamarkaðssjóður SPRON

...eiga mikið af!

*Nafnávöxtun miðast við 1. sept. 2007 til 1. sept. 2008. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON.

spron
– bankinn þinn

ARGUS / 08-2095

KJÖRKASSINN

Tekur þú inn lyf daglega?

Já 15,9%

Nei 84,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Bregður þér við fréttir af hryðjuverkaárásum?

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Íslenska tónlistarhátíðin London Airwaves var haldin í fyrsta sinn á föstudag:

Fjölmenni á íslenskri tónlistarhátíð

FÓLK Íslenska tónlistarhátíðin London Airwaves var haldin á átta skemmtistöðum í Shoreditch-hverfinu í London á föstudagskvöld. Hátíðin þótti heppnast ágætlega og var vel sótt. Íslensku hljómsveitirnar FM Belfast og Steed Lord komu fram. Íslensku listamönnunum var vel fagnað af samlöndum þeirra sem sóttu hátíðina.

Talið er að um tvö þúsund manns hafi sótt London Airwaves.

Hr. Örlygur, sem hefur veg og vanda af Iceland Airwaves-hátíðinni, sá um skipulagningu London Airwaves. Að sögn Þorsteins Stephensen, eiganda Hr. Örlygs, hefur mikil vinna farið í að koma hátíðinni á laggirnar. Þannig hefur fjöldi Íslendinga unnið í London undanfarið.

Auk þess hafa tvö bresk fyrirtæki unnið að kynningarstarfsemi og nokkrir þarlendir einstaklingar hafa hjálpað við kynningar. Þetta skilaði sínu því

ÍSLENDINGAR Á LONDON AIRWAVES Hljómsveitin FM Belfast kom fram á London Airwaves á föstudagskvöld. Sveitinni var vel fagnað, sérstaklega af Íslendingum á svæðinu.

talsvert var fjallað um London Airwaves í breskum fjölmiðlum í síðustu viku og víða var mælt með hátíðinni sem einum af athyglisverðustu viðburðum helgarinnar. **-hdm**

Ný bók um John Lennon:

McCartney og Ono bálreið

BÓKMENNTIR Í nýútkominni bók um Bítilinn John Lennon er því haldið fram að Lennon hafi þráð kynmök með Paul McCartney, félaga sínum í hljómsveitinni. Því er einnig haldið fram að Lennon hafi dreymt um að sofa hjá Juliu móður sinni.

McCartney og Yoko Ono, ekkja Lennons, samþykktu bæði að leyfa höfundinum Philip Norman að taka við sig viðtal vegna bókarinnar, sem ber titilinn John Lennon: The Life. Þau ku hins vegar afar ósátt við efnistök höfundarins og hafa afneitað bókinni algjörlega.

- kg

Þróuðu ríkin hætti að lokka til sín starfsfólk

Norðurlandaráð vill að vesturlönd hætti að lokka til sín heilbrigðisstarfsfólk frá þróunarríkjunum. Fleiri læknar frá Benín starfa í Frakklandi en í heimalandinu. Félagsmálanefnd Alþingis fjallar um tilmæli Norðurlandaráðs.

STJÓRNMÁL „Vesturlönd hafa samþykkt að bæta þurfi velferð í þróunarríkjunum en sækjast á sama tíma eftir heilbrigðisstarfsmönnum frá þessum ríkjum með þeim afleiðingum að ekki er hægt að bólusetja börn.“

Þetta segir Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins og formaður velferðarnefndar Norðurlandaráðs, um tilmæli nefndarinnar þess efnis að Norðurlöndin taki frumkvæði að alþjóðlegu samkomulagi um hvernig ráðningu heilbrigðisstarfsmanna frá þróunarlöndunum skuli háttað. Skal það byggjast á samstarfi um að auka menntun heilbrigðisstarfsmanna í þróunarlöndunum og að sama skapi aðgerðum sem miða að því að þróunarlönd haldi heilbrigðisstarfsmönnum sínum í heimalandi.

Siv segir tvennt þurfa að koma til. Að vesturlönd geri átak í að efla heilbrigðisstéttirnar í þróunarríkjunum og geri heilbrigðisstörf heima fyrir eftirsóknarverðari fyrir ungt fólk. Það gerist með bættri kennslu og kjörum. „Hin ríkari lönd þurfa að vera sjálfbær hvað þetta varðar,“ segir Siv.

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

Ekki stendur til að banna ráðningar fólks frá þróunarríkjum en að sögn Sivjar þurfa vesturlönd að hætta að lokka til sín starfsfólk með markvissum hætti, líkt og tíðkist. Það sé gert í gegnum sérstakar ráðningarskrifstofur og því þurfi að linna. „Þetta er siðfræði sem gengur ekki upp,“ segir Siv og nefnir sem dæmi að fleiri læknar frá Benín starfi í Frakklandi heldur en í Benín og á Manchestersvæðinu í Bretlandi séu fleiri heilbrigðisstarfsmenn frá Malaví heldur en í Malaví.

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis hefur fengið tilmæli velferðarnefndar Norðurlandaráðs til umfjöllunar en þau hafa ekki verið afgreidd.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru engir heilbrigðisstarfsmenn frá þróunarríkjunum við störf á Landspítalanum. bjorn@frettabladid.is

BEÐIÐ EFTIR HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU Bólusetningar barna í þróunarríkjunum þurfa að sitja á hakanum þar sem heilbrigðisstarfsfólk er oft á tíðum lokkað til vesturlanda. Norðurlandaráð vill að Norðurlöndin fari sameiginlega fyrir aðgerðum sem miða að því að stöðva þróunina. NORDICPHOTOS/AFP

OPNAÐ Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra opnaði aðgang að náttúrukortinu í Norræna húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Náttúrukort Framtíðarlandsins:

Netkort sýnir virkjanasvæði

NÁTTÚRUVERND Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra opnaði á miðvikudag, að viðstöddum fulltrúum Framtíðarlandsins, vefsíðu með Íslandskorti sem sýnir orkuframleiðslu á Íslandi.

Á kortinu má sjá núverandi virkjanir og svæði þar sem fyrirhugað er að virkja. Fyrirhuguð virkjanasvæði eru að auki flokkuð niður eftir því hvar í virkjanaferlinu viðkomandi svæði eru.

Tilgangurinn með kortinu er að upplýsa almenning um virkjunaráform á Íslandi. **- bj**

Sænskur sjávarútvegur:

Vill íslenskt kvótakerfi

SVÍÞJÓÐ Svíar velta fyrir sér að koma á fót kvótakerfi þannig að sjómenn og útvegsfyrirtæki fái úthlutað fiskveiðiheimild á hverju ári. Þetta kemur fram í skýrslu sem var lögð fyrir sænsku ríkisstjórnina í sumar, að sögn Dagens Nyheter. Markmiðið er að bjarga með þessum hætti þorskstofni Svía.

Allir hafa rétt á fiskveiðum eins og staðan er í Svíþjóð í dag, eða þar til sænski kvótinn hefur verið veiddur. Til að koma á fót kvótakerfi á íslenska vísu þarf lagabreytingu. Stuðningsmenn nýs kerfis benda hins vegar á að Svíar séu þegar farnir að vinna eftir slíku kerfi, til dæmis með síldarkvótum. **- ghs**

Vandræðin í Belgíu:

Vilja breytingar á stjórnarskrá

BELGÍA, AP Róttæka breytingu þarf að gera á stjórnskipan Belgíu til að tryggja bæði flæmskumælandi og frönskumælandi héröðum aukin sjálfstjórnarvöld.

Þetta er niðurstaða þriggja manna nefndar, sem sett var á laggirnar til að finna lausn á stjórnarkreppunni sem hefur lamað allt stjórnmálalíf í landinu síðan þingkosningar voru haldnar sumarið 2007.

Nefndin, sem skipuð er tveimur frönskumælandi þingmönnum og leiðtoga hins smáa þýskumælandi minnihluta landsins, telur hugmyndir sínar geta bjargað landinu frá því að klofna í tvö ríki. **- gb**

ÓBYGGÐANEFND Sætti landeigendur sig ekki við úrskurði óbyggðanefndar geta þeir höfðað mál, en slíkt hefur oft talsverðan kostnað í för með sér.

Landssamtök landeigenda:

Þurfa sjálfir að borga kostnað

DÓMSMÁL Landssamtök landeigenda hafa skrifað Geir H. Haarde forsætisráðherra bréf þar sem farið er fram á að hann beiti sér fyrir því að landeigendur þurfi ekki að bera kostnað af málaferlum vegna þjóðlendumála.

Í bréfi samtakanna segir að þrátt fyrir loforð stjórnvalda um að landeigendur ættu ekki að bera kostnað af málaferlunum hafi raunin verið önnur. Dómarar ákveði iðulega að greiða lægri kostnað en til falli. Verði ekki bætt úr sé stjórnarskrárvarinn eignarréttur ekki virtur að fullu.

Bréfið er dagsett 11. september, en í fyrradag höfðu engin svör borist frá forsætisráðherra. **- bj**

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti deiliskipulagsbreytingu fyrir Vegamótastíg 9:

Skuggavarp eykst á torginu

SKIPULAGSMÁL „Þessi útfærsla okkar eykur skuggavarp lítillega vegna þessarar óvenjulegu byggingar,“ segir Trausti Þór Sverrisson, íbúi á Vegamótastíg 9 og eigandi Efri-Vegamóta ehf. Hann hyggst reisa þriggja hæða nýbyggingu á reitnum auk kjallara og þá verður eldra hús, sem fyrir er á reitnum, endurbyggt sem turn ofan á nýbyggingunni. Borgarráð samþykkti nýlega deiliskipulagsbreytinguna.

Í Fréttablaðinu fyrir skömmu var vitnað í andmælabréf Andra Björnssonar, veitingamanns á Vegamótum, til skipulags- og byggingasviðs þar sem hann segir að skuggavarp muni koma til með að hafa mjög neikvæð áhrif á sölu í hádegi á Vegamótum.

„Mér finnst skipta máli að menn geri ekki úlfalda úr mýflugu,“ segir Trausti Þór. Í deiliskipulagi frá árinu 2002 hafi verið gert ráð fyrir skuggavarpi af húsum sem



SKUGGAVARP Myndin sýnir skuggavarp klukkan tólf á hádegi í maí og júlí miðað við deiliskipulag frá 2002 annars vegar og miðað við breytt deiliskipulag hins vegar. Örin á myndinni sýnir hvar port Vegamóta er.

það skipulag leyfði að byggð yrðu. Skuggavarp sem fylgi breyttu skipulagi sé óverulegt umfram það þó vissulega sé minna skuggavarp af núverandi byggingum.

Hann bendir á að klukkan 12 í maí og júní verði skuggavarp á um fimmtungi af veitingasvæði Vegamóta. Skugginn sé svo horfinn klukkan 13. „Ég held að það muni ekki hafa mikil áhrif á viðskipti þeirra,“ segir Trausti Þór. **- ovd**

VÖLDU NORÐURVÍKING Norski flugherinn sendi fimm orustuflugvélar á Norðurvíking við Ísland og á því ekki pening til að halda flugæfinguna Norðanvind í ár.

Æfing flughersins féll niður:

Féð fór allt í Norðurvíking

NOREGUR Norski herinn hefur ákveðið að fella í ár niður hina árlegu flugæfingu sem gengur undir heitinu Norðanvindur. Það er gert vegna fjárskorts.

Allir peningarnir sem herinn hafði til umráða til slíkra æfinga fóru, að sögn norska ríkisútvarpsins NRK, í þátttöku Norðmanna í æfingunni Norðurvíkingi sem haldin var hér við land í byrjun september. Norðmenn voru með fimm orustuþotur á æfingunni, Bandaríkjamenn fjórar og Kanadamenn sex. 400 manns tóku þátt í æfingunni.

Fyrirhugað var að halda flugæfinguna Norðanvind í Halkavarre, nyrst í Noregi, í haust. Haft er eftir talsmanni norska hersins að æfingunni hafi verið aflýst vegna þess að eldsneyti sé orðið svo dýrt. **- ghs**

MENNTUN

Styrkir til dansskóla

Menntamálaráðuneytið hefur auglýst eftir umsóknum um rekstrarstyrki til dansskóla sem kenna listdans samkvæmt aðalnámskrá fyrir listdansskóla. Styrkjunum er ætlað að efla framboð grunnnáms í listdansi.

WWW.UU.IS

Vetrarfrí á Kanarí

Þú sérð ekki eftir því

JÓNSSON & LE'MACKS • JÍS • SÍA

Paraiso Almendros

Skemmtileg íbúðagisting, skammt frá ströndinni á góðum stað á Ensku ströndinni. Góður sundlaugargarður með stórri laug og stórum nuddpotti

Verðdæmi: **67.341,-**

m.v. 2 með 1 barn í smáhýsi með 1 svefnherbergi í 1 viku 14. janúar. Verð á mann m.v. tvo fullorðna í stúdíó í 1 viku: 71.862,-

Barbacán Sol



Skemmtileg íbúðagisting, skammt frá ströndinni á góðum stað á Ensku ströndinni. Góður sundlaugargarður með stórri laug og stórum nuddpotti

Verðdæmi: **86.020,-**

m.v. 2 með 1 barn í íbúð með 1 svefnherbergi og morgunverði í 1 viku 14. janúar. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð með 1 svefnherbergi og morgunverði í 1 viku: 93.664,-

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Það er enginn vetur á Kanarí. Golfstraumurinn sér eyjunum fyrir stöðugri veðursæld - loftið er þurrt og hitastig stöðugt allt árið um kring. Kanarí hefur lengi verið vinsælasti vetraráfangastaður Íslendinga og býður Úrval-Útsýn fleiri gististaði á hverju ári. Vatnasport, verslunarferðir, diskótek og barir, allt blómstrar á Gran Canaria og Tenerife, áfangastöðum okkar í vetur.

Ódýrustu sætin bókast fyrst!

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS

skoðun

greinar@frettabladid.is

Innanbúðargagnrýni í Sjálfstæðisflokknum:

Pólitískt óvit

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Þegar Samfylkingin gekk inn í núverandi stjórnarsamstarf hafði hún á vissan hátt tekið fyrri stöðu Framsóknarflokksins sem fólst í því að geta samið af nokkrum styrk til beggja handa. Í ljósi reynslunnar var því rökrétt að álykta á þá leið að vinstri vængur Samfylkingarinnar væri líklegur til að ókyrrast á úthallandi kjörtímabili. Það gerðist gjarnan með stuðningsmenn Framsóknarflokksins þegar hann var af sömu stærð. Þetta á eftir að koma í ljós.

Nú þegar ríkisstjórnarsamstarfið er rétt rúmlega ársgamalt er það á hinn bóginn svo að formaður Sjálfstæðisflokksins sætir talsverðri gagnrýni innanbúðar fyrir að hafa gengið til samstarfs við Samfylkinguna. Reyndar bar lítið eitt á slíkri gagnrýni við upphaf samstarfsins. Á hinn bóginn hefur ekki enn komið upp á yfirborðið sams konar innri gagnrýni á formann Samfylkingarinnar fyrir að verja stjórnarforystu Sjálfstæðisflokksins. Þetta er um margt athygli vert í sögulegu samhengi.

Gagnrýnin á formann Sjálfstæðisflokksins er reist á þeirri röksemdafærslu að stjórnarsamstarfið hafi bjargað pólitísku lífi formanns Samfylkingarinnar og fyrir vikið blómstri bæði formaðurinn og flokkurinn í skoðanakönnunum. Rétt er að Samfylkingin hefur bætt sig í síðustu skoðanakönnunum meðan samstarfsflokkurinn hefur dalað. En eru þetta gild pólitísk rök gegn stjórnarsamstarfi?

Segja má að pólitík sé blanda af þremur gildum: Persónum, völdum og málefnum. Gagnrýni af þessum toga er algjörlega blind á málefni. Pólitísk umræða á þeim forsendum getur ekki leitt til skynsamlegrar niðurstöðu. Síst af öllu er unnt að loka augunum fyrir málefnagildunum þegar fjármálamarkaðurinn er í jafn miklu uppnámi og raunin er.

Eftir síðustu kosningar var samstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks óráð af tveimur ástæðum: Annars vegar var þingmeirihlutinn tæpur. Hins vegar var skynsamlegt að líta svo á að valda- og málefnagerjunin innan Framsóknarflokksins ætti fremur að fá útrás innan hans en á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

Málefnagjáin milli Sjálfstæðisflokks og VG hefði kallað á að stjórnarsáttmáli þeirra bæri yfirskriftina: Það sem ekki má gera. Þar hefði þurft að njörva niður að ekki mætti koma á nýju kerfi sjúkratrygginga, ekki yrðu leyfðir fleiri sjálfstæðir skólar, ráðstafanir til að tryggja öryggi landsins væru óheimilar á kjörtímabilinu og hagvöxtur með orkufrekum nýiðnaði skyldi stöðvaður. Slíkur sáttmáli hefði verið of dýru verði keyptur.

Evrópumálin eru trúlega vafningasamasta mál Sjálfstæðisflokksins eins og sakir standa. Stjórnarsáttmálinn bindur hins vegar Samfylkinguna við stefnu Sjálfstæðisflokksins í þessum efnum. Um skynsemi þess ákvæðis má deila. En á móti því verður ekki mælt að það gefur Sjálfstæðisflokknum allt eins meira rými til að glíma við málið á sama tíma og ríflega helmingur kjósenda hans styður aðildarviðræður í könnunum.

Að öllu þessu virtu væri við ríkjandi aðstæður pólitískt áhættusamara til framtíðar litið fyrir Sjálfstæðisflokkinn að hafa Samfylkinguna lausbeislaða í stjórnarandstöðu. Ljóst er því að innanbúðargagnrýnin á formann Sjálfstæðisflokksins fyrir samstarfið við Samfylkinguna á rætur í einhverju öðru en pólitísku viti.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Eðalbloggið
Einar Ben. Þorsteinsson Eyjubloggari segir frá því á síðu sinni að Hallgrímur Thorsteinsson, ritstjóri Eyjunnar, hafi gert athugasemdir við skrif sín um Egil Helgason, sem hann kallar„gullkálf" Eyjunnar. Hallgrímur sér sig knúinn til að svara Einari á síðu sinni og kvartar yfir því að Einar hafi með þessum skrifum sínum rofið trúnað.

Gullkálfurinn
Í athugasemdum við færslu Hallgríms svarar Egill sjálfur gagnrýninni og fer ekki dult með álit sitt á Einari. „Hins vegar er ekki launungarmál að mér finnst Einar ekki vera höfundur af því kalíberi að hann eigi að vera á Eyjunni. Ég veit reyndar ekkert um þennan dreng, en mér finnst það sem hann segir hvorki skemmtilegt né markvert. Er hann ekki aðallega að skrifa um enska boltann?" skrifar Egill. Þá er spurning hvort skrif Egils um unaðssemdir eyjalífs í Grikklandi eða skoðanir barna á hinu og þessu séu af meira kalíberi en skrif um enska boltann. Dæmi hver fyrir sig.

Ekki búnaðði
Meira af trúnaðarsamtölum. Dagbókarfærslur Matthíasar Johannesen, fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins, hafa vakið mikla athygli og þá sér í lagi að í færslum sínum skuli Matthías vitna til þess sem menn hafa talið sig segja honum í trúnaði. Þórarinn Eldjárn rithöfundur tekur á þessu í ljóði á heimasíðu Forlagsins undir fyrirsögninni Í tilefni af dagbók Matthíasar: „Feginn varð ég, vitið þið, að vera ekki búnaðði, að ræða málin meira við, Matthías í trúnaði."

olav@frettabladid.is

Margt er líkt með skyldum

Eftir Helgu Jónsdóttir

Norðurlöndin hafa sérstöðu í hópi ríkja heims. Velmegun er almennari en annars staðar, félagslegur jöfnuður og jafnrétti meira, menntunarstig hátt, blómstrandi menningarlíf og áhersla á virðingu fyrir náttúru og umhverfi. Gegnsæi og jafnræði í stjórnkerfi og stjórnsýslu er meira en annars staðar. Þegar Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) ber saman lífsgæði landa á milli eru Norðurlöndin í efstu sætum ár eftir ár. Gæfa Íslands er sú að tilheyra þessum þjóðahópi og fá notið stefnu, strauma og verka þar. Norðurlandaþjóðirnar hafa virka og faglega utanríkisþjónustu. Hagsmunamat hjá sérfræðingum í öllum löndunum hefur verið að þjóðirnar skuli taka þátt í samstarfinu og samrunaferlinu í Evrópu. Norðmenn hafa að vísu tvisvar fellt slíka tillögu ríkisstjórnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Sú niðurstaða er liður í því virka lýðræði sem íbúar Norðurlandanna búa við. Takist ríkisstjórn ekki að færa íbúum nægilega sannfærandi rök fyrir því að taka þátt í Evrópusamrunanum verður ekki af því. Rökræða um þessi mál hefur þó átt sér stað, ólíkt því sem verið hefur hér á landi. Ég vona að nú sé að verða breyting þar á.

Kostir

Ég held að helstu kostir Evrópusambandsaðildar fyrir Ísland felist í því að tryggja áframhaldandi virkt samstarf við þá sem okkur eru skyldastir. Við verðum fullgild í sameiginlegri stefnumótun á þeim sviðum þar sem Evrópa er sterkari sameinuð en skipt í einstök þjóðríki. Gagnrýni þess efnis að íslensk rödd muni ekki heyrast vegna smæðar á samkvæmt minni reynslu ekki við rök að styðjast. Sameinuð eru Norðurlöndin sterkt afl á alþjóðavettvangi, þau búa sig vel undir umræðu, taka fullan þátt í henni og njóta þess að stjórn mála heima fyrir þykir oftar en ekki til eftirbreytni. Innan Norðurlandahópsins njóta Íslendingar jafnræðis í þeim málum þar sem þeir undirbúa sig vel og geta lagt þekkingu og góða reynslu af mörkum. Fyrir íslenskt þjóðfélag er sú þekkingaröflun og þekkingaryfirfærsla sem felst í Evrópusambandsaðild mikilvæg. Einangrun lítillar þjóðar, þegar aðrir treysta á samstarf og samvinnu, hlýtur að vera hættuspil. Landamæri vernda ekki hagsmuni þjóðríkjanna þegar váin sem að steðjar virðir ekki landamæri. Hvernig standa einstök þjóðríki best að vörslu hagsmuna sinna varðandi loftslagsbreytingarogönnurumhverfismál, viðskipti með eiturlyf, peningaþvætti, hryðjuverk, mansal, klám o.s.frv.? Ef undan EES-samstarfinu fjarar með stuttum fyrirvara gæti staða Íslendinga orðið mjög erfið.

Gallar

Gallar Evrópusambandsaðildar sem oftast eru nefndir lúta annars vegar að fullveldi Íslands, þ.e. að valdið færist til Brussel, og hins vegar að stjórn fiskveiða. Ég er sannfærð um að við stöndum betur vörð um fullveldi okkar og ákvarðanatökurétt með fullri þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem hvort eð er hafa áhrif hér á landi. Því minni sem einangrun okkar er þeim mun betur stöndum við vörð um fullveldi og stjórn auðlinda. Það eru einmitt smáríki, sem byggja allt sitt á alþjóðlegum viðskiptum, sem hafa meiri hagsmuni en nokkur önnur af skýrum reglum í samskiptum.

Það er mikið umhugsunarefni fyrir Íslendinga hversu dregist hefur að koma af stað hjá þjóðinni faglegri og góðri umræða um þessi mál. Í umræðunni er þörf á fagþekkingu hvort heldur er stjórnvalda, faglegra samtaka, háskólastofnana eða einstaklinga. Fjölmiðlar hafa hlutverki að gegna í að tryggja vandaða greiningu og óhlutdrægni í slíkri umræðu. Ein grundvallarspurningin, sem sjaldan er velt upp, er hver Evrópuhugsjónin er. Hvaða gildi liggja til grundvallar í ESB og aðhyllumst við þau? Þar getum við ekki bara horft á einstaka þætti heldur heildarmynd. Er eitthvað í sáttmálunum sem kenndir eru við Róm, Maastricht eða Kaupmannahöfn, sem er okkur öndvert eða viljum við halda þeim markmiðum sem þar eru tíunduð á lofti? Svo getum við velt fyrir okkur hagsmunum og ávinningi. Munu markmiðin um efnahagslegan stöðugleika nýtast okkur? Er vernd í gjaldmiðilssamstarfinu, er lýðræðishugsunin og aðhaldið að ríkisvaldi æskilegt? Opnar aðildin fleiri möguleika fyrir íslenska námsmenn, atvinnulíf og menningu?

Ég fagna hvatningu Fréttablaðsins til umræðu um þessi mál. Persónulega lít ég svo á að við eigum undanbragðalaust að búa okkur undir aðild að Evrópusambandinu. Því fyrr sem við náum tökum á því sem til aðildar þarf – efnahagslega og stjórnskipulega – þeim mun farsælli verður framtíðin. Eftir engu er að bíða – brýnum spurningum verður ekki svarað nema í viðræðum um fulla aðild Íslendinga að Evrópusambandinu. Það þjónar engum tilgangi að velta endalaust fyrir sér hvort svörin verða þau sem við viljum eða ekki – á það verður einfaldlega að reyna.

Höfundur er bæjarstýra í Fjarðabyggð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

EINSTÖK UPPLIFUN

GB Ferðir bjóða mikið úrval skíðaferða veturinn 2008-2009. Eftir vel heppnaðan vetur 2007-2008 höfum við valið vinsælustu gististaðina fyrir komandi vetur.

Við höfum bætt við nýju hóteli í Aspen, Limelight Lodge, sem er fyrsta nýja hótelið í Aspen um áraraðir.

GB FERÐIR
www.gbferdir.is

ASPEN/SNOWMASS • VAIL • BEAVER CREEK • BRECKENRIDGE

WWW.ICELANDAIR.IS Samstarfsaðili GB ferða

Nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000

Hannaði legstein fyrir Rabba

Þjóðin fylgdist með hetjulegri baráttu tónlistarmannsins Rabba við MND-sjúkdóminn sem dró hann til dauða fyrir fjórum árum. **Friðgerður Guðmundsdóttir**, ekkja Rabba, stóð eins og klettur við hlið eiginmanns síns og fylgdi honum fram á síðasta dag. Hún segir *Lofti Atla Eiríkssyni* frá lífinu eftir Rabba en hún er að skapa sér nafn sem hönnuður og fannst ekki annað koma til greina en að hanna sjálf legsteininn á leiði eiginmanns síns.

FRIÐGERÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR Eftir því sem líf Rabba fjaraði út þvarr kraftur hennar. Hún endurskoðaði stöðuna og ákvað að hefja nám í hönnun, ákvörðun sem hún er mjög sátt við enda hafi námið átt huga hennar allan. MYND/LOFTUR ATLI

> Ég held að það hafi verið hluti af því að ég brann upp að ég lokaði inni svona mikla sorg. Maður leyfir henni ekki að koma fram á meðan maki manns er enn til staðar. Við vorum ákveðin í að njóta hverrar stundar en samt var þessi nagandi sorg alltaf undirliggjandi.

Ég ákvað að skella mér í hönnunarnám en ég var reyndar byrjuð í Iðnskólanum í Hafnarfirði áður en Rabbi dó. Ég lét gamlan draum rætast og fór í Listaháskólann því mig langaði alltaf að læra hönnun en lífið leiddi mig annað. Ég held samt að það séu engar tilviljanir og ég hafi átt að gera þetta allt. Ég fór að kenna fötluðum börnum og það var undirbúningur undir það sem átti seinna að verða. Það er aldrei of seint að fara að læra það sem mann langar til og nú er ég næstum búin með námið þótt ég hafi ákveðið að taka það á aðeins lengri tíma en ætlað er því mér liggur ekkert á," segir Friðgerður þegar við setjumst niður einn sólríkan dag í sumarbústað hennar í Tunguskógi inn af Ísafirði.

„Ég er búin með allan verklega hlutann og sýndi útskriftarverkefnið mitt á Kjarvalsstöðum á útskriftarsýningu Listaháskólans í vor. Það voru einingar úr bylgjupappa sem Kassagerðin framleiddi fyrir mig. Mig vantaði bara nokkur eintök en varð að panta 1.000 stykki í hverjum lit. Ég gerði þrjá liti og var því með vörubretti á sýningunni með 3.000 einingum af pappakössum sem ég hafði ekki hugmynd um hvað ég átti að gera við. Síðan mætti Eyjólfur í Epal við upphaf sýningarinnar og bauðst til að kaupa af mér lagerinn minn." Fyrir hönnuð sem er að taka sín fyrstu skref er vart hægt að hugsa sér meiri viðurkenningu og skilrúm Friðgerðar eru nú til sölu í Epal og á leið á hönnunarsýningar erlendis.

En hvers vegna skilrúm sem lokaverkefni? „Upphaflega hugmyndin varð til uppi í Listaháskóla þar sem margir eru að vinna í sama rými og alltaf er verið að slást um þau örfáu skilrúm sem til eru og eru handónýt og ljót. Ég hugsaði því skilrúmin inn í vinnustúdíó en fólk hefur verið að nota þau heima í stofu og víðar. Mér fannst mikil viðurkenning og heiður að Eyjólfur skyldi kaupa þau af mér því hann fylgist vel með og fáir hafa jafn mikið vit á hönnun og hann."

Keyrði mig í kaf

Þegar Rabbi greindist með MND var þekkingin á sjúkdómnum mjög takmörkuð á Íslandi og þau Friðgerður helltu sér út í að afla sér upplýsinga um þennan banvæna taugasjúkdóm. „Ég var á kafi í MND-félaginu með Rabba því þegar hann greindist var ekki til stafur um MND á íslensku," segir hún. „Ég var svo forvitin og vildi vita sem mest um sjúkdóminn þannig að ég fór á fullt í að afla mér upplýsinga. Ég þýddi allt það efni sem ég komst yfir og gaf út tvö blöð á ári í tíu ár um MND. Ég setti upp heimasíðu samtakanna og gaf út bæklinga sem voru ætlaðir heilbrigðisstéttum jafnt sem almenningi því fólk vissi ekkert hvað þetta var. Ég hellti mér í þetta af fullum krafti og tók líka á móti nýgreindu fólki og fjölskyldum þess."

Rabbi þjáðist af MND í 18 ár og allt fjölskyldulífið snerist um sjúkdóm hans. Eftir því sem honum hrakaði mæddi meira á Friðgerði sem tileinkaði sig umönnun eiginmanns síns. Rabbi var miklu meira en maki í hefðbundnum skilningi því líf hans og barátta varð þungamiðjan í lífi Friðgerðar. Eiginlega er nánast útilokað að svara því en hvernig tekst manneskjan á við það þegar hún hefur tileinkað líf sitt öðrum með þessum hætti og hvað er eftir þegar því lýkur?

„Það breyttist allt eftir að Rabbi greindist með MND," segir Friðgerður. „Það er svo skrýtið að ég vissi það 27 ára gömul að maðurinn minn væri að deyja frá mér og hann var þá 32 ára. Við vorum svo ung en við vissum að frá dauða hans var engin undankomuleið. Við héldum að þetta yrðu þrjú ár og kannski í mesta lagi fimm ár sem hann myndi lifa og því fylgdi auðvitað mikil sorg. Við vorum með þrjá stráka og hann átti eina dóttur fyrir en samt leyfði maður sér ekki að syrgja af því að lífið er hér og nú.

Ég held að það hafi verið hluti af því að ég brann upp að ég lokaði inni svona mikla sorg. Maður leyfir henni ekki að koma fram á meðan maki manns er enn til staðar. Við vorum ákveðin í að njóta hverrar stundar en samt var þessi nagandi sorg alltaf undirliggjandi. Auðvitað setti þetta sitt mark á okkur öll en Ragnar var bara nýfæddur þegar pabbi hans var greindur. Hann vissi alltaf að pabbi hans kæmi til með að deyja frá honum, en Ragnar er mjög andlega tengdur og var alveg viss um að Rabbi færi ekki fyrr en hann væri orðinn unglingur."

Eftir því sem líf Rabba fjaraði út þvarr kraftur Friðgerðar. „Ég keyrði mig út og eiginlega alveg í kaf þremur árum áður en Rabbi dó. Það var ágætis tímapunktur fyrir mig að hugsa um hvað mig langaði að gera. Ég fór í þetta nám og held að það hafi bjargað mér mjög mikið því námið hefur átt hug minn allan. Strákarnir okkar eru líka yndislegir og þeir hafa veitt mér mikla lífsfyllingu. Þeir eru á fullu í tónlistinni og ég fylgist vel með því. Ég elti þá á rokkhátíð til Englands í sumar og tók yngsta strákinn, sem er fjórtán ára, með. Þetta var bara metal í tjaldi. Við sáum KISS, Judas Priest og fleiri góða sem var mjög gaman. Líf mitt snýst því enn að mestu um drengina mína og skólann en hann er svona „mitt" ef þannig má að orði komast."

Síðustu árin voru yndisleg

Lát Rabba skildi eftir sig mikið tómarúm í lífi Friðgerðar þrátt fyrir að þau hafi alltaf vitað hvert stefndi og örlög hans væru óumflýjanleg. „Fyrstu tvö árin eftir að Rabbi dó fannst mér ég alltaf þurfa að flýta mér heim og var eiginlega ekki róleg neins staðar," segir hún. „Rabbi átti svo erfitt með að vera einn heima seinustu árin og mér fannst því svo skrýtið að verða einhvern veginn frjáls eftir að hann var farinn. Breytingin er gífurleg en ég hef verið mjög róleg og fer lítið út að skemmta mér. Ég þarf að hugsa mikið um heilsuna því ég var gjörsamlega útbrunnin á sál og líkama og stóð ekki í lappirnar. Það lagaðist sem betur fer en síðustu árin okkar Rabba voru alveg yndisleg.

Undir svona kringumstæðum er það fjölskyldan sem skiptir mestu máli þannig að við vorum bara öll saman að njóta samvistanna. Þegar svona steðjar að þá er okkur gefið að geta hugsað um hvað það er sem skiptir máli. Ef Rabbi hefði farið snögglega hefðum við aldrei haft þennan tíma til að njóta þess að vera til. Við fengum því kannski meiri tíma til að vera saman en margir aðrir sem eru lengur í hjónabandi," segir Friðgerður þakklát þrátt fyrir allt.

Hún var bara sautján ára þegar þau Rabbi byrjuðu saman en hann var fimm árum eldri. „Þó að hann hafi dáið ungur bjó ég lengur með honum en ég var í foreldrahúsum og meira en helminginn af ævinni," segir hún. „Við erum bæði frá Ísafirði og hann að hluta til frá Súgandafirði en við kynntumst hérna. Ég var bara smástelpa þegar hann var byrjaður að spila og fékk alveg stjörnur í augun að sjá þessa fínu hljómsveit með flotta trommaranum. Við vorum vissulega búin að taka eftir hvort öðru talsvert löngu áður en við byrjuðum saman."

LEGSTEININN Friðgerður teiknaði legsteininn og fór svo upp í fjall til að finna rétta steininn.

Hannaði sjálf legsteininn

Friðgerður og Rabbi héldu alltaf mikilli tryggð við Vestfirði og Rabbi var ákveðinn í að fá að hvíla í kirkjugarðinum á Ísafirði. „Hann var orðinn þreyttur og tilbúinn að fara," segir Friðgerður þegar hún rifjar upp dánardag Rabba í fullkominni yfirvegun og sátt. „Daginn sem hann dó var byrjað að mixa plötuna hans og það voru forsetakosningar en þegar hann vaknaði um morguninn sagði hann: „Þetta verður góður dagur." Við vissum að þetta væru síðustu dagarnir en það er gott að geta dáið með því hugarfari að vera sáttur. Það er yndislegt og ekki öllum gefið þó að þeir fái fleiri daga." Friðgerður hannaði sjálf mjög persónulegan legstein fyrir Rabba úr gleri og steini og í honum tókst henni að túlka bæði andann og efnið á einfaldan og táknrænan hátt.

„Mér fannst aldrei annað koma til greina en að hanna legsteininn hans sjálf því við gerðum allt sjálf," segir hún. „Rabbi var allan tímann heima, dó þar og við vorum með kistulagninguna heima. Við áttum stóran bíl fyrir fatlaða og ókum með hann í kistunni hingað vestur. Þetta var allt svo heimilislegt hjá okkur þannig að ég gat ekki hugsað mér að fá eitthvert fyrirtæki til að búa til legsteininn.

Ég teiknaði legsteininn í bústaðnum og fór síðan upp í fjall til að finna rétta steininn. Ég setti hann í kerru og hann var sagaður samkvæmt óskum mínum. Síðan fékk ég aðstöðu hjá Dagnýju Þrastar listakonu og skar og sandblés glerið. Að sjálfsögðu naut ég faglegrar ráðgjafar en við þetta allt fannst mér ég vera að binda endahnútinn á þetta ferli. Þetta var tilfinningalegt hjá mér og einhver lokapunktur sem skipti mig miklu máli. Ég gat ekki þvingað fram að gera þennan stein. Þetta var bara ferli sem ég þurfti að ganga í gegnum til að vaxa frá þessu. Það hefur allt sinn tíma, efnið og andinn, það þýðir ekkert að pressa á eitt eða neitt."

BÓKA LAGERSALA

30-90% afsláttur

GARÐATORGI – GARÐABÆ LAGERSALA

LAGERSALA OPIÐ ALLA DAGA KL. 11–19

- Allir sem versla á markaðnum fá vandaða bók í kaupbæti.
- Öll börn sem koma á markaðinn fá óvæntan glaðning.
- Allir sem versla fyrir meira en 10.000 krónur fá að gjöf bókina *Veður og umhverfi*, í þýðingu Unnar Ólafsdóttur veðurfræðings, eða *Ekkjuna* eftir Stephen King.

5.990 kr.
54% afsláttur

390 kr.
90% afsláttur

1.990 kr.
40% afsláttur



890 kr.
80% afsláttur

1.490 kr.
30% afsláttur

2.490 kr.
45% afsláttur

1.990 kr.
30% afsláttur

8.995 kr.
40% afsláttur

TAKMARKAÐ MAGN

895 kr.
80% afsláttur

2.490 kr.
38% afsláttur

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Við rýmum fyrir jólabókunum – komdu og gerðu góð kaup

Kreppa eða góðæri, enginn munur

Margir vilja meina að hljómsveitin FM Belfast sé næsta útflutningsvara Íslands í poppinu enda hafa lögin sem sveitin hefur sent frá sér gefið í skyn að eitthvað meiri háttar sé í vændum. Fyrsta plata hljómsveitarinnar, How To Make Friends, kemur út í október. *Dr. Gunni* tók hús á **Lóu Hjálmtýsdóttur** og **Árna Rúnari Hlöðverssyni**, parsins sem skipar hljómsveitina með vinum sínum.

Lóa er 29 ára og Árni er 26. Hann er iðulega kallaður Árni Plúseinn. Þau eru búin að vera saman í þrjú ár. Fyrir utan að syngja með FM Belfast teiknar Lóa skrípó, meðal annars teiknimyndasögur sem hafa að undanförnu birst í auglýsingum Strætós. Lóa afgreiðir á veitingastaðnum Santa María en Árni er „bara“ í tónlistinni. Þau búa í leiguíbúð í 101. Þeim hefur aldrei verið boðið í Innlit/útlit.

Þau tvö og Árni Vilhjálms eru í FM Belfast en Örvar í múm hefur smám saman verið að færa sig upp á skaftið innan sveitarinnar. Þau syngja öll en Árni plúseinn sér um að tónlistin skili sér úr tölvunni. Meðlimafjöldi er rokkandi, stundum hafa þau verið allt upp í átta á sviðinu. Stofnun hljómsveitarinnar átti sér stað skömmu eftir að Árni og Lóa byrjuðu saman.

„Ég hef aldrei þorað að segja þessa sögu áður því það á enginn eftir að trúa henni,“ segir Árni um það hvernig þau Lóa kynntust. „Ég var í Sirkusportinu að gera lög fyrir fimm hundruð kall. Fólk kom og talaði í míkrófón og svo bjó ég til lag úr því og setti á disk.“

„Vinur minn var á næsta bás að selja DVD og teiknimyndasögur og píndi mig til að láta hann gera lag fyrir mig,“ segir Lóa. „Ég á lagið enn þá en það er satt að segja ekkert spes!“

„Svona viku seinna sáumst við aftur í Bónus á Laugavegi,“ segir Árni. „Og Árni Vilhjálms var með mér og fór að rugla í mér enda höfðum við verið að ræða hana.“

„Árni Vil fór að labba eitthvað geðveikt nálægt fyrir aftan mig og kalla á Árna og benda eitthvað,“ segir Lóa. „Ég var á leiðinni að fara að kaupa mér ógeðslega mikið af nammi, alveg barnaafmælisskammt, en hætti við út af þeim og endaði með að kaupa bara eina krukku af sykurlausri bláberjasultu. Þessi sulta var til í tvö ár inni í ísskáp.“

„Við vorum farin að búa saman nokkrum mánuðum seinna og það var ég sem kláraði úr sultukrukkunni!“ segir Árni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HITTUST Í SIRKUSPORTINU, SMULLU Í BÓNUS Árni Plúseinn og Lóa í FM Belfast voru farin að búa saman nokkrum mánuðum eftir að þau hittust fyrst.

Prósentur af nælu

Árni var hættur að drekka áður en hann kynntist Lóu. Af hverju eru allir svona miklar fyllibyttur hérna?

„Er þetta ekki alls staðar svona?,“ spyr Árni á móti. „Síðasta vetur þegar við bjuggum Í New York sá maður að maður getur valið svo rosalega mikið. Þetta er svo stór heimur. Hér ertu bara með Laugaveginn og allir deila því áhugamáli. En ætli maður sé ekki bara vinnualki í staðinn. Tónlistin er bara það skemmtilegasta sem ég veit.“

„Hann var alveg kominn með „cabin fever“ þarna úti,“ segir Lóa. „Þegar ég kom einu sinni heim úr skólanum var hann búinn að innrétta stúdíó inni í ameríska fataskápnum. Ég var farinn að hafa áhyggjur af honum. Hann þurfti kannski að sýna mér þrjú lög þegar ég kom heim úr skólanum.“

Árni hefur lengi haft mörg járn í eldinum. Játar að kunna lítið sem ekkert á hljóðfæri en var byrjaður sextán ára að búa til tónlist með tölvu. Hann var á tímabili í Motion Boys en er nú auk FM Belfast í hljómsveitinni Hairdoctor sem er að klára plötu um þessar mundir. Svo gaf hann nýlega út sólóplötu undir listamannsnafninu Hungry and the Burger. Plötuna gerði hann með forláta skemmtara sem hann fann í New York. En hér er FM Belfast til umræðu. Fyrir þá sem aldrei hafa heyrt í ykkur: Hvernig tónlist er þetta?

„Við erum agalega hress hljómsveit,“ segja þau bæði og leggja áherslu á hressleikann. „Þetta er

> Viðkvæðið hjá flottræflunum var: Ég fæ bráðum borgað fyrir verkefni – eigum við ekki að fara út að borða? Og ég var bara: Nei nei, eigum við ekki bara að kaupa baunir og gera popp í potti í staðinn, ha?

Hve mikil hætta stafar af hlýnun jarðar?
Hver verða áhrifin á Íslandi?

Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Sjóvá standa fyrir málþingi um loftlagsbreytingar af mannavöldum og áhrif þeirra.

Miðvikudaginn **1. október** kl. 8:30 til 10:30 í **húsi Orkuveitu Reykjavíkur**, Bæjarhálsi 1.

- **Capital, Catastrophe and Climate Change**
  Dr. Rowan Douglas, yfirmaður alþjóðaagreiningardeildar Willis Re og formaður Willis Research Network
- **Hnattrænar loftlagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi**
  Dr. Halldór Björnsson, formaður vísindanefndar umhverfisráðuneytisins um loftlagsbreytingar
- **Áhrif hlýnunar á byggingarefni og mannvirki á Íslandi**
  Rögnvaldur Gíslason, efnaverkfræðingur og vottunarstjóri á Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- **Climate Change: Risks and Opportunities from a Reinsurer's Perspective**
  Ernst Rauch, yfirmaður deildar um veðurfarslegar áhættur hjá Munich Re endurtryggingarfélaginu í Þýskalandi.

Umhverfisráðherra **Þórunn Sveinbjarnardóttir** mun flytja ávarp.

Málþingið fer fram á ensku.

Allir velkomnir - skráning á *frettir@nmi.is*.

SJÓVÁ

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

rafmagnspopp, en ég hlusta samt ekkert á þannig tónlist," segir Lóa.

En hvað með næsta skref? Þurfa ekki útlendir útgefendur með spikfeit veski að stökkva á bandið til að koma því á næsta borð í meikspilinu?

„Jú, jú," segir Árni og dregur seiminn. „Við erum samt búin að vera að bíða rosalega mikið. Helst út af því að einhverjar plötuútgáfur hafa haft áhuga á okkur og viljað gera eitthvað sem hefur svo tafist. Í þeim bransa eru allir í þunglyndi um þessar mundir. Nú erum við á því að gera þetta sjálf og drífa bara í því. Til hvers að bíða? Samningarnir eru hvort sem er orðnir alveg svakalega óhagstæðir fyrir listamennina."

„Þeir vilja fá prósentur ef þú selur nælu," skýtur Lóa inn í.

„Við ákváðum því bara að gera þetta sjálf og ef einhver vill hjálpa til, þá frábært," botnar Árni.

Barnaspítalinn ókei

Einu sinni var tónlistarbransinn einfaldur. Bönd gáfu út plötur og fóru í tónleikaferðir. Nú er allt upp í loft út af stafrænni dreifingu og nýjum leiðum. Árna og Lóu finnst eins og tónlistarfólk sé í auga hvirfilbylsins og framtíðin eigi eftir að skýrast.

„Fyrir okkur eru tónleikar miklu hagstæðari en plötur en við þurfum svo sem að gefa eitthvað út til að geta spilað, svo þetta helst í hendur," segir Árni.

En er ekki aðalpeningurinn í að selja í auglýsingar?

„Jú, og ég hef gert slatta af því þótt það hafi ekki verið hringt í dálítinn tíma núna."

„Mér finnst svolítið tæpt að selja lög í auglýsingar ef þau hafa komið út áður," segir Lóa, „Maður finnur það bara sjálfur þegar maður heyrir eitthvað ... æi!"

„Það skiptir líka máli hver er að auglýsa. Ef Barnaspítali Hringsins vildi auglýsa með FM Belfast þá held ég að það myndi ekki skemma neitt fyrir neinum."

Reiður yfir pólitík

Listin gengur fyrir hjá Árna og Lóu. Hljómsveitin spilaði í London í gærkvöld á upphitunargiggi fyrir Airwaves. Þaðan liggur leiðin um Evrópu í stuttan tónleikatúr. Þau setja upp svip þegar ég spyr þau um barneignir. Þær eru greinilega ekki á teikniborðinu. Lóa og Árni eru heldur ekki fólk sem liggur yfir Silfri Egils og hefur áhyggjur af stöðu krónunnar.

„Æi, ég verð alltaf svo reiður þegar ég fer að pæla í pólitík því mér finnst svo margt asnalegt," segir Árni. Systir hans er Samfylkingarforkólfurinn Bryndís Ísfold og Lóa þolir ekki þegar systkinin hittast. „Ég er farin að banna þeim að tala um verndun gamalla húsa því þau verða alltaf svo tryllt."

Nú er víst bullandi hallæri – finnið þið fyrir því?

„Ég hef ekki átt pening í tíu ár svo ég finn engan mun," játar Lóa. „Ég held nú bara að allir séu á leiðinni niður á okkar „level"."

„Það eru meira að segja nokkrir jákvæðir punktar við þessa svokölluðu kreppu," bætir Árni við. „Kolaportið er til dæmis miklu skemmtilegra en það var því allir eru að hreinsa út úr kompunum."

„Fólk var leiðinlegra í „góðærinu" og allt var útþynntara," segir Lóa. „Auglýsingar voru leiðinlegri og allt var eitthvað lífsstíls bla bla. Fólk að kaupa hrognakrem á tíu þúsund kall. Ég þekki marga flottræfla og ég hef upplifað mig sem mjög leiðinlega í mörg ár því ég hef ekki viljað lifa um efni fram. Viðkvæðið hjá flottræflunum var: Ég fæ bráðum borgað fyrir verkefni – eigum við ekki að fara út að borða? Og ég var bara: Nei nei, eigum við ekki bara að kaupa baunir og gera popp í potti í staðinn, ha?"

„Framtíðin verður æðisleg," lýsir Árni yfir af heilhug og Lóa er sammála: „Já, og ég mæli með að fólk lesi blöðin aftan frá og hætti að lesa lengra en að teiknimyndasögunum. Allt fyrir framan þær er bara eitthvert niðurdrepandi rugl um barnaníðinga og kreppu."

Árni og Lóa: Hvað er best?

Besta platan? Hrekkjusvín.

Besta lagið? Þorparinn.

Bestu tónleikarnir? Árni segir Kraftwerk / Lóa segir Tindersticks.

Besta bókin? Lóa segir A Fun Home / Árni segir: hvað er það?

Besta tímaritið? Árni segir Make Magazine / Lóa segir Drawn and Quarterly.

Besta bíómyndin? Lóa segir Young Poisoners Handbook / Árni segir Ghostbusters.

Besti veitingastaðurinn? Santa Maria.

Bestu kaupin? Bilaður myndvarpi sem við fengum í Kolaportinu fyrir 3.000 kall. Árni lagaði hann og nú getum við horft á myndir í bíóstíl heima.

Besta tækið? Nintendo DS.

Besta vefsíðan? Árni segir www.createdigitalmusic.com / Lóa segir Youtube.

Best í heimi? Kreppan.

SUZUKI Way of Life!

Aktu á visthæfum bíl og fáðu frítt í stæði*

Hugtök Markaðsráðgjöf Sept. 08

Sparaðu með visthæfum SUZUKI Splash

Suzuki Splash er nýjasti meðlimurinn í Suzuki fjölskyldunni. Gott rými, hátt aðgengi, góðir aksturseiginleikar og lítil eyðsla gera Splash að frábærum kosti í borgarumferðinni. Eyðslan er aðeins 4,9 l á 100 km og CO2 útblásturinn aðeins 119 g á km. Verðið er svo í algjörum sérflokki.

Verð kr 1.790.000

* P 90 min.

Grænn skref í Reykjavík Visthæfur bíll

SUZUKI Swift Diesel er visthæfur og margverðlaunaður kostur

Swift diesel er einstaklega vel búinn, aflmikill og lipur bíll. Háþróuð 75 hestafla dieselvélin er hljóðlát og eyðslan er aðeins 4,4l á 100km í blönduðum akstri. Suzuki Swift hefur fengið góðar viðtökur á Íslandi sem annarstaðar og er þekktur fyrir góða aksturseiginleika og hagkvæman rekstur. Svo spillir ekki útlitið og verðið.

Verð kr. 2.140.000

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

BILL MURRAY LEIKARI ER 58 ÁRA

„Ég vil ekki vera þessi gaur sem muldrar ofan í drykkinn sinn á barnum.“

Bill Murray er þekktur fyrir að hafa munninn fyrir neðan nefið en hann hefur leikið í fjölmörgum kvikmyndum, jafnt gamanhlutverk sem alvarleg. Meðal kvikmynda sem hann hefur leikið í eru Groundhog Day og Lost In Translation.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 21 SEPTEMBER 1937

Hobbitinn eftir Tolkien kemur út

Ævintýraskáldsagan Hobbitinn eftir breska rithöfundinn J.R.R. Tolkien kom út þennan dag fyrir 71 ári. Bókin fjallar um leiðangur hobbitans Bilbó Bagga sem hann tekst á hendur með þrettán dvergum og galdramanninum Gandálfi til Fjallsins eina þar sem þeir ætla að endurheimta fjársjóð úr höndum drekans Smeygins.

Tolkien reiknaði aldrei með því að bókin næði einhverjum vinsældum en hann skrifaði hana fyrir börnin sín nokkrum árum áður en hún kom út.

Fyrir slysni ratаði sagan inn á borð hjá starfsmanni útgáfufyrirtækisins George Allen & Unwin sem gáfu Hobbitann út árið 1937. Í ljós kom að bókin náði vel til fullorðinna lesenda ekki síður en barna og varð svo vinsæl að útgefandinn fór fram á framhald. Tolkien skrifaði þá Hringadróttinssögu. Hann var yfir áratug að koma bókinni saman og hugsaði sér hana í upphafi sem barnabók í beinu framhaldi af Hobbitanum. Þegar leið á vinnslu bókarinnar varð hún þó á myrkari og alvarlegri nótum. Hringadróttinssaga kom út í þremur bindum á árunum 1954 til 55 og náði strax gífurlegum vinsældum.

Tolkien settist í helgan stein árið 1959 og lést árið 1973 tveimur árum á eftir konu sinni Edith.

MERKISATBURÐIR

1919 Reykjanesviti skemmist í jarðskjálfta

1936 Franska herskipið l'Audacieux kemur til Reykjavíkur en það er næsthraðskreiðasta skip í heimi

1963 Eiríkur Kristófersson skipherra fær æðstu orðu sem Bretar veita erlendum mönnum, meðal annars fyrir björgun breskra sjómanna

1985 Óperan Grímudansleikurinn eftir Verdi er frumsýnd í þjóðleikhúsinu. Kristján Jóhannsson er meðal flytjenda

1996 John F. Kennedy yngri giftist Caroline Bisset

1964 Malta fær sjálfstæði undan yfirráðum Bretlands

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þóra Rannveig Sigurðardóttir,
Marklandi 2, Reykjavík,

lést á kvennadeild Landspítalans laugardaginn 13. september.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 22. september kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeildina í Kópavogi og Krabbameinsfélag Íslands.

Sigrún Þórarinsdóttir **Ólafur Þór Kjartansson**
Sigurður Þórarinsson
Helga Sigríður Þórarinsdóttir
Edda Ólafsdóttir **Rúnar Helgason**
Þóra Ólafsdóttir **Vignir Óðinsson**
Óli Valur Ólafsson
Ásbjörn Þórarinn Sigurðsson
Helga Þóra Siggeirsdóttir
Viktoría og Adam Fannar Vignisbörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir og afi,

Jóhann Ólafsson Riba
rafvirkjameistari,

lést á heimili sínu mánudaginn 15. september.
Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 23. september kl. 13.00.

María Jóhannsdóttir **Börkur Valdimarsson**
Carmen Josefa Jóhannsdóttir
Hilmar Bendtsen
Pedro Ólafsson Riba
Íris Barkardóttir **Róbert Barkarson**

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Bjarna Hannesar Ásgrímssonar
frá Suðureyri v/Súgandafjörð,
Höfðabraut 7, Akranesi.

Auður Minný Árnadóttir
Anna Bjarnadóttir
Sólrún Bjarnadóttir
Benedikt Bjarnason **Stella Hjaltadóttir**
Anton, Bjarni Ingi, Dagur og Auður Líf.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla

Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

TÓNSKÁLDIÐ VIÐ VINNU SÍNA Atli Heimir Sveinsson stendur á sjötugu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON: SKRIFAR UM ATLA HEIMI SVEINSSON SJÖTUGAN

Tónskáld í anda tímans

Leiðir okkar Atla Heimis lágu fyrst saman í landsprófi í Gaggó Vest haustið 1953. Hann var þá fimmtán vetra sveinn en bráðger, andlega og líkamlega. Svo mjög að hann var þá þegar þjóðkunn persóna. Hann hafði samið lag við ljóð eftir Jóhannes úr Kötlum og lagið hafði verið spilað í ríkisútvarpinu fyrir fréttir. Rödd Péturs Péturssonar, þular, sagði djúpum rómi: Lagið er eftir Atla Heimi Sveinsson, tónskáld.

Þar með var Atli Heimir, í augum okkar bekkjarfélaganna, stiginn upp á Ólympstind þar sem fyrir voru höfuðsnillingar eins og Jón Leifs, Páll Ísólfsson og Sigvaldi Kaldalóns. Síðan er liðin meira en hálf öld. Á þeim tíma hefur Atli Heimir staðið við fyrirheit æskumannsins um það sem koma skyldi. Höfundarverk hans er svo mikið að vöxtum og fjölskrúðugt að furðu sætir. Að baki býr skapandi hugur, óbilandi viljastyrkur og vinnugleði sem spyr ekki um umbun við verkalok.

Að loknu stúdentsprófi skildi leiðir með bekkjarfélögum. Atli Heimir hélt til tónlistarnáms til Kölnar þar sem hann nam ekki aðeins handverk tónskáldsins og hljómsveitarstjórans heldur gerðist handgenginn þýskum kúltúr. Mínar leiðir lágu til Bretlandseyja og Skandinavíu. Það gátu liðið mörg ár milli þess að við hittumst. En það var ævinlega eins og við hefðum kvatt hvor annan í gær. Svona reynast þau vináttubönd, sem menn bindast á unglingsárum. Uppeldi ólíkra menningarheima fær engu um það breytt.

Þetta var rúmum áratug eftir stríð. Þjóðverjar voru að skríða upp úr rústunum og að reyna að koma sálartötrinu í samt lag eftir að hafa tapað glórunni í sjálfstortímingaræði nazismans. Stundum hef ég heyrt spurningar eins og þessar: Af hverju semur hann Atli ekki músík eins og Beethoven, Schubert og Schumann? Svarið er: Af því að hann er uppi á annarri öld: Öld öfga, ofbeldis og tortímingar. Schubert og Sveinsson eru ekki samtímamenn.

Músík Atla byggir að vísu á því besta sem þýsk músíkhefð býður upp á - og það er ekki smátt. En hann er einskis manns attaníossi eða hermikráka. Hann er skapandi hugsuður undir aga tónlistarformsins og kemur til skila sálarháska og tilfinningaróti tvíræðrar tilveru, sem einkennist af ofsa og hraða en leitar engu að síður hjálpræðis í hinu fagra og friðsæla. Atli Heimir er tónskáld „í anda tímans.“

Ég held að það sé nauðsynlegt að skilja þetta til þess að skilja Atla. Meistari hans, Günther Raphael, var gyðingur. Helförin var öllum í fersku minni. Menntaðasta þjóð Evrópu hafði hrokkið af hjörunum og hrasað út í botnlausa villimennsku. Stockhausen, hinn meistari Atla Heimis, skildi þetta aldarfar og túlkaði það. Atli skildi það líka. Og funi og fjör æskumannsins bauð ekki upp á málamiðlanir. Náin kynni Atla Heimis af Pólverjanum Bodan Wodiczko, sem var lengi stjórnandi íslensku sinfóníusveitarinnar og kom henni á legg, bætti við nýrri vídd um lífsreynslu þeirrar kynslóðar sem á undan okkar fór, og varð fórnarlamb hatursins.

Útkoman hjá Atla varð helst til mergjuð og stríð fyrir vanafasta góðborgara, íslenska, sem voru vanir að líta á músík sem huggun harmi gegn. Margir tóku Atla Heimi ekki í sátt fyrr en frægð hans barst að utan með tónskáldaverðlaunum Norðurlandaráðs árið 1976. Upp úr því fór hann að verða dús við sína elskulegu þjóð rétt eins og Halldór Laxnes að fengnum Nóbelsverðlaunum tveimur áratugum fyrr.

Höfundarverk Atla Heimis á meira en hálfri öld er ótrúlegt að vöxtum, inntaki og formi. Sex sinfóníur, fimm óperur, ballettóratórían Tíminn og vatnið við ljóðabálk Steins Steinarr, tónlist fyrir leikhús, þ.m.t. fyrir söngleiki og balletta, sónötur, einleikir og tvíleikir, kammermúsík, tónlist fyrir ljóðasöng, allt frá epískum ljóðabálkum til hinnar lágværu vögguvísu, út í rapp og ról og búgívúggí. Ballettinn sem tónskáldið tileinkaði henni Bryndísi um daginn er t.d. þannig, að Helgi Tómasson ætti fullt í fangi með að færa hann upp með sínum úrvalsdönsurum úr öllum heimshornum, án þess að bæta við svo sem einni anacondaslöngu í corps de ballet.

Atli Heimir er alltaf að koma okkur á óvart. Hann býr til kliðmjúk lög við vögguvísur og barnagælur; hann syngur angurvær næturljóð, tregablandna mansöngva og hástemmda lofsöngva. Hann heillast af höfuðskáldum og ljær ljóðum þeirra vængi. Pablo Neruda, Steinn Steinarr, Einar Ben., Jónas Hallgrímsson, Heinesen, Fagraskógarskáldið og margir fleiri. Þessi hispurslausi heimsborgari hefur m.a.s. komið upp Fífilbrekkuhópi sem syngur Jónasi lof í höfuðborgum heimsins.

Verk Atla hljóma út um allar trissur: í tónleikahöllum og óperuhúsum, í leikhúsum, á ballettfjölum, í kirkjum og guðshúsum, í leikskólum og á torgum og gatnamótum. Atli Heimir hefur sama hátt á og gömlu meistararnir. Hann semur lög eftir pöntun, ýmist fyrir tónleikahús eða tónlistarflytjendur. Þetta handa Manuelu, hitt handa Áshildi. Það er gaman að fylgjast með því hversu greiðir gagnvegir liggja milli hins sjötuga framúrstefnumanns og okkar efnilegustu tónlistarflytjenda af yngstu kynslóð. Þar er ekkert kynslóðabil.

Við vinir Atla, sem höfum reynt að fylgjast með honum og ferli hans í rúmlega hálfa öld, höfum svo sem flestir hverjir verið að bjástra við eitt og annað, hver eftir sínu upplagi og lundarfari. Sumir hafa reynt að stytta samferðarmönnum stundir á leiksviði eða reynt að skerpa skilning þeirra með tilskrifum. Aðrir hafa jafnvel reynt að breyta þjóðfélaginu til að gera það meira spennandi. Flest höfum við þóst hafa nóg fyrir stafni og þarflegt að iðja. Að lokum hljótum við að spyrja okkur sjálf, hvort eitthvað hafi þokast áleiðis eða hvort við erum öll að lokum til ónýtis dauð?

„Nú finnst mér það allt svo lítið og lágt sem lifað er fyrir og barist er móti“, eins og skáldjöfurinn Einar Ben. yrkir í Norðurljósum og Atli Heimir ljær vængi tónlistarinnar. Einhvern veginn segir mér svo hugur um að löngu eftir að verk okkar hinna eru gleymd og grafin, verði enn uppi fólk á Íslandi sem rýnir í aldarfar okkar tíma með því að hlusta á tónlist Atla Heimis. Og tónlistarflytjendur og unnendur sem spreyta sig á að flytja verk hans eða njóta þeirra.

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

september 2008

Þórey Jónsdóttir kann uppskrift að kryddaðri kjötsúpu

Austurrísk gúllassúpa

Kíkt í heimsókn á Café Loka

Rammíslensk veisla

Nanna Rögnvaldardóttir skrifar

Tilbrigði við íslenskan haustmat

Kósíkvöld

Uppskriftir að notalegum stundum

HUGLEIÐING UM HAUSTIÐ VINSÆLT HRÁEFNI Á VESTURLÖNDUM
GALDURINN Á BAK VIÐ GÓÐAN CAPPUCCINO VERSLUN SÆLKERANS

NOTALEGHEIT AÐ HAUSTI

Hrefna Sigurjónsdóttir skrifar

Þegar vindurinn næðir, himinninn gránar og skýin skvetta duglega úr sér hefur fólk óneitanlega tilhneigingu til að halda kyrru fyrir og njóta þeirra þæginda sem í boði eru heima við. Þörfin fyrir að láta fara vel um sig magnast oft á þessum árstíma og oftar en ekki kemur matur þar við sögu, enda skapast hugguleg stemning við að gæða sér á heitum sælkeradrykk eða halda huggulegt matarboð fyrir vini og fjölskyldu.

Haustið er uppskerutími og þá eru kistur og kæliskápar margra stútfull af ýmsu góðgæti úr garðinum. Rótargrænmetið er kjörið í ylvolga kjötsúpu til að hlýja sér á síðkvöldum og berjauppskeran bragðast vel í ýmiss konar eftirréttum og á ristaða brauðið á morgnana. Heitt súkkulaði klikkar ekki og til að safna smá fituforða fyrir kaldan veturinn er gott að fá sér væna slettu af rjóma út á herlegheitin. Auk þess er afar rómantískt að setjast með elskunni sinni á kvöldin og bragða á heitu eðalsúkkulaði eða krydduðu tei.

Haustið býður upp á notalegheit og þó svo hinar fallegu hauststillur hafi ekki enn látið á sér kræla og veðrið hafi fram að þessu verið fremur hryssingslegt má auðveldlega láta fara vel um sig heima við. Þegar húmar að hvet ég ykkur því til að stinga tánum í þykka sokka og bregða ykkur í uppáhalds-joggingbuxurnar og bestu peysuna. Útbúið síðan eitthvert góðgæti fyrir fjölskylduna, hvort sem það er frá grunni eða einfaldlega hitað í ofni, og njótið þess að dekra aðeins við ykkur í mat og drykk. Hjúfrið ykkur síðan saman undir teppi og horfið á uppáhaldsmyndina ykkar eða spilið saman skemmtilegt spil.

Þótt veðrið sé nátengt innsta eðli Íslendingsins þá er óþarfi að láta sér leiðast eða fara á bömmer, eins og maður segir. Gerið frekar það besta úr hlutunum og njótið inniverunnar. Njótið þeirra samverustunda sem gefast þegar veðrið heldur fólki heima við og menn nenna síður að hendast út um víðan völl og „neyðast“ til að eyða tíma saman. Sú neyð getur orðið hin hreinasta nautn.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

A Aðalréttur · M Meðlæti · E Eftirréttur · S Smáréttir
D Drykkir · Hvunndags og til hátíðabrigða · Hvunndags
Fiskur · Grænmeti · Kökur

matur kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Emilía Örlygsdóttir, Roald Eyvindsson og Hrefna Sigurjónsdóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Arnþór Birkisson **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*

„Maðurinn minn féll alveg fyrir þessari súpu og þegar maður fær hvatningu þá er gaman að eldamennskunni,“ segir Þórey. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Grunnurinn er alltaf sá sami en svo má breyta til með kryddi.

LEIKIÐ MEÐ KRYDD

Ilmur af kryddaðri kjötsúpu kætir vitin þegar komið er í dyrnar hjá húsfreyjunni Þóreyju Jónsdóttur sem rekur gistiíbúðir undir nafninu Eyjasól með eiginmanni sínum, Jóni Karli Snorrasyni flugstjóra.

Hollt og gott!

Upphaflega var þetta austurrísk gúllassúpa sem ég hef síðan þróað gegnum árin,“ segir Þórey brosandi. „Ég nota lambakjöt í súpuna og leik mér með kryddin. Það er til dæmis stutt síðan ég fór að setja í hana karrí og þar áður chiliduft. Grunnurinn er þó alltaf sá sami. Paprikan er undirstöðukrydd, bæði fersk og í duftformi. Í gúllassúpunni voru sveppir en þar sem tengdapabbi borðar þá ekki og flest börnin mín eru á móti þeim líka þá sleppi ég þeim.“

Þórey býr í Hlaðhömrum í Grafarvogi. Það skýrir nafn súpunnar sem kraumar í pottinum. - gun

HAMRASÚPA SEM LEIKUR VIÐ BRAGÐLAUKANA

2 kíló lambakjöt í bitum
Ólívuolía til að steikja úr
10 gulrætur
3 laukar
3 paprikur rauðar
3-5 hvítlauksrif (kínverskur hvítlaukur)
3-4 dósir tómatar eða 1 kg íslenskir tómatar, léttsoðnir
3-5 tsk. paprikuduft McCormic
3-5 tsk. karríduft McCormic
2-3 tsk. chiliduft McCormic
4 kjötteningar
3 msk. tómatpuré frá Himneskri hollustu
2 kg kartöflur soðnar
1 1/2 l vatn
3 dl matreiðslurjómi
2-3 tsk. salt
2 tsk. svartur pipar
1/2 poki spínat

MEÐLÆTI
Rjómi léttþeyttur
Steinselja til skreytingar
Brokkál soðið
Brauð
Salt og pipar

Léttsteikið kjötið og kryddið aðeins. Látið vatnið flæða yfir og malla í hálftíma. Léttsteikið lauk og papriku sem er fyrst skorin í fjóra parta. Maukið papriku, tómata, tómatpuré og hvítlauk í mixara og setjið út í pottinn ásamt lauk, teningum og kryddi – nema piparnum. Bætið gulrótum út í þegar súpan hefur soðið í klukkutíma og látið hana malla áfram í hálftíma. Setjið kartöflurnar út í rétt áður en suðunni lýkur. Klippið spínatið út í og stráið svarta piparnum yfir um leið og súpan er borin fram. Hér um allstóra uppskrift að ræða.

MATREIÐSLUBÓKIN

Sælkeramatur á franska vísu

Sigríður Gunnarsdóttir, höfundur bókarinnar Sælkeraferð um Frakkland, hefur lengi verið búsett í Frakklandi. Hún veit að Frakkar finna hamingjuna í matargerð og verja löngum og góðum stundum við matborðið með fjölskyldu og vinum.

Í bókinni býður hún í sælkeraferð um öll héruð Frakklands, lýsir staðháttum, sögu og stemningu staðanna og ber á borð krásir sem eru einkennandi fyrir hvern stað. Áhersla er lögð á nýtt og ferskt hráefni ásamt miklu grænmeti sem tónar vel við þægileg og svöl haustkvöld.

Í bókinni eru til dæmis uppskriftir að rababaratertu, kjúklingasúpu, svínasteik í ofni með plómum og rauðkáli, kúrbítssúpu með beikoni, fiskisúpu frá Marseille, möndlutertu með jarðarberjum og lambalæri fylltu með kryddsmjöri.

VERSLUN SÆLKERANS

Gallerí Kjöt og Fiskisaga

Í Gallerí Kjöti og Fiskisögu má finna mikið úrval af kjöti, fiski og meðlæti en verslunin er til húsa á tíu stöðum á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

„Við leggjum mikla áherslu á gæði,“ segir kjötiðnaðarmaðurinn Ingibjörg Ingimundardóttir, sem hefur starfað hjá versluninni í fimm ár og nefnir dæmi: „Nautahakkið er til dæmis sérvalið með í mesta lagi þrjú prósent fitu; við bjóðum upp á norðlenskt lambakjöt sem er bragðmeira en það sunnlenska og hamborgararnir okkar eru úr hreinu kjöti. Þá notum við hvorki MSG né rotvarnarefni svo eitthvað sé nefnt.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bæði er hægt að fá kjöt og fisk í hefðbundnum sem framandi búningi í verslununum og auk þess ýmsa tilbúna rétti. „Fólk getur fengið allt í matinn á einum stað og erum við með fylgivörur eins og bakaðar kartöflur, salat til steikingar, suðrænt kartöflusalat, kartöflugratín og bæði heitar og kaldar sósur. Þá erum við með forrétti eins og grafið lamb og naut, laxapaté, sjávarréttarpaté, andalifur, humar og krækling en auk þess eftirrétti eins og súkkulaðisouffle, súkkulaðimús, gulrótarköku, franska súkkulaðiköku og expressóköku,“ segir Ingibjörg. Í hillum verslunarinnar má síðan finna olíur, grjón og fleira til eldamennskunnar.

PIPAR • SÍA • 81168

Nýr matseðill

Á nýja matseðlinum okkar eru fjölbreyttir, girnilegir réttir og allir finna eitthvað við sitt hæfi. Kynntu þér málið á www.rubytuesday.is

Skipholti 19 • Höfðabakki 9
Opið: Sun - fim: 11 - 22 • Fös - lau: 11 - 23

RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

Lyftir salatinu upp

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

» Salattangirnar frá Rösle eru fallegar og handhægar en þetta gróna þýska fyrirtæki hefur framleitt hágæða eldhúsáhöld úr ryðfríu stáli í nær hundrað ár. Rösle leggur mikla áherslu á gæði og stílhreina hönnun.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

1

2

1. Ræktun kartöflunnar hófst fyrir átta til sex þúsund árum. 2. Kartaflan er algengasta grænmetið á borðum Íslendinga. 3. Nýjar kartöflur eru ljúffengar í salöt og sneisafullar af vítamínum. 4. Kartöflur er gott að baka.

3

4

NORDICPHOTOS/GETTY

HRÁEFNIÐ: **Kartöflur**

Trefjaríkar og hollar

Kartaflan er algengasta grænmetið á borðum Íslendinga og ein mest ræktaða ferskvara í heimi. Hún á uppruna sinn að rekja til Andesfjalla, norðan við Titikakavatn í Suður-Ameríku, þar sem ræktun hennar hófst fyrir átta til sex þúsund árum.

Kartaflan barst til Evrópu með spænskum og portúgölskum landvinningamönnum seint á 16. öld en náði ekki vinsældum meðal almennings.

Lengi voru kartöflur einungis ræktaðar í dýrafóður en þegar kornuppskeran brást í Evrópu seint á 18. öld hófst skipulögð ræktun á þeim til manneldis. Björn Halldórsson í Sauðlauksdal var einn þeirra fyrstu til að rækta kartöflur á Íslandi og haustið 1760 fékk hann góða uppskeru.

Kartaflan er rík af vítamínum og steinefnum en meðalstór kartafla inniheldur 27 milligrömm af C-vítamíni með hýðinu. Einnig inniheldur hún B6-vítamín, þíamín, fólínsýru, járn og sink svo eitthvað sé nefnt. Kartöflur eru einnig trefjaríkar en ein kartafla með hýði getur innihaldið 2 grömm af trefjum.

Kartöflur eru nú algengt hráefni í matargerð í Evrópu og í Bandaríkjunum en einnig hefur kartöfluræktun aukist í Asíu. Hægt er að neyta kartöflunnar á ýmsan hátt en nauðsynlegt er að sjóða eða steikja hana til að brjóta niður sterkjuna.

Hefð er fyrir því að sjóða kartöflur með mat hér á landi en þær er hægt að matreiða á fjölbreytilegan hátt og þeirra er hægt að neyta heitra og kaldra. - rat

ILMANDI BOLLI FULLUR AF HLÝJU

Ljúffengur cappuccino-bolli tilheyrir hráslagalegum haustdögum og er í hugum margra ómissandi. Hann er yfirleitt borinn fram í um 150 til 190 millilítra bolla og samanstendur af 1/3 af espresso, 1/3 af heitri mjólk og 1/3 af mjólkurfroðu.

Þegar mjólkin hefur verið freydd á hún helst að minna á silki og reyna margir að búa til hjarta eða laufblað úr froðunni. Auk þess má skreyta hana með súkkulaði-spæni eða brúnum sykri.

Flestir drekka cappuccino hvenær dagsins sem er og mörgum finnst slíkur bolli góður eftir mat. Ítalir láta drykkinn þó ekki inn fyrir sínar varir eftir hádegismat og á sumum veitingastöðum þar í landi er hann ekki einu sinni afgreiddur til ferðamanna eftir þann tíma.

Í Bandaríkjunum og sums staðar í Evrópu er stundum boðið upp á cappuccino með einu, tveimur, eða þremur skotum af kaffi en hér á landi eru hefðbundin hlutföll oftast í boði. - ve

Flott getur verið að búa til hjarta eða laufblað úr froðunni í cappuccino-bolla og skreyta hana með súkkulaðispæni eða brúnum sykri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

INNRÉTTINGAR

ALNO®

ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR

Grensásvegi 8 • 108 Reykjavík
s. 553 6400 • f. 553 6403 • alno@alno.is • http://www.alno.is

Kósíkvöld

UPPSKRIFTIR AÐ NOTALEGUM STUNDUM

Þjóðleg kósíheit undir tönn; gulur og gómsætur þorskur.

Frönsk dásemd sem bráðnar í munni.

Bakaðar kartöflur og rótargrænmeti í ofni er sælgæti með flestum mat.

Grænt góðgæti með fiskinum að hætti húsráðenda.

Kertaljós, ylur og kósí haststemning er aðalsmerki heimilishalds hinna rómuðu gestgjafa, Gunnars og Sigríðar.

AMEE

DÝRINDIS FISKUR OG ANNAÐ GÓMSÆTT

ÞORSKHNAKKI
fyrir fjóra
1 kg þorskhnakki
1 búnt steinselja
1 búnt kóríander
4 hvítlauksrif
100 g smjör
Salt og pipar eftir smekk

Setjið þorskhnakka í eldfast mót. Stráið salti og pipar yfir. Saxið hvítlauk fínt, látið hann krauma í smjöri á pönnu og hellið yfir fiskinn. Saxið fínt kryddjurtir og stráið yfir fiskinn. Bakið í 10 til 12 mínútur í 180°C heitum ofni.

MEÐLÆTI FRÁ MÓÐUR JÖRÐ
Gulrætur
Sellerírót
Kartöflur

Skerið grænmeti í teninga og kartöflur í þunna báta. Ólívuolía, salt og pipar eftir smekk og blandið öllu saman. Setjið í eldfast mót og bakið á 200°C í 30 til 40 mínútur.

SÆLKERASALAT
Ferskt spínat
Sérrítómatar
Parmesan-ostur
Ólívuolía
Salt og pipar

Skerið, rífið og blandið saman í salatskál.

FRÖNSK SÚKKULAÐIKAKA
200 g dökkt súkkulaði
200 g smjör
4 dl sykur
4 egg
1 dl hveiti

Bræðið saman súkkulaði og smjör í vatnsbaði. Kælið. Þeytið sykur og egg vel saman. Blandið öllu saman ásamt hveiti. Bakið í 45 mínútur á 180°C. Borið fram með hindberjum, bláberjum og brómberjum í skál; vætið með örlitlu af nýkreistum lime-safa.

Dýrmæt stund heima fyrir

Þegar haustlauf skoppa í garðinum og húmar að í náttúrunni er indælt að þjappa sér saman í hlýjunni heima með ástvinum yfir dýrindis mat, kertaljósum og upplífgandi samveru.

Laugardagskvöld eru uppáhalds hjá hjónunum Gunnari Jónssyni matreiðslumeistara og frú hans Sigríði Kjartansdóttur í Hlíðunum. Þá gefst tími til að vera saman með sonunum þremur og njóta alls hins dásamlega sem hægt er að gera heima þegar haustvindar blása og ekkert fær truflað samverustundina.

Fullkomið kósíkvöld fjölskyldunnar hefst við fallegt kvöldverðarborðið og ýmist bakaðir þorskhnakkar sem kitla bragðlauka, eða annað gómsæti, en fiskur er í mestu dálæti heimilisfólksins. Hollusta er ávallt í hávegum höfð og eftir matinn er spjallað saman eða tekið í spil yfir dýrindis súkkulaðiköku og berjum. - þlg

Gunnar er yfirmatreiðslumaður á Reykjalundi en hér situr hann með frú Sigríði og sonunum Gunnari Jökli og Kjartani Tindi, en frumburðinn Veigar Ölni vantar við matborðið. Labradorinn Brúnó stillir sér upp ávallt við hlið húsfreyjunnar í von um bita.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

FRAMKVÆMDASTJÓRI
FJÁRHAGS- OG STJÓRNSÝSLUSVIÐS

Seltjarnarnesbær auglýsir eftir framkvæmdastjóra fjárhags- og stjórnsýslusviðs til að hafa yfirumsjón og eftirlit með fjármálalegri starfsemi Seltjarnarnesbæjar. Framkvæmdastjóri fjárhags- og stjórnsýslusviðs heyrir undir bæjarstjóra.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um stöðuna.

Starfssvið
- Umsjón með stjórnun fjármála, bókhalds og innheimtu
- Hefur umsjón með og leiðbeinir um almenna stjórnsýslu bæjarins og samræmingu stjórnsýsluhátta
- Umsjón með fjárhagsáætlanagerð, greiðsluáætlanagerð og fjárstýringu
- Annast og ber ábyrgð á daglegri fjármálastjórnun bæjarins
- Ber ábyrgð á kostnaðareftirliti með rekstri, framkvæmdum og tillögugerð að úrbótum í rekstri bæjarins
- Upplýsingagjöf og skýrslugerð til bæjarstjóra
- Rekstur skrifstofu og eftirlit með ráðstöfunum fjárveitingastofnana

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í viðskiptafræði, rekstrarhagfræði og/eða sambærileg menntun
- Reynsla af fjármálastjórnun
- Reynsla og þekkingu á opinberu rekstrarumhverfi og stjórnsýslulögum
- Reynsla og þekking á reikningaskilum
- Reynsla af áætlanagerð
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Hæfni til að koma frá sér efni í ræðu og riti
- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð

Umsjón með ráðningu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Skeljungur

Skeljungur hf. er olíufélag sem leggur áherslu á eldsneytissölu, verslunarrekstur og góða þjónustu undir vörumerkjum Shell. Starfsfólk er um 300 og starfar á Shell og Select, við eldsneytisdreifingu í Örfirisey, á Reykjavíkurflugvelli og víða á landsbyggðinni. Skrifstofur félagsins eru að Hólmaslóð 8 í Reykjavík.

Skeljungur leggur áherslu á að starfsfólk nýti hæfileika sína í daglegum störfum, hafi ánægju af störfum sínum og taki virkan þátt í að móta vinnuumhverfið. Markmiðið er að hafa ætíð á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki þar sem áhersla er lögð á markviss vinnubrögð og skýra ákvarðanatöku.
Sjá nánar á **www.skeljungur.is**

Við leitum að öflugum rekstrarstjóra

Skeljungur óskar eftir að ráða rekstrarstjóra á neytendasvið, sem er fjölmennasta svið fyrirtækisins, með um 200 starfsmenn. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra neytendasviðs.

Starfssvið:
- Umsjón með rekstri eigin rekinna stöðva og önnur rekstrarumsjón
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Stjórnun og samskipti
- Samningagerð
- Kostnaðareftirlit
- Þátttaka í stefnumótun
- Starfsmannamál

Menntun og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun
- Reynsla og þekking á neytendamarkaði
- Góð rekstrar- og markaðsþekking
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni
- Fagleg og metnaðarfull vinnubrögð
- Markmiða- og árangurssækni

Reynsluríkur starfsmannafulltrúi óskast

Skeljungur óskar einnig eftir að ráða starfsmannafulltrúa til að annast starfsmannamál, þjálfun og gæðamál fyrir neytendasvið. Um er að ræða almennar ráðningar fyrir Shell og Select, alls 16 stöðvar.

Starfssvið:
- Umsjón með ráðningum
- Ráðgjöf vegna starfsmannamála
- Launa- og kjaramál
- Námskeiðahald og þjálfun
- Þjónustukannanir, eftirlit og umsjón
- Gæðamál

Menntun og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun
- Reynsla og þekking af sambærilegu
- Góð samskiptahæfni
- Fagleg og metnaðarfull vinnubrögð
- Markmiða- og árangurssækni

Nánari upplýsingar veita:
Elísabet S. Arndal, elisabetsa@hagvangur.is
Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

Allar fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til og með 28. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Sölumaður - matvælafyrirtæki

565533
Matvælafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða öflugan sölumann.

- Starfið felur í sér samskipti við viðskiptavini, öflun nýrra viðskiptasambanda, stjórnun og uppbyggingu viðskiptasambanda í samstarfi við markaðsstjóra.
- Viðkomandi þarf að vera matreiðslumenntaður, hafa reynslu af sölu- og markaðsstarfi, búa yfir framúrskarandi samskiptahæfni, frumkvæði og vilja til að ná árangri. Krafist er góðrar almennrar tölvuþekkingar auk þess að hafa góða þekkingu á enskri tungu.

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is

KONE

KONE ehf. leitar eftir mönnum til framtíðarstarfa við lyftu-uppsetningar, viðgerðir og eftirlit.

Við sækjumst eftir handlögnum, fjölhæfum mönnum sem geta tekist á við fjölbreytt verkefni. Viðkomandi má gjarnan hafa menntun eða þekkingu á sviði rafmagns eða vélbúnaðar.

Upplýsingar eru veittar hjá KONE ehf.. í síma 588-1262

Starfsmaður óskast

Starfsmaður óskast í úra-og skart-gripaverslun í 100% starf. Stundvísi, snyrtimennska og þjónustulund nauðsynleg.

Áhugasamir sendi umsókn á unnureir@gmail.com.

Rafsmiðjan

Rafsmiðjan ehf. óskar eftir að ráða rafvirkja til framtíðarstarfa. Mikil og fjölbreytt verkefni framundan.

Hæfniskröfur
- Meistara eða sveinspróf í rafvirkjun
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Stundvísi

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á
RAFSMIDJAN@SIMNET.IS.
Öllum umsóknum verður svarað.

Ertu til í tuskið?

Lyf og heilsa er leiðandi fyrirtæki í heilbrigðiskerfinu. Hjá okkur ríkir mikill faglegur metnaður.

Við erum og viljum vera mikilvægur hlekkur í heilbrigðismálum Íslendinga. Okkur er annt um viðskiptavini fyrirtækisins og látum okkur mál þeirra varða. Markmiðið er að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu ásamt því að bjóða starfsfólki upp á góðan og spennandi vinnustað.
Við kappkostum að vera í fremstu röð þegar kemur að starfsanda, þróun og framsýni enda eru framundan mörg spennandi þróunarverkefni sem munu stuðla að enn betra starfsumhverfi og þjónustu.
Vegna aukinna umsvifa leitum við nú eftir fleira metnaðarfullu og sjálfstæðu fagfólki í okkar öfluga starfsmannahóp. Í boði eru spennandi störf með möguleika á starfsþróun.

Ef þú telur þig eiga heima í slíkum hópi þá langar okkur til að heyra í þér!

Leyfishafar - Lyfjafræðingar:
- Fagleg ábyrgð apóteks
- Stjórnun apóteks

Lyfjafræðingar:
- Fagleg ráðgjöf
- Almenn lyfjafræðileg störf

Lyfjatæknar:
- Fagleg ábyrgð á sérvöru
- Heilsufarsmælingar
- Lyfjaafgreiðsla og frágangur lyfja

Við leitum að lyfjafræðingum og lyfjatæknum í apótek okkar á höfuðborgarsvæðinu en einnig að leyfishöfum fyrir höfuðborgarsvæðið, Hveragerði og Vestmannaeyjar.

Umsóknarfrestur er til og með 6. október 2008

Lyf & heilsa
Við hlustum!

TALENT RÁÐNINGAR

Umsjón með störfunum hefur Mjöll Jónsdóttir hjá Talent Ráðningum, mjoll@talent.is, sími: 552-1600

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

RARIK

lifandi afl

RARIK ohf. er orkufyrirtæki í opinberri eigu með megin-starfsemi í raforkudreifingu og er einnig í dreifingu og sölu á heitu vatni. RARIK er með starfsstöðvar vítt og breitt um landið.

DEILDARSTJÓRI FRAMKVÆMDASVIÐS
AKUREYRI

RARIK óskar eftir að ráða deildarstjóra framkvæmdasviðs á starfsstöð fyrirtækisins á Akureyri.

Starfssvið
- Umsjón og eftirlit með starfsemi vinnuflokka RARIK á Norðurlandi
- Ábyrgð á verkefnum deildarinnar
- Úthlutun verkbeiðna og eftirfylgni með þeim
- Þátttaka í uppgjöri verka
- Ábyrgð og eftirlit með útgjöldum og tekjum deildarinnar
- Þátttaka í svæðisráði

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði eða önnur tæknimenntun sem nýtist í starfið
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Góð almenn tölvu- og tungumálakunnátta
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

STÖRF Á TANNLÆKNASTOFU

Tannlæknastofa í Hafnarfirði vill bæta við sig öflugum liðsmönnum í hópinn. Leitað er að tanntæknum og móttökuritara. Viðkomandi munu taka þátt í að byggja upp metnaðarfullan og jákvæðan vinnustað.

Tanntæknir

Starfssvið
- Almenn aðstoð við tannlækna
- Leiðbeiningar og fræðsla
- Gagnatökur o.fl.
- Sótthreinsun og frágangur

Menntunar og hæfniskröfur
- Námsgráða af tanntæknibraut
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Öguð og snyrtileg vinnubrögð
- Sveigjanleiki og samstarfsvilji
- Almenn tölvufærni

Móttökuritari

Starfssvið
- Móttaka sjúklinga
- Umsjón og móttaka tímapantana og beiðna
- Frágangur reikninga
- Innheimta
- Önnur verkefni á skrifstofu

Hæfniskröfur
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Almenn tölvufærni
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Afburða þjónustulund
- Sveigjanleiki og samstarfsvilji

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Penninn

Penninn er öflugt og framsækið verslunarfyrirtæki sem þjónar bæði fyrirtækjum og einstaklingum með það að leiðarljósi að viðskiptavinir geti ætíð gengið að framúrskarandi þjónustu í samræmi við þarfir hvers og eins.

Hjá Pennanum starfar fjölbreyttur og skemmtilegur hópur starfsmanna. Markmið Pennans er að gera starfsmenn að þátttakendum í velferð fyrirtækisins og skapa þannig sterka liðsheild sem keppa að sama marki.

Penninn á og rekur m.a. verslanir Eymundsson, Pennans, ásamt verslunum Saltfélagsins og Habitat. Penninn á einnig hlut í Te & Kaffi og GH ljósum. Erlendis á Penninn og rekur m.a. rekstrarvörukeðjuna Officeday sem starfar í 4 löndum og hlut í kaffihúsakeðjunum Presto og Insomnia.

MARKAÐSFULLTRÚI

Penninn óskar eftir að ráða markaðsfulltrúa á markaðssvið fyrirtækisins. Í starfinu felst meðal annars stefnumörkun, vörumerkjastjórnun og áætlanagerð auk annarra verkefna. Um er að ræða fjölbreytt starf í lifandi og krefjandi starfsumhverfi Pennans á Íslandi.

Starfssvið
- Gerð og umsjá vörumerkjastefnu
- Markaðsáætlanagerð, framkvæmd og eftirfylgni
- Samskipti við auglýsingastofur, framleiðendur og miðla
- Uppsetning á markaðs-, sölu- og kynningarefni
- Skýrslugerð, markaðsrannsóknir og viðskiptavinagreiningar

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun í markaðs- eða viðskiptafræði skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af markaðsstarfi kostur
- Kunnátta í Photoshop og Illustrator kostur

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

KÍKTU Á CAPACENT.IS

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM

capacent

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

vinna.is

Vinna.is
Sími 511 1144 www.vinna.is

BÍLAMÁLARI ÓSKAST!

Bílasprautun Sævars óskar eftir að ráða bílamálara.

Upplýsingar í s. 897 3041 eða 568 9620

Deloitte.

Viltu skara fram úr?

Deloitte leitar að metnaðarfullum einstaklingi, með háskólagráðu og áhuga á eða reynslu af upplýsingatækni, til starfa á sviði Áhættuþjónustu Deloitte (Enterprise Risk Services).

Áhættuþjónusta Deloitte sérhæfir sig í innra eftirliti fyrirtækja, með áherslu á innra eftirlit upplýsingakerfa og ráðgjöf um upplýsingaöryggi, ásamt innri endurskoðunarþjónustu. Þjónusta deildarinnar er miðuð að því að mæta vaxandi notkun á upplýsingatækni í starfsemi fyrirtækja. Áhættuþjónusta Deloitte á Íslandi starfar í alþjóðlegu umhverfi Deloitte. Hjá Áhættuþjónustu Deloitte starfar fólk með fjölbreytta menntun, meðal annars á sviði viðskiptafræði, tölvunarfræði, verkfræði og stærðfræði.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði eða greinum tengdum upplýsingatækni.
- Þekking/áhugi á verkferlum og innra eftirliti fyrirtækja.
- Þekking/áhugi á fjárhags- og upplýsingakerfum.
- Fagmannleg og öguð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku og ensku.

Umsókn og ferilskrá, sem inniheldur upplýsingar um menntun og fyrri störf, sendist fyrir 30. september nk. á netfangið **aslaug.gudmundardottir@deloitte.is**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir mannauðsstjóri, Áslaug Björt Guðmundardóttir, í síma 580 3000.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2008

Deloitte hf
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími 580 3000

www.deloitte.is

Deloitte er leiðandi þekkingarfyrirtæki með yfir 165.000 starfsmenn á alþjóðavísu. Á Íslandi eru starfsmenn um 200 víðsvegar um landið og veitir fyrirtækið þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningsskila, skatta- og lögfræðiráðgjafar og fjármálaráðgjafar. Deloitte leitast við að bjóða starfsmönnum sínum upp á sveigjanlegan vinnutíma, fjölskylduvænt starfsumhverfi og metnaðarfulla alþjóðlega endurmenntun.

1908 2008 Hafnarfjörður hundrað ára

Félagsþjónustan í Hafnarfirði

Félagsleg liðveisla

Félagsþjónustan í Hafnarfirði auglýsir eftir starfsfólki í félagslega liðveislu fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr 59/1992

Sérstaklega vantar starfsfólk í liðveislu fyrir karlmenn á öllum aldri. Í boði er sveigjanlegur starfstími utan venjulegs vinnutíma.

Starf við félagslega liðveislu gerir kröfu til jákvæðs viðmóts, mannúðlegra viðhorfa og hæfni í mannlegum samskiptum. Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru miklir kostir.
Um er að ræða lærdómsríkt starf og boðið er upp á handleiðslu með starfinu.

Laun fara eftir kjarasamningi Hafnarfjarðarbæjar og verkalýðsfélagsins Hlífar.

Upplýsingar um starfið veitir Guðrún Þ. Ingólfsdóttir, félagsráðgjafi í síma 585-5700. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á gudruni@hafnarfjordur.is

Félagsleg heimaþjónusta

Óskum eftir hressum og áhugasömum starfsmönnum í dagþjónustu hjá Félagsþjónustunni í Hafnarfirði.
Helstu verkefni eru að aðstoða þjónustuþega við athafnir daglegs lífs, auka færni þeirra og sjálfstæði. Við bjóðum starfsmönnum fjölbreytni í starfi, fræðslu og handleiðslu og öruggt starfsumhverfi, Í boði er sveigjanlegur starfstími og starfshlutföll eru samkomulagsatriði.

Starfið gerir kröfu um jákvætt viðmót og góðra hæfileika til mannlegra samskipta.
Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru miklir kostir

Við leitum að einstaklingum með félagsliðamenntun eða aðra félagslega menntun, reynslu eða mikinn áhuga á störfunum.

Laun fara eftir kjarasamningi Hafnarfjarðarbæjar og Verkalýðsfélagsins Hlífar.

Upplýsingar um starfið veitir Sjöfn Guðmundsdóttir fulltrúi heimaþjónustudeild. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á sjofng@hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

Almenna verkfræðistofan
FRÁ MÓTUN AÐ MANNVIRKI

VOTTUN HF ÍST ISO 14001 · VOTTAÐ GÆÐAKERFI VOTTUN HF ÍST ISO 9001

Öflug liðsheild

Almenna verkfræðistofan veitir víðtæka þjónustu á sviði bygginga-, véla-, og umhverfisverkfræði. Almennu verkfræðistofunni er skipt í fjögur markaðssvið: **Byggingar og iðnaður, Orka og veitur, Verkefnastjórnun og Umhverfi og skipulag.**

Almenna verkfræðistofan leggur metnað sinn í að vera framsækið, markaðsdrifið og jafnréttissinnað félag og starfsvettvangur metnaðarfullra starfsmanna. Starfsmenn fyrirtækisins eru ríflega 90 talsins.

Lykilþættir í starfsemi okkar eru **þekking, metnaður og áreiðanleiki.**

Unnt er að afla sér nánari upplýsinga á **www.almenna.is.**

Almenna verkfræðistofan hf - Fellsmúla 26 - 108 Reykjavík
Sími: 580 8100 - av@almenna.is - www.almenna.is

Almenna verkfræðistofan er sífellt í leit að hæfileikaríku starfsfólki sem hefur áhuga á að starfa í ört vaxandi fyrirtæki á sviði þekkingar. Framundan eru fjölbreytt og krefjandi verkefni fyrir metnaðarfulla einstaklinga. Boðið er uppá gott starfsumhverfi.

VÉLAVERKFRÆÐINGUR
VÉLTÆKNIFRÆÐINGUR

Við leitum að vélaverkfræðingum eða véltæknifræðingum til starfa við hönnun á tæknibúnaði og málmhlutum og við eftirlit með framleiðslu og uppsetningu á tæknibúnaði.

Almenna verkfræðistofan hefur víðtæka reynslu af hönnun og eftirliti með tæknibúnaði í vatnsaflsvirkjanir, verksmiðjur, dælustöðvar, hreinsistöðvar, vatns- og hitaveitur. Við búum yfir öflugum hönnunar- og greiningarforritum sem viðkomandi þarf að geta tileinkað sér í starfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í vélaverkfræði eða véltæknifræði
- Reynsla í hönnun á tæknibúnaði og/eða málmhlutum
- Kunnátta á Autocad. Reynsla af Solid Works er kostur
- Sjálfstæði, metnaður og frumkvæði í starfi
- Gott viðmót og færni í mannlegum samskiptum

VEGHÖNNUÐUR

Við leitum að verk- eða tæknifræðingum til þess að annast hönnun samgöngumannvirkja.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði
- Meistaragráða á sviði veg- og gatnahönnunar æskileg
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði, metnaður og frumkvæði í starfi
- Geta til að vinna undir álagi

Upplýsingar veitir Alda Rögnvaldsdóttir, mannauðsstjóri, sími: 580 8138 eða alda@almenna.is. Umsóknir óskast sendar á alda@almenna.is fyrir 3. október n.k. Hægt er að fylla út umsókn á vefsvæði okkar www.almenna.is. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum er svarað.

BAUHAUS®

Markmið og hlutverk Bauhaus eru skýr. Bauhaus er fyrst og fremst öflugt verslunar- og þjónustufyrirtæki. Hlutverk Bauhaus er að sjá fólki og fyrirtækjum fyrir góðum vörum á hagstæðu verði með hagkvæmni og ánægju þeirra að leiðarljósi. Leið viðskiptavinanna inn í hjarta Bauhaus er styttri en áður hefur þekkst á þessum markaði.

Bauhaus hefur vaxið ört með því að bjóða gæðavörur á lægra verði með góðri og persónulegri þjónustu þar sem viðskiptavinurinn er alltaf í fyrirrúmi. Saga fyrirtækisins er því góður grunnur sem Bauhaus mun byggja á.

Bauhaus er ein af stærstu verslanakeðjum á byggingasviði í Evrópu. Bauhaus rekur 190 verslanir í 12 Evrópulöndum. Verslanirnar vinna eftir „allt undir einu þaki“ hugmyndafræðinni og bjóða því upp á gríðarlegt vöruúrval. Hjá Bauhaus finna fagmenn sem leikmenn bæði stórt og smátt.

Fjölbreyttur hópur óskast til starfa í stórverslun Bauhaus á Íslandi.

Nú vantar okkur öryggisverði, innkaupamenn, sölustjóra og uppstillingarstjóra.

Öryggisverðir
Öryggisverðir heyra undir rekstrarstjóra.

Meginverkefni
- Öryggisvarsla í versluninni
- Eftirfylgni öryggisstefnu Bauhaus
- Kynna starfsfólki reglur Bauhaus um öryggismál

Hæfniskröfur
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni
- Hreint sakavottorð er skilyrði

Innkaupamenn
Innkaupamenn heyra undir deildarstjóra hverrar deildar.

Meginverkefni
- Skönnun á vörum og verðmerkingum
- Birgðakönnun og pantanir á vörum deildarinnar

Hæfniskröfur
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Nákvæmni og skipulag er nauðsynlegt

Uppstillingarstjóri
Uppstillingarstjóri heyrir undir aðstoðarframkvæmdastjóra. Uppstillingarstjóri gætir þess ásamt öðrum að allar deildir fyrirtækisins uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til skreytinga og skilta á hverjum tíma.

Meginverkefni
- Gerð og uppsetning merkinga, skilta og auglýsingaefnis
- Uppsetning efnis vegna söluátaka (borðar, klæði á kynningarpalla o.fl.)
- Uppsetning og viðhald auglýsingaborða og fána
- Kynna starfsfólki reglur Bauhaus um skreytingar og skilti

Hæfniskröfur
- Nám í útstillingum eða sambærilegt nám er kostur
- Reynsla af hliðstæðu starfi er æskileg
- Mjög góð íslenskukunnátta er nauðsynleg
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Sölustjóri í pípulagningadeild
Sölustjóri heyrir undir deildarstjóra.

Meginverkefni
- Dagleg stjórnun í samráði við deildarstjóra
- Ráðgjöf og sala til viðskiptavina
- Staðgengill deildarstjóra

Hæfniskröfur
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun er kostur
- Reynsla af sölumennsku
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund
- Þekking á viðkomandi vöru

Sölustjóri í ljósa- og rafmagnsdeild
Sölustjóri heyrir undir deildarstjóra.

Meginverkefni
- Dagleg stjórnun í samráði við deildarstjóra
- Ráðgjöf og sala til viðskiptavina
- Staðgengill deildarstjóra

Hæfniskröfur
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun er kostur
- Reynsla af sölumennsku
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund
- Þekking á viðkomandi vöru

Nánari upplýsingar veita:
Ari Eyberg, ari@hagvangur.is
Björn H. Reynisson, bjorn@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til 29. september nk.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í uppbyggingu stórverslunar Bauhaus á Íslandi eru beðnir um að fylla út umsókn á heimasíðu Hagvangs, www.hagvangur.is. Einnig getur þú kynnt þér Bauhaus á Íslandi á vefsíðunni www.bauhaus-store.is.

Allar fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og öllum svarað.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Reykjavíkurborg
Velferðasvið

Leiðbeinandi

Dagvistin við Vitatorg, Lindargötu 59 óskar eftir að ráða leiðbeinanda til starfa.

Helstu verkefni:
- Stuðningur við félagslega virkni
- Leiðbeiningar á vinnustofu.

Hæfniskröfur:
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Áhugi fyrir handavinnu.
- Samviskusemi og sveigjanleiki.

Dagvistin er opin virka daga frá 8.00 til 16.00. Á dagvistinni fer fram hjúkrun og virk endurhæfing einstaklinga með minnissjúkdóma.

Um er að ræða 80% starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf frá 1. október 2008 eða eftir nánara samkomulagi.

Vinnustaðurinn er heimilisleg eining sem leggur metnað sinn í gott samstarf og góðan starfsanda.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar

Nánari upplýsingar veitir Marta Pálsdóttir deildarstjóri í síma 411-9466 netfang: marta.palsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Viltu vinna á skemmtilegum vinnustað?

Húsasmiðjan leitar að starfsfólki í verslun Húsasmiðjunnar/Blómavals í Skútuvogi.

Starf á lager
Vinnutími virka daga frá kl. 08:00-18:00.
Unnið er annan hvern laugardag

- **Starfssvið:**

Öll almenn lagerstörf.

- **Hæfniskröfur:**

Þjónustulund og heiðarleiki.
Reynsla úr sambærilegu starfi er kostur.
Lyftarapróf er æskilegt.

Umsækjendur þurfa að vera 25 ára eða eldri.

Afgreiðslustarf á kassa og aðstoð í deildum
Vinnutími virka daga frá kl. 08:00-18:00.
Unnið er annan hvern laugardag.

Möguleiki er á hlutastarfi með vinnutíma
frá kl. 08:00-12:30 eða 13:00-18:00 eða eftir samkomulagi.

- **Starfssvið:**

Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini.
Önnur tilfallandi störf.

- **Hæfniskröfur:**

Þjónustulund og heiðarleiki.
Tölvukunnátta.

Kaffi Garður - helgarvinna
Við viljum einnig ráða áhugasama einstaklinga til starfa í kaffiteríu Húsasmiðjunnar/Blómavals í Skútuvogi aðra hverja helgi.

Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri.

Sendið umsóknir til
Guðrúnar Kristinsdóttur,
gudrunk@husa.is
Einnig er hægt að sækja um störfin á heimasíðu Húsasmiðjunnar - www.husa.is

Fyrir alla
Húsasmiðjan hvetur alla, sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.
Heilsuefling: Húsasmiðjan og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt starfsmanna.
Viðskiptakjör: Við bjóðum starfsmönnum góð kjör.
Húsasmiðjuskólinn: Við rekum skóla sérstaklega fyrir starfsmenn.
Haldin eru um 100 námskeið á ári og námsvísir er gefinn út vor og haust.
Starfsmannafélag: Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttaviðburði og útleigu sumarhúsa.

Um Húsasmiðjuna
Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og í hópi stærstu fyrirtækja landsins.
Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu.
Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.
Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Hvassaleitsskóli

Hvassaleitisskóli auglýsir eftir kennurum í eftirtaldar kennarastöður vegna forfalla :

- **Íþróttakennari 100% staða til 1. desember 2008.**
- **Kennari í upplýsingamennt ásamt umsjón nemenda í 5. bekk 100% staða.**

Hvassaleitisskóli er heilstæður grunnskóli með 240 nemendur í 1. - 10.bekk.
Vellíðan agi og árangur eru einkunnarorð skólans og endurspegla þau stefnu hans og leiðir að helstu markmiðum. Lögð er áhersla á greinabundna kennslu og greinabundið nám sem tekur mið af fjölbreyttum kennsluháttum, samvinnu nemenda og einstaklingsmiðuðu námi.

Upplýsingar um stöðurnar gefur skólastjóri Hvassaleitisskóla Þórunn Kristinsdóttir í síma 570 8800

Á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf er að finna nánari upplýsingar og umsóknarfrest. Þar er einnig hægt að sækja um.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

REKSTRARSTJÓRI VESTMANNAEYJA

Íslenska Gámafélagið óskar eftir að ráða til starfa starfsmann til að stjórna rekstri félagsins í Vestmannaeyjum.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði tækni og/eða viðskipta.
- Frumkvæði og metnaður.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum.
- Víðtæk reynsla af stjórnun nauðsynleg.
- Reynsla af tilboðs- og samningagerð æskileg.

Rekstrarstjóri hefur yfirumsjón með eftirfarandi þáttum:
- Daglegum rekstri í sorpeyðingarstöð.
- Sorphirðu, verktakastarfsemi og hjá gröfufyrirtæki.
- Áætlanagerð og stefnumótun.
- Öll mannaforráð og stjórnun starfsmannamála.
- Upplýsingaflæði og samstarf við yfirmenn í höfuðstöðvum fyrirtækisins.

Umsóknir óskast sendar til framkvæmdastjóra starfsmannasviðs, Helgu Fjólu Sæmundsdóttur, helga@igf.is fyrir 25. september. Nánari upplýsingar um starfið gefur Gísli Guðlausson í Vestmannaeyjum í síma: 840-5811

Um fyrirtækið
Íslenska Gámafélagið er ört vaxandi fyrirtæki sem er leiðandi afl í umhverfismálum og veitir heildarlausnir í: sorphirðu, götusópun, umhverfishreinsun, hálkueyðingu og snjómokstri á sérhæfðum tækjum, tækjaleigu og verktakavinnu. Hjá fyrirtækinu starfa 240 starfsmenn í fjölmörgum deildum um land allt.

UMHVERFIÐ ER ÞITT HVERFI
577 57 57

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Íslenska Gámafélagið ehf · Gufunesi 112 Reykjavík
T (+354) 577 5757 · F (+354) 577 5758 ·www. igf.is

KÓPAVOGSBÆR

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS

Kynnið ykkur launakjör í leikskólum í Kópavogi

Álfatún: 564 6266
- Deildarstjóri sem fyrst
- Leikskólakennari
- Sérkennsla sem fyrst

Baugur: 570 4350
- Leikskólakennarar
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi v/sérkennslu

Fífusalir: 570 4200
- Leikskólakennarar
- Leikskólakennari - myndlist, tónlist
- Leikskólakennari – íþróttasalur
- Leikskólakennari/leiðbeinandi, skilastaða

Grænatún: 554 6580
- Leikskólakennari 50% v/stuðnings

Hvarf: 570 4900
- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar/leiðbeinendur
- Sérkennslustjóri, sem fyrst
- Stuðningsaðili við fatlað barn
- Aðstoð í eldhús 100%

Kópasteinn: 564 1565
- Leikskólakennari/leiðbeinandi, tímabundið

Marbakki: 564 1112
- Leikskólakennari

Núpur: 554 7020
- Leikskólakennarar

Rjúpnahæð: 570 4240
- Leikskólakennari á deild/sérkennsla

Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789
- Leikskólakennarar

www.kopavogur.is og job.is

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

STARFSNÁM í UTANRÍKISÞJÓNUSTUNNI

Utanríkisráðuneytið óskar eftir umsóknum um starfsnám í utanríkisþjónustunni. Markmið starfsnámsins er að gefa ungu fólki sem er að hefja starfsferil sinn færi á að kynnast störfum utanríkisþjónustunnar. Um er að ræða tímabilið frá janúar til og með júní 2009. Gert er ráð fyrir að ráða tvo til fjóra starfsnema og munu þeir starfa á sendiskrifstofum Íslands erlendis.

Krafist er góðrar kunnáttu í íslensku, ensku og Norðurlandamáli, auk þess sem æskilegt er að viðkomandi hafi vald á frönsku, þýsku og eða öðrum tungumálum sem geta nýst á þeim starfsstöðvum sem í boði verða. Umsækjendur þurfa að hafa lokið a.m.k. B.A. eða B.S. gráðu eða samsvarandi námi. Leitað er að duglegum og samviskusömum einstaklingum með góða aðlögunarhæfni.

Starfsnám hjá utanríkisráðuneytinu er launað og þiggja starfsnemar laun skv. kjarasamningi ríkisins og FHSS.

Umsóknir með upplýsingum um m.a. menntun, starfsreynslu, tungumálakunnáttu, meðmælendur og öðrum persónuupplýsingum s.s. símanúmeri og heimilisfangi, skulu sendast utanríkisráðuneytinu með rafrænum hætti á netfangið starfsnam@mfa.is fyrir 12 október 2008. Umsóknin gildir í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Hreinn Pálsson og Þorbjörn Jónsson hjá utanríkisráðuneytinu.

KÍKTU Á CAPACENT.IS

capacent RÁÐNINGAR



Sense leitar að liðsauka!

Sense er byltingarkenndur vettvangur fyrir stafrænan lífsstíl og stafræna miðlun.
Hjá Sense starfar fjöldi sérfræðinga með áralanga reynslu í sölu og þjónustu á hljóð-, mynd- og stjórnkerfum fyrir fyrirtæki og heimili.

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir forritara á Crestron stjórnkerfum. Með Crestron stjórnkerfum eru möguleikarnir nær óendanlegir og hugmyndaauðgi hvers og eins forritara opnar reglulega ný tækifæri.

FORRITARI Á CRESTRON STJÓRNKERFI

STARFIÐ
- Hönnun, forritun og prófanir á stjórntölvum og viðmótum, einkum snertiskjám.
- Samtenging við önnur kerfi, s.s. ljós, hita og öryggi.
- Samskipti við viðskiptavini og hönnuði.

MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR
- Háskólamenntun í tölvunar-, tækni- eða verkfræði æskileg.
- Kunnátta í grafískri vinnslu mikill kostur.
- Þekking á hljóð- og myndbúnaði.
- Gott notendaviðmót, vandvirkni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Áhugasamir sæki um á heimasíðu Nýherja, www.nyherji.is fyrir 30. september nk.
Nánari upplýsingar veitir Þorvaldur Einarsson, tæknistjóri Sense, thorvaldur@sense.is.

Hjá Nýherja og dótturfélögum starfa í dag um 750 manns. Sérþekking þeirra, metnaður og þjónustulund eru forsendur þess að geta skapað viðskiptavinum okkar sérsniðnar og verðmætar lausnir. Með fjárfestingu í þekkingu starfsmanna og starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, samvinnu og sveigjanleika hefur okkur tekist að skapa það forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.

sense er hluti af Nýherja

sense

HLÍÐASMÁRA 3 - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 585 3800 - www.sense.is

Stjörnu-Oddi Sölumaður

Hátæknifyrirtækið Stjörnu-Oddi leitast eftir að bæta við starfsmanni í söludeild. Viðkomandi fær ábyrgð á að stofna til nýrra viðskiptasambanda á nýjum mörkuðum og halda í núverandi viðskiptavini. Starfið felur í sér nauðsynlegar söluaðgerðir, greiningarvinnu og þátttöku í áætlanagerð. Viðkomandi þarf annaðhvort að hafa tækni- eða viðskiptamenntun, hafa góða hæfileika til að koma upplýsingum á framfæri til viðskiptavina og hafa öfluga árangursmeðvitund. Góð skrifleg og munnleg enskukunnátta er alger nauðsyn. Markaðssetning Stjörnu-Odda fer að mestu fram gegnum netið og einstaka sýningar á erlendum vettvangi.

Viðkomandi þarf að hafa góða hæfileika til að vera í samskiptum við viðskiptavini, vera vandvirkur og samviskusamur. Reynsla af sölumálum er kostur en ekki skilyrði. Við bjóðum: Spennandi verkefni í samstarfi við samstilltan hóp starfsmanna í fyrirtæki sem á sér spennandi framtíðarmöguleika. Stjörnu-Oddi framleiðir fyrst og fremst mælitæki, vörur félagsins eru seldar um allan heim, aðallega til umhverfisrannsókna og til merkinga á dýrum/fiskum, og einnig til iðnaðarnota.

Umsóknin sendist eigi síðar en 1. október 2008 með tölvupósti "star-oddi@star-oddi.com" eða bréflega til Stjörnu-Odda, Vatnagörðum 14, 104 - Reykjavík, merkt "Sölumaður".

Frekari upplýsingar veitir Sigmar Guðbjörnsson, heimasíða Stjörnu-Odda er www.star-oddi.com.

Vélaverkfræðingur

Við óskum að ráða vélaverkfræðing til starfa hjá Norðuráli á Grundartanga

Verksvið og ábyrgð
Umsjón með rekstrartengdum verkefnum varðandi viðhald og endurbætur á vélbúnaði og framleiðslukerfum álversins. Einnig verkefnastjórnun stærri nýverkefna, gerð framkvæmda- og fjárhagsáætlana auk samskipta við verktaka og framleiðendur búnaðar.

Hvaða kröfur gerum við?
Við leitum að vélaverkfræðingi með nokkurra ára starfsreynslu, helst að viðkomandi hafi starfað í iðnaðarumhverfi.

Aðrar hæfniskröfur:
- Metnaður
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð enskukunnátta, bæði í töluðu og rituðu máli

Nánari upplýsingar veita Óskar Jónsson, framkvæmdastjóri tækni- og umhverfissviðs og Rakel Heiðmarsdóttir framkvæmdastjóri starfsmannasviðs í síma 430-1000.

Hvernig sækir þú um?
Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 6. október n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordual.is eða póstlagt umsóknina merkta: Vélaverkfræðingur.

Jafnrétti
Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

Trúnaður
Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á fimmta hundrað talsins, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnafræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, rafvirkjar, vélvirkjar, vélstjórar & rafsuðumenn, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

---

World Class ICELAND

Seltjarnarnesi

leitar að starfsmanni

… sem býr yfir framúrskarandi þjónustulund, er jákvætt, sýnir frumkvæði, tekur ábyrgð á starfi sínu og leitar bestu lausna fyrir viðskiptavini!

Óskum eftir starfsmanni í afgreiðslu.
Um er að ræða fullt starf (vaktavinna)
og gott ef viðkomandi getur byrjað sem fyrst.

Umsjón með ráðningu hefur Sonja Bergmann
sonja@worldclass.is

World Class ICELAND

í Hafnarfirði

leitar að starfsmanni

Óskum eftir starfsmanni í ræstingu
í stöð okkar í Hafnarfirði.
Um er að ræða hálft starf – 4 klst. alla virka daga
– vinnutími samkomulagsatriði

Óskað er eftir því að starfsmaður geti byrjað fljótlega.
Umsjón með ráðningu hefur
Ólafur Jóhannesson olafur@worldclass.is

We are looking for a person in our
cleaning-department in World Class - Hafnarfjörður.
The job offers 4 hours a day and it would be
great if applicant could start working soon.
For further information please contact
Ólafur Jóhannesson olafur@worldclass.is

STUÐLAR
MEÐFERÐARSTÖÐ FYRIR UNGLINGA

Hefur þú áhuga á að vinna með ungu fólki og búa til hollan og góðan mat?

Stuðlar, Meðferðastöð ríkisins fyrir unglinga óskar eftir matráðsmanni /konu í fullt starf . Starfið felur m. a. í sér meðferðarskyldur enda starfið í nánum tengslum við starfsfólk og nemendur meðferðastöðvarinnar.

Viðkomandi þarf að geta eldað hollan og góðan mat, hafa áhuga á að vinna með og leiðbeina ungu fólki við eldhússtörf og vera reglusamur og snyrtilegur í umgengni.

Umsækjendur þurfa að vera stundvísir, geta hvorttveggja farið eftir verklagsreglum og jafnframt sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.
Laun skv. kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana.
Umsóknarfrestur er til og með 5.10.08.

Umsóknir berist til Stuðla - meðferðarstöðvar ríkisins
fyrir unglinga, Fossaleyni 17, 112 Reykjavík.
Umsóknareyðublöð fást á heimasíðu Stuðla,
www.studlar.is

Nánari upplýsingar veita Sólveig Ásgrímsdóttir,
solveig@studlar.is og Mímir Völundarson, mimir@studlar.is
og í síma 530-8800.

Öllum umsóknum verður svarað.

GLERBORG PGV
GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR

Meiraprófsbílstjóri

Okkur vantar meiraprófs/milliprófsbílstjóra til að koma framleiðslu okkar úr verksmiðju til viðskiptavina.

Áhugasamir hafi samband við Þorstein 6992434 eða Nikulás 8926472.

HEGAS ehf.

óskar að ráða starfsmann.

Við leitum að fjölhæfum og áhugasömum framtíðar starfsmanni í bókhald. Um 50% starf er að ræða.

Starfssvið:

1. **Færsla bókhalds.**
2. **Tollskýrslugerð**
3. **Almenn skrifstofustörf.**

Æskilegt er að umsækjandi hafi unnið í TOK bókhaldsforrit og geti byrjað fljótlega. Umsóknum skal skilað fyrir 30.sept. n.k. á póstfangið hegas@hegas.is eða bréflega beint til fyrirtækisins.

Hegas ehf. er 20 ára gömul heildverslun, sem sérhæfir sig í vörum fyrir byggingariðnaðinn. Hegas býður upp á góða vinnuaðstöðu og gott og líflegt starfsumhverfi.

Hegas ehf.
Smiðjuvegi 1, 200 Kópavogur
Sími 567 0010, fax 567 0032
póstfang: hegas@hegas.is

Starfsfólk á síma óskast.

Okkur vantar starfsfólk á síma (vaktavinna):

Tölvukunnátta æskileg.
Áhugasamir þurfa að geta hafið störf fljótlega.

Umsóknir:
Best væri að þeir sem hafi áhuga sendi tölvupóst með starfsferils skrá á hreyfill@hreyfill.is
fyrir 26.sept

HREYFILL
BEINA LEIÐIN
5 88 55 22

FORRITARI

Loftmyndir ehf er leiðandi fyrirtæki í öflun og vinnslu landfræðilegra gagna hér á landi og hefur nýlega lokið við að kortleggja Ísland eftir loftmyndum.

Nú er að hefjast nýr kafli í sögu fyrirtækisins þar sem unnið er að uppsetningu á landfræðilegum lausnum fyrir kröfuharða notendur.
Hjá Loftmyndum ehf er kappkostað að nota bestu fáanlegu lausnir hverju sinni eins og t.d. www.map24.is

Vegna nýrra verkefna og aukinna umsvifa leitum við nú að forritara með staðgóða menntun í almennri hugbúnaðargerð og reynslu af .Net og Java forritun.
Sjálfstæð vinnubrögð og góð samskiptahæfni nauðsynleg. Góð vinnuaðstaða í hópi bestu sérfræðinga á sviði landfræðilegrar þjónustu hér á landi.
Góð laun fyrir réttan starfsmann.

Umsækjendur sendi starfs- og námsferilsupplýsingar á orn@loftmyndir.is fyrir 1. október 2008.

Nánari upplýsingar á www.loftmyndir.is

change RULES.

Cohn & Wolfe Íslandi er ráðgjafarfyrirtæki á sviði stefnumótandi almannatengsla innan Young & Rubicam – WPP Group, stærstu boðmiðlunarsamsteypu í heimi. WPP Group er eina alþjóðlega fyrirtækið, á þessu sviði, sem starfrækir eigin skrifstofur á Íslandi. WPP Group rekur einnig skrifstofu MediaCom hér á landi.
Cohn & Wolfe er nýtt nafn á GCI Group, en tvö ráðgjafarfyrirtæki WPP Group sameinuðust á heimsvísu í júlí sl. undir nafni Cohn & Wolfe. GCI Group Íslandi, nú Cohn & Wolfe Íslandi, er eitt stærsta almannatengslafyrirtækið á Íslandi.

cohn&wolfe

Cohn & Wolfe Íslandi kallar eftir atvinnuumsóknum. Þú vilt takast á við skipulagningu á sviði almannatengsla. Vilt læra. Vilt gjarnan fara aðrar leiðir en venjulega í þeim tilgangi, að ná betri árangri en aðrir. Þú vilt vinna hjá framsæknu alþjóðlegu fyrirtæki í ört vaxandi atvinnugrein.

Almannatengsl í alþjóðlegu umhverfi

Þú ert vaktstjóri á fréttavakt Cohn & Wolfe Íslandi. Ert góður og fjölhæfur penni með kunnáttu til að leita uppi og koma auga á áhugaverðar upplýsingar – bæði innanlands og utan. Ert með fréttanef. Getur greint kjarnann frá hisminu og meðhöndlað fréttir og fréttatengt efni með hliðsjón af æskilegustu boðleiðinni hverju sinni.

Starf vaktstjóra er á stigi aðferðarmótunar (Tactical Planning). Aðferðarmótun felst í skipulagningu herferða, vali á boðrásum, boðleiðum og framsetningu skilaboða. Þekking og reynsla á öllum tegundum fjölmiðlunar auk skilnings á taktískri hugsun er mikilvæg.

Vaktstjóri hefur gott vald á íslensku og ensku. Hefur haldgóða kunnáttu í einu af Norðurlandamálunum og jafnvel einnig þýsku. Góð tölvukunnátta er skilyrði.

Sendu umsókn á reykjavik@cohnwolfe.is fyrir 25. sept.

Viltu vinna á skemmtilegum vinnustað?

Húsasmiðjan leitar að starfsfólki í afgreiðslustörf á kassa og aðstoð í deildum í verslununum í Grafarholti.

Afgreiðslustarf á kassa og aðstoð í deildum

Vinnutími virka daga frá kl. 09:00-19:00, einn virkur frídagur í viku og unnið aðra hverja helgi frá 12:00-19:00 eða samkvæmt samkomulagi.

Möguleiki er á hlutastarfi eftir samkomulagi.

- **Starfssvið:**

Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini.
Önnur tilfallandi störf.

- **Hæfniskröfur:**

Þjónustulund og heiðarleiki.
Tölvukunnátta**.**

Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri.

Sendið umsóknir til
Elínar Hlífar Helgadóttur, starfsmannastjóra, elinh@husa.is
Einnig er hægt að sækja um störfin á heimasíðu Húsasmiðjunnar - www.husa.is

Fyrir alla

Húsasmiðjan hvetur alla, sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.
Heilsuefling: Húsasmiðjan og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt starfsmanna.
Viðskiptakjör: Við bjóðum starfsmönnum góð kjör.
Húsasmiðjuskólinn: Við rekum skóla sérstaklega fyrir starfsmenn.
Haldin eru um 100 námskeið á ári og námsvísir er gefinn út vor og haust.
Starfsmannafélag: Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttaviðburði og útleigu sumarhúsa.

Um Húsasmiðjuna

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og í hópi stærstu fyrirtækja landsins.
Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu.
Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.
Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

Reykjavíkurborg
Framkvæmda- og eignasvið

Verkefnastjóri hjá útboðs- og áætlanadeild

Óskað er eftir verkefnastjóra til starfa hjá útboðs og áætlanadeild skrifstofu Gatna- og eignaumsýslu. Skrifstofa Gatna- og eignaumsýslu sér um rekstur og viðhald gatna, gangstíga, opinna svæða og fasteigna í eigu Reykjavíkurborgar og skiptist m.a. í gatnadeild og byggingadeild.

Starfssvið
- Taka þátt í stjórnun verkefna og eftirfylgni þeirra.
- Verkbókhald og samþykkt reikninga.
- Verkefnastjórn og vinnsla við gerð kostnaðargreiningu vegna útseldrar vinnu.
- Umsjón með samræmdri skráningu í verkbókhald vegna skrifstofunnar.
- Gerð kostnaðaráætlana vegna útboða.
- Eftirfylgni vinnuáætlunar viðhalds varðandi útboðsverk o.fl.
- Eftirlit einstakra útboðsverka.
- Vinna við fasteignavef.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Tæknimenntun eða rekstrarmenntun.
- Þekking á bókhaldi / verkbókhaldi.
- Mikil hæfni og geta til frumkvæðis og mannlegra samskipta.
- Góð tölvuþekking - Word, Excel, Lotus notes.
- Þekking á borgarkerfinu er æskileg.

Um er að ræða framtíðstarf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Agnar Guðlaugsson deildarstjóri í síma 411-1111.

Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur **til 29. sept. 2008.** Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is undir " Störf í boði". - Verkefnastjóri hjá útboðs- og áætlanadeild.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Skrifstofustjóri - afleysing

Laus er til umsóknar tímabundin staða skrifstofustjóra á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar.

Starfssvið: Umsjón með skrifstofuhaldi sviðsins þ.m.t. móttaka og svörun erinda, þjónusta við menningar- og ferðamálaráð undir stjórn sviðsstjóra, undirbúningur og frágangur vegna funda, undirbúningur og eftirfylgni styrkjaauglýsinga, viðurkenninga og úthlutana á vettvangi menningarmála, umsjón með skjalastjórnun, umsjón með vefmálum, bréfaskriftir og ýmis erlend samskipti.

Starfið krefst:
- Háskólamenntunar og/eða umtalsverðrar reynslu af skrifstofustörfum.
- Góðrar færni í íslensku og tölvuvinnslu.
- Þjónustulundar og mikillar færni í samskiptum við ólíka hópa fólks.
- Nákvæmni og góðrar tungumálakunnáttu.

Reynsla af skjalastjórnunarkerfinu GoPro er nauðsynleg sem og reynsla af skrifstofustörfum á vettvangi stjórnsýslunnar. Áhersla er lögð á metnað, jákvæðni og sveigjanleika.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Um er að ræða tímabundna ráðningu í allt að eitt ár og þarf viðkomandi að geta hafið störf **eigi síðar en 1. nóvember 2008.**

Nánari upplýsingar veitir: svanhildur.konradsdottir@reykjavik.is auk þess sem vakin er sérstök athygli á markmiðum starfsmanna- og jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á **www.rvk.is.**

Umsóknarfrestur er til og með 3. október nk. Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is/storf**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Ævintýri alla daga

Leikskólinn Sæborg, Starhaga 11, auglýsir eftir leikskólakennurum og/eða starfsfólki með aðra uppeldismenntun. Einnig er óskað eftir starfsfólki með menntun í listgreinum s.s. myndlist eða tónlist.

Í Sæborg starfar samhent og metnaðarfullt starfsfólk með glöðum hópi barna. Þar er unnið er spennandi þróunarstarf í anda hugmyndafræði Reggio Emilia og hlaut leikskólinn nýlega styrk til að þróa ferilmöppur barna.

Allar nánari upplýsingar veitir Soffía Þorsteinsdóttir leikskólastjóri, sími: 562 -3664/693-9851, netfang: saeborg@leikskolar.is.

Umækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is/storf**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið
www.leikskolar.is

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Félagsstarf aldraða, Gjábakka
- Starfsmaður í eldhús 65%

Félagsþjónusta Kópavogs:
- Starfsmaður frístundaheimilis fyrir börn og unglinga með sérþarfir
- Aðstoð við heimilisstörf
- Liðveisla, tilsjón og persónuleg ráðgjöf
- Barnavernd, tilsjón

Roðasalir – sambýli og dagþjálfun
- Starfsmenn í dagþjálfun

ÍTK – Íþrótta- og tómstundaráð
- Kúlan, félagsmiðstöð, forstöðumaður
- Fönix , félagsmiðstöð, frístundaleiðbeinandi

Íþróttamiðstöðin Versalir
- Laugarvarsla/baðvarsla karla

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Hörðuvallaskóli:
- Textílkennari, vegna forfalla
- Starfsmenn í Dægradvöl 50%-70%

Kársnesskóli:
- Forfallakennari í tilfallandi forföll
- Gangavörður/ræstir 100%
- Matráður starfsmanna

Salaskóli:
- Stuðningsfulltrúar - hlutastarf eða fullt starf

Snælandsskóli:
- Gangavörður/ræstir 100% starf

Vatnsendaskóli:
- Starfsmaður í Dægradvöl
- Forfallakennari
- Dönskukennari 50% starf

www.kopavogur.is og job.is

LANDSPÍTALI

Hjúkrunarfræðingur D-s

Hjúkrunarfræðingur í starfslýsingu D-s óskast til starfa á lungnadeild A-6 í Fossvogi. Viðkomandi starfar náið með deildarstjóra og er staðgengill hans. Lungnadeildin er eina sérhæfða deild sinnar tegundar á landinu.

Við leitum eftir metnaðarfullum, reyndum hjúkrunarfræðingi sem hefur áhuga á að starfa með samhentum hópi fagfólks að uppbyggingu og þróun hjúkrunar á sviði hágæslu og meðferðar bráð- og langveikra lungnasjúklinga og fjölskyldna þeirra. Góð samskiptahæfni er nauðsynleg og reynsla af stjórnun er kostur. Starfshlutfall er 80-100% og vinnutími er sveigjanlegur. Boðið er uppá einstaklingshæfða aðlögun og skipulagða fræðslu.

Umsóknir berist fyrir 10. október 2008 til Guðrúnar Jónsdóttur, deildarstjóra, netfang gudjonsd@landspitali.is og veitir hún upplýsingar í síma 543 6677.

Hjúkrunarfræðingur Líknardeild aldraðra

Leitum eftir áhugasömum hjúkrunarfræðingi til að taka þátt í líknandi hjúkrun aldraða einstaklinga á Landakoti. Starfshlutfall er samkomulag, vaktavinna.

Á deildinni eru níu einbýli. Áhersla er lögð á lífsgæði sjúklinga í líknarmeðferð og fjölskyldna þeirra. Unnið er eftir hjúkrunarformi einstaklingshæfðrar hjúkrunar og verið er innleiða fjölskylduhjúkrun. Teymisvinna er mikilvægur þáttur í starfseminni.

Á öldrunarsviði er mikið gæða og umbótastarf í gangi sem starfsmenn eru hvattir til að taka þátt í.

Umsóknir berist fyrir 6. október 2008 til Bryndísar Gestsdóttur, hjúkrunardeildarstjóra, netfang bryndisg@landspitali.is og veitir hún upplýsingar í síma 543 9873.

Læknaritari

Læknaritarar óskast á geðsvið. Starfshlutfall er 100%.

Geðsvið er áhugaverður vinnustaður með fjölbreytilegum verkefnum þar sem áhersla er lögð á þverfaglegt samstarf. Starfsandi er góður og samstarfsfólk hvetjandi. Viðtöl verða höfð við alla umsækjendur og byggist ráðningin á þeim ásamt umsóknum.

Umsóknir berist fyrir 6. október 2008 til Hallberu Leifsdóttur, skrifstofustjóra 34D, Hringbraut, netfang hallalei@landspitali.is og veitir hún upplýsingar í síma 543 4077.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu mannauðsmála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Fasteignablað

178. Tölublað - 6. árgangur - 21. september 2008

Sæktu sloppana, ég skal poppa, það er kósíkvöld í kvöld," syngja drengirnir í Baggalút í einu laga sinna. Óhætt er segja að hvert orð sé þar samið og sungið af hjartans lyst þar sem í textanum er fólgin uppskrift félaganna að hinu fullkomna kósíkvöldi.

„Tónlist og grín- og hasarmyndir frá 9. áratugnum, sem kalla fram ljúfsárar minningar, og gott sjónvarpsnasl eru grunnurinn að notalegri samverustund," segir texta- og lagahöfundurinn Bragi Valdimar Skúlason og bætir við að nauðsynlegt sé að nostra aðeins við naslið svo að úr verði ósvikin sælkeraveisla. „Til dæms mætti flikka aðeins upp á gamla góða örbylgjupoppið, án þess þó að ganga of langt með því að hunangspensla hvert og eitt. Þá hættir þetta að vera kósí," útskýrir hann og segir svo tilvalið að skella sér í litríka sloppa til að fullkomna stemninguna.

- rve

KÓSÍMATUR PAR EXELENS

PÖNNUKÖKU-TRÍTMASTER

3 dl hveiti
1/2 tsk salt
3 egg
6 dl mjólk
30 g brætt smjör
1 kirsuber
Rifsberjagel, eftir smekk
Þeyttur rjómi, í óhófi

Þeytið mjólk, hveiti og salt saman. Hrærið eggjum saman við og loks smjörinu. Bakið næfurþunnar pönnukökur úr deiginu. Staflið pönnukökunum upp með vænu lagi af sultu á milli. Skellið rjómanum ofan á þegar staflinn er orðinn ásættanlega hár og komið loks einu sérvöldu kirsuberi fyrir efst, í miðjunni.

HVEITIBOLLUR GULLGERÐAR-MEISTARANS

1 og 1/4 bolli volgt vatn
1 tsk ger, beint út í
1 msk sykur, beint út í
1 til 2 msk olía, beint út í
3 bollar af hveiti
1 tsk salt, sett ofan á hveitið
Rúsínum, bætt í ef vilji er fyrir hendi

Hnoðið og setjið í form. Látið rísa eins lengi og mögulegt er. Mótið bollurnar og látið hefast enn frekar. Bakað í ofni við 180°C í 15 mínútur, eða þar til bollurnar eru slegnar gullnum ljóma. Berið bollurnar fram ylvolgar með stikkilsberjahlaupi og vel þroskuðum suður-evrópskum brie.

POPP SÖRPRÆS

Poppið poppkorn eftir smekk – og setjið í fallega skál. Stingið þar-tilgerðum prjóni síðan í gegnum hvert popp og dýfið því í eina af eftirtöldum ídýfum (eða margar í einu, eftir smekk):

Bráðið súkkulaði, helst hvítt. Sýróp. Óbærilega sterka salsasósu. Bernais-, kokteil- eða soyasósu (má sleppa).

SALTSTANGIR PAR EXELANS

Vefjið sérvöldum miðlungssöltuðum saltstöngum, þremur og þremur saman, inn í örþunna sneið af hamborgarhrygg, upp á flippið.

DRYKKJARFÖNG

Með þessu er að sjálfsögðu drukkið vel kælt kamparí í órans. Og svo að endingu sjóðheitur, firnasterkur bolli af biksvörtu Bragakaffi.

Þjóðlegir réttir

FISKUR FYRIR SÆLKERA

KÖLD LÚÐA FRÁ CAFÉ LOKA

fyrir 4

800 g af stórlúðu kryddið með salti, pipar, papriku og ólívuolíu

Bakið í um 10 mínútur í gufuofni eða í venjulegum ofni. Látið kólna.

KÖLD SÓSA
1 dós sýrður rjómi
3 msk. af söxuðum graslauk
1 msk. sítrónusafi

Hrærið allt vel og látið standa í ísskáp á meðan kartöflurnar bakast.

KARTÖFLUR
1 poki af lífrænt ræktuðum íslenskum kartöflum – skornum í tvennt

Saltið, piprið og dreypið olíu yfir. Bakið í ofni í um 25 mínútur þar til þær eru fallega gylltar og bakaðar í gegn.

SALAT
1 knippi Lambhagasalat
1 poki klettasalat rifið gróft niður og sett á fjóra diska

Brytjið lúðu niður ofan á salatið ásamt 1 msk. af fetaosti og 2 tómötum á hvern disk. Setjið teskeið af olíu frá fetaostinum yfir lúðubitana.

Berið heitar kartöflurnar fram ásamt kaldri sósunni.

ALSÆLA FRÁ ÖMMU

Ilmandi kjötsúpa og plokkfiskur eru á matseðli Café Loka við Lokastíg en þar gefst gestum kostur á að bragða á rammíslenskum veitingum eins og sviðasultu, rúgbrauði og hangikjöti.

Hjónin Hrönn Vilhelmsdóttir og Þórólfur Antonsson hafa opnað veitingastaðinn Café Loki á annari hæð að Lokastíg 28 en þau höfðu rekið textílverslun á Barónsstíg í mörg ár. Á kaffihúsinu bjóða þau upp á rammíslenskan mat og bakkelsi sem hefur runnið vel ofan í ferðamennina. „Við bökum allt brauð sjálf og bjóðum upp á rúgbrauð með kæfu eða plokkfiski eða taðreyktum silungi sem við fáum frá Skútustöðum. Flatkökurnar bökum við yfir eldi og hér er alltaf hægt að fá heimalagaða kjötsúpu," segir Hrönn. Í sumar voru ferðamennirnir stór hluti gesta en einnig kemur mikið af Íslendingum til að borða alvöru íslenskan mat. „Það kemur hingað eldra fólk, alsælt og svo líka ungt fólk sem er að upplifa eitthvað sem þau fengu að borða hjá ömmu." -rat

Lúða eða heilagfiski eins og hún var kölluð á árum áður..

Hrönn og Þórólfur bjóða upp á rammíslenska kjötsúpu alla daga sem þau laga sjálf.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hrönn Vilhelmsdóttir textíllistakona og Þórólfur Antonsson.

Lostæti á Rauðará

Með úrvalskokkunum þeim Guðmundi, Hinrik og Sveinbirni
þeir ásamt starfsfólki í sal taka vel á móti ykkur inní veturinn.

Steikarveisla 6.900,-

Forréttur: Koníaksbætt rjóma humarsúpa
Aðalréttur: lamb á tvo vegu, grillaður hryggur og brasseraður frampartur með kartöflumauki og lambasoðsósu.
Desert: logandi vanillu crémbrullé

Villibráðarveisla 7.500.-

Forréttur: Grá önd á tvo vegu pönnusteikt bringa og brasseað læri ásamt selerí rótarmauki
Aðalréttur: Hreindýramedalíur með gamaldags rjómasósu
Desert: Heilög þrenning, eplapæ, eplamúffin og tartar tartín

Humarveisla 7.500.-

Forréttur: Grillaður humar í skel með villisveppa rísottó
Aðalréttur: Nautasteik New Orleans með crembrulle lauk
Desert: Heit súkkulaðiterta með vanilluís og jarðaberjasósu

Guðmundur Viðarsson, yfirkokkur

– ástríðufullur veitingastaður með fersku yfirbragði

RAUÐARÁ
RESTAURANT

RAUÐARÁRSTÍG 37
SÍMI 562 6766
WWW.RAUDARA.IS

ÍSLENSKA/SIA.IS/RAU 40912 01/08



Gufuofnar frá Siemens

Það besta sem getur komið fyrir grænmetið. Og steikina. Og fiskinn. Hollt og alveg án fitu. Fáðu þér gufuofn frá Siemens!

Gufuofnarnir frá Siemens eru kjörin lausn handa öllum hollustumeðvituðum kokkum og mathákum. Í þeim verður maturinn sérlega gómsætur. Kostir þeirra tala sannarlega sínu máli. Grænmeti heldur stinnleika sínum og safa, kartöflurnar verða ekki mauksoðnar. Eldað er í gufu einni saman. Við það heldur maturinn mjög vel bragðeiginleikum sínum, lit og angan; fjör- og steinefni varðveitast vel og þar með næringargildi hans. Loks er hvorki notuð fita né olía við matreiðsluna. Fitan úr matnum verður fljótandi og drýpur niður í pönnuna sem höfð er undir.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

STARFSMANNAVEISLUR
AFMÆLI & HÓPAR
ÁRSHÁTÍÐIR

UPPLIFIÐ
Óvissuferð
AÐ OKKAR HÆTTI

7 SPENNANDI TAPAS RÉTTIR
LÉTTUR FORDRYKKUR
EFTIRRÉTTUR

barinn
Tapas

RESTAURANT - BAR VESTURGÖTU 3B
101 REYKJAVÍK SÍMI 551-2344

WWW.TAPAS.IS

NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR
SKRIFAR MATARHUGLEIÐINGAR

Íslenskur haus í nýjum bú

Íslenskur matur – ekki síst haustmaturinn – er í huga margra eitthvað hefðbundið, gamaldags og nánast óbreytanlegt – eða að minnsta kosti kunnuglegt. En svo þarf sannarlega ekki að vera og það hefur sannast rækilega í verkefninu Stefnumót hönnuða og bænda, þar sem nemendur hönnunardeildar Listaháskólans vinna með bændum að nýstárlegum vörum úr íslensku hráefni. Þar hefur ýmislegt óvænt og áhugavert komið fram.

Síðastliðinn mánudag voru tvö þessara verkefna kynnt með hádegisverði þar sem boðið var upp á sláturtertu með berjasósu og rabarbarakaramellu á eftir. Rabarbía-karamellan var þróuð með rabarbarabændunum á Löngumýri á Skeiðum og er rjómakaramella bragðbætt með frostþurrkuðum lífrænt ræktuðum rabarbara. Hún reyndist einstaklega bragðgóð – fyrst var þetta bara indælis karamella en allt í einu kom rabarbarabragðið í munninn og þá varð hún alveg sérstök. Karamellan, sem fæst í Vínberinu, er mótuð eins og rabarbarastöngull og umbúðirnar sérstakt augnayndi.

Sláturtertan er aðeins fáanleg í Fjallakaffi í Möðrudal á Fjöllum, en Möðrudalsbændur hafa gert sér sérstakt far um að bjóða upp á íslenskar veitingar og sláturtertan er afar skemmtileg viðbót. Þetta er að sjálfsögðu ekki kaffiterta, heldur fitulítið, jurtakryddað slátur, sem ekki er troðið í kepp eins og venja er, heldur matreitt í kökuformi og borið fram á fati. Sláturtertusneið með gómsætri berjasósu, rófustöppu og kartöflustöppu reyndist bragðgóður biti og líklega ekki síðri með grjónagraut. Stefnumót hönnuða og bænda er frábært framtak og ég hlakka til að sjá hvað kemur út úr því á næstu árum – byrjunin hefur lofað góðu.

Ég ætla ekki að gefa uppskrift að sláturtertu en fer hins vegar í þá áttina því bragðið er hreint ekki svo ólíkt. Lifur er einhver ódýrasti matur sem hægt er að fá og góð ef maður kann á annað borð að meta hana – sé hún rétt matreidd. Hana á alls ekki að steikja of lengi, hún á að vera rétt steikt í gegn og því er best að skera hana í mjög þunnar sneiðar og steikja við góðan hita. Svolítill chili-pipar gefur lifrinni svo nýjan keim. Oftast er lambalifur borin fram í brúnni hveiti- eða rjómasósu en mér finnst sæt (eða súrsæt) berjasósa eiga betur við. Ég átti til rifsber en það má líka nota til dæmis bláber eða frosna berjablöndu úr stórmarkaðnum.

SNÖGGSTEIKT LIFUR
með sveppum og rifsberjasósu

800 g lambalifur
500 g sveppir
50 g smjör
2-3 skalottlaukar, saxaðir (eða ¼ venjulegur laukur)
1 hvítlauksgeiri, saxaður smátt
nokkrar timjangreinar eða ½ tsk þurrkað timjan

Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki

STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: BÍÓ BÍÓ EXTRA EXTRA
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

tmatur
ningi

Verkefnið Stefnumót hönnuða og bænda felst í því að nemendur hönnunardeildar LHÍ vinna með bændum að nýstárlegum vörum úr íslensku hráefni.

pipar og salt
1 msk olía
3 msk hveiti
1 tsk paprikuduft
chili-pipar á hnífsoddi (má sleppa)

Skerðu lifrina á ská í 1 cm þunnar sneiðar og hreinsaðu burt æðar. Skerðu sveppina í tvennt eða fernt. Bræddu smjörið á stórri, þykkbotna pönnu, settu sveppi, lauk, hvítlauk og timjan á pönnuna og steiktu sveppina við góðan hita í nokkrar mínútur, þar til þeir hafa tekið góðan lit. Hrærðu oft í þeim á meðan og kryddaðu með pipar og salti. Taktu sveppi og lauk af pönnunni og bættu olíunni á hana. Blandaðu saman hveiti, paprikudufti, chili-pipar, pipar og salti á diski, veltu lifrarsneiðunum upp úr blöndunni og steiktu þær við háan hita í um 1 mínútu á hvorri hlið. Settu lifrina á hitað fat ásamt sveppunum og berðu fram með rifsberjasósu, kartöflum og grænu salati.

RIFSBERJASÓSA
400 g rifsber (má nota önnur ber)
100 g hrásykur (eða hvítur sykur)
100 ml vatn, og meira eftir þörfum
1 skalottlaukur, saxaður smátt
nokkrar ræmur af appelsínuberki (aðeins guli börkurinn)
nokkrar timjangreinar
pipar og salt

Taktu um 50 g af berjum frá og hreinsaðu. Settu afganginn í pott ásamt sykri, vatni, lauk, appelsínuberki og timjani, hitaðu að suðu og láttu malla í um 10 mínútur. Helltu öllu í sigti sem sett er yfir skál og pressaðu safann mjög vel úr berjamaukinu. Helltu safanum aftur í pottinn og láttu sjóða áfram þar til hann er farinn að þykkna dálítið. Settu hreinsuðu berin út í og láttu sjóða í nokkrar mínútur í viðbót. Bættu við vatni ef sósan verður of þykk. Smakkaðu og bragðbættu með pipar og salti eftir smekk.

TRÖNUBER MEÐ TÖFRAMÁTT

Trönuber eru í senn sælgæti í matargerð, falleg fyrir augað og búa yfir miklum lækningamætti. Algengast er að gera úr þeim sósu sem þykir ómissandi með kalkúni á enskum jólaborðum og þakkargjörðarhátíðum vestra. Berin eru ljúffeng í bakstur en talin of beisk til að maula ein og sér. Trönuberjadjús fæst ýmist sykraður eða ósætur og vinsælt er að blanda því saman við aðra ávaxtasafa vegna beiskju. Í trönuberjum er mikið af heilsusamlegum efnum og góð viðbót við mataræði á haustin þegar umgangspestir herja á. Þau eru rík af andoxunarefnum og þykja verndandi fyrir hjarta, æðakerfi og ónæmiskerfið og veita vörn gegn krabbameini. Trönuberjadjús er vatnslosandi, hann hindrar myndun nýrnasteina og dregur úr margs konar sýkingum.

VIÐ MÆLUM MEÐ...

...DÆGURTÓNLIST. Ljúfir tónar Sigurðar Guðmundssonar og Memfismafíunnar á plötunni Oft spurði ég mömmu fara einstaklega vel með góðum mat en þar er að finna ellefu íslensk og erlend dægurlög sem hafa lengi notið vinsælda.

...KVÖLDSNARLI VIÐ SKJÁINN. Niðurskorið grænmeti, vínber, ostar sulta, kex og ef til vill einstaka súkkulaðimoli er tilvalið kvöldsnarl með uppáhaldskrimmanum.

...ÞVÍ AÐ BORÐA VIÐ KERTALJÓS. Kertatíminn er genginn í garð og með því að slökkva öll ljós og borða við nokkrar litlar ljóstírur má koma sér í sannkallað hátíðarskap.

...BAKSTRI. Nú er rétti tíminn til að baka og fylla heimkynnin af góðri bökunarlykt.

...HAUSTLAUFUM TIL SKRAUTS. Mislitum haustlaufum má dreifa yfir hvítan borðdúk eða á diska á veisluborði til að gefa réttu stemninguna. Ekki spillir fyrir ef rjúkandi pottréttur eða matarmikil súpa er á boðstólum.

vodafone Iceland Express 1011 ...alltaf opið! Vörður
BARCLAYS PREMIER LEAGUE
Í DAG KL. 12:50 HD
CHELSEA MAN. UTD.

Í DAG
KL. 10:45 WBA – Aston Villa
KL. 12:50 Chelsea – Man. Utd.
KL. 13:55 Tottenham – Wigan
KL. 13:55 Man. City – Portsmouth
KL. 13:55 Hull City – Everton
SPORT 2 SPORT 2 HD SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5

SPORT 2
enski boltinn

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Opin hús í dag – Opin hús í dag

Tröllakór 2-4, í Kópavogi
Opið hús í dag frá 13:00-14:30

Sýnum í dag 3ja til 5 herb. íbúðir á útsýnisstað í Kópavogi. Íbúðirnar skilast fullbúnar, án gólfefna nema baðherbergi og þvottahús verða flísalögð. Vandaðar innréttingar og tæki. Uppþvottavél, örbylgjuofn og ísskápur fylgja. Arinn í öllum íbúðum á efstu hæðinni, aðeins fjórar eftir þar. Stæði í bílgeymslu fylgir flestum íbúðum.
Verð frá 26,5 millj.
Upplýsingar veitir Davíð sölumaður á Höfða í síma 897-1820.

Gerplustræti 25 – 27, í Mosfellsbæ
Opið hús í dag frá 13:00 – 14:30

Glæsilegt 24ra íbúða lyftuhús í hinu vinsæla Helgafellslandi í Mosfellsbæ, þar sem land hallar móti suðri og víðsýnt er til allra átta. Stutt í ósnortna náttúru, frábærar gönguleiðir og útivistarsvæði. Íbúðirnar eru fullbúnar án gólfefna innan tveggja mán. Glæsileg sýningaríbúð tilbúin.
3ja herb. íbúðir. Verð frá 27 millj. - 4ra herb. íbúðir. Verð frá 30 millj.
4-5 herb. íbúðir. Verð frá 33,5 millj.
Upplýsingar veitir Gústaf sölumaður Höfða í síma 895-7205.

Kvistavellir 44, í Hafnarfirði
Opið hús í dag frá 14:00-15.00

Glæsilegar 4ra herbergja íbúðir í nýju lyftuhúsi á sérlega góðum stað. Íbúðirnar afhendist fullbúnar með eða án gólfefna, parket og flísar. Til afhendinga strax. Vandaðar innréttingar frá AXIS, granítborðplötur í eldhúsi og tæki frá Húsasmiðjunni. Möguleiki er á góðum 32-37 fm bílskúrum.
Verð frá 27,1 millj.
Upplýsingar gefur Runólfur sölumaður á Höfða í síma 892-7798.

Drekavellir 28, í Hafnarfirði
Opið hús í dag frá 15:00- 16:00

3ja – 4ra herb. íbúðir í nýju staðsteyptu 4-býli sem afhendist fullbúið án gólfefna. Húsið er steinað að utan og lóð fullfrágengin. Mikil lofthæð og halogen-lýsing í stofu og holi. Innréttingar eru Designa frá EGG-Smáratorgi (litur hvítt og eik). Hreinlætistæk frá Tengi. Flísar frá Agli Árnasyni. Innihurðir spónlagðar með eik. Granít-borðplata. Baðherbergið flísalagt í hólf og gólf. Sturta og baðkar, handhlæðaofn og hiti í gólfi. Vandaðar innréttingar. Geymslur og þvottahús innan íbúða. Stórar suðursvalir á efri hæðinni en sólpallur á neðri hæðinni. Hiti í tröppum og stéttum. Afhending við kaupsamning.
Verð 24,2 og 33,8 millj.
Upplýsingar gefur Runólfur sölumaður Höfða í síma 892-7798.

Brúnás 2, í Garðabæ - Opið hús í dag frá 14:00 - 14:45

Einstaklega glæsilegt 250 fm staðsteypt einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað. Innbyggður 55,8 fm bílskúr. Sérsmíðaðar innréttingar úr hnotu. Upptekin loft með innbyggðri lýsingu. Þrjú glæsileg baðherb. Hnotuparket og náttúrusteinn eru á flestum gólfum. Sjón er sögu ríkari. Hér er um að ræða glæsilegt og vel skipulagt fjölskylduhús á einum eftirsóttasta stað á Höfuðborgarsvæðinu. **Verð 98 millj.**
Upplýsingar gefur Ásmundur sölumaður á Höfða í síma 895-3000

Engjasel 29, R.vík - Opið hús í dag frá 14:00 - 15:00

Falleg og vel skipulögð 120 fm 4ra-5 herbergja íbúð á 1. hæð með ágætu útsýni ásamt stæði í bílageymslu. Mjög rúmgóð geymsla í kj. Góð aðkoma. Stutt í margvíslega þjónustu. Snyrtileg sameign með flísalögðu anddyri og teppalögðum stigagangi. Sameiginlegur garður í góðri rækt. Húsið er klætt að utan. Þak var endurnýjað fyrir ca 5 árum að sögn eiganda. Áhvílandi hagstæð lán. **Verð 26,5 millj.**
Jenný tekur á móti áhugasömum og sími hjá henni er 856-7612

Suðurhólar 35, R.vík - Opið hús í dag frá 13:00 - 13:45

Sérlega glæsileg ný fullbúin 86,1 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í nýbyggðu 4ra íbúða húsi sem er að hluta klætt að utan. Áltré gluggar eru í húsinu. Sér inngangur er í íbúðina. Íbúðin getur losnað strax, fyrstur kemur fyrstur fær.
Verð 27,9 millj.
Upplýsingar gefur Ásmundur sölumaður á Höfða í síma 895-3000.

Kaplaskjólsvegur 27, í R.vík - Opið hús í dag frá 15:00 - 16:00

Gullfalleg og sérlega vel skipulögð 79 fm þriggja herbergja íbúð í snyrtilegu húsi rétt við KR-völlinn. Stofa er flísalögð, útgangur er á svalir og þaðan sést vel á völlinn. Í kjallara er sér geymsla ásamt sam. þvottaherbergi, hjóla og vagnageymslu. Hér erum að ræða íbúð sem margir hafa beðið eftir. Yfirtakanlegt lán frá Íbúðarlánasjóði á 5,1% vöxtum, 6,7 mill. til 40 ára. Ath. skipti möguleg á sérhæð í vesturbæ Reykjavíkur. **Verð 23,9 millj.**
Guðrún og Aðalsteinn taka á móti áhugasömum, sími 861-3104.

HÖFÐI
FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 20
Bæjarhrauni 22
Runólfur Gunnlaugsson viðskiptafr., lögg. fast.- og skipasali
Kristín Pétursdóttir, lögg. fasteignasali

Suðurlandsbraut 20 – Sími 533 6050 – Bæjarhrauni 22 – Sími 565 8000

Microsoft sérfræðingar, ekki missa af þessu!

Hvað leynist undir yfirborðinu?

DIVE DEEPER® 08

Tæknináms stefna í Smárabíó 9-10 október

Nánari upplýsingar og skráning í síma 544 4500 og www.ntv.is/divedeeper

BARNANÁMSKEIÐ Í AIKIDO
fyrir 7-12 ára

AIKIKAI REYKJAVÍK

Einnig unglinga- og fullorðinstímar.

Allar upplýsingar á www.aikido.is eða í símum:
840-4923
897-4675

Aikido er bardagalist fyrir fólk á öllum aldri sem hefur áhuga á að læra eitthvað nýtt.

WWW.AIKIDO.IS

AIKIDO

Þjóðleikhúsið

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Klókur ertu Einar Áskell
e. Bernd Ogrodnik
sun. 21/09 kl. 11 & 12.30 uppselt,
aukasýning kl. 15

Leikhúsperlur
Afmælisdagskrá Atla Heimis Sveinssonar
Stóra sviðið sun. 21/09 kl. 16
örfá sæti laus

Engisprettur
e. Biljana Srbljanovic
Hrífandi leikhúsveisla
Fimm sýningar í september og október

Macbeth
e. William Shakespeare
Frumsýning 5/10



Má bjóða þér forskot?
Fimm sýningar á 5.000 kr.
Nánar á www.leikhusid.is

Kortasalan í fullum gangi

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadóttir

„Byltingakenndar" auglýsingar

Auglýsingar hafa yfirleitt lítil áhrif á mig. Stærstur hluti þeirra fer framhjá mér, sumar finnst mér flottar og örfáar verða til þess að mig langi til að kaupa vöruna sem verið er að auglýsa. Svo eru sumar auglýsingar ömurlegar eða kjánalegar, en það kom fyrir í fyrsta skipti um daginn að auglýsing varð til þess að ákvað að hætta að kaupa vöru.

Auglýsingin sem um ræðir er fyrir svokallaðan lite bjór, sem á víst að vera miklu hollari en aðrir. Það er eitthvað sem mér þykir þónokkuð sniðugt. Í þessari sjónvarpsauglýsingu eru hin ýmsu ártöl dregin fram og við hvert ártal er sagt frá "byltingu" sem átti sér stað á því ári. Þar kemur fram árið sem konur fóru að ganga í bikiníum og árið sem mínípilsið kom fram á sjónarsviðið. Svo er líka talað um "byltinguna" sem fólst í því að Íslendingar eignuðust fyrstu alheimsfegurðardrottninguna. Síðasta byltingin sem er tilgreind í auglýsingunni er að sjálfsögðu árið sem þessi tiltekni bjór kom á markaðinn.

Það fór svolítið í taugarnar á mér að það sem eiga að vera "byltingar" fyrir konur tengist allar fegurð og klæðaburði, og svo er nú orðið bylting notað í ansi lauslegri merkingu. Með fullri virðingu fyrir alheimsfegurðardrottningum Íslands, finnst mér sáralítil bylting hafa falist í því að þær ynnu þessar keppnir (mér þætti hins vegar jaðra við byltingu ef íslenskar konur hættu að taka þátt í fegurðarsamkeppnum, en það er annað mál). Í smá tíma varð ég pirruð í hvert skipti sem ég sá þessa auglýsingu, svo mundi ég að ég get bara hætt að kaupa bjórinn, og það sem meira er, ég get skipt yfir á aðra sjónvarpsstöð.

myndasögur

Pondus Eftir Frode Øverli

Gelgjan Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar Eftir Patrick McDonnell

Barnalán Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ARNHILDUR S. MAGNÚSDÓTTIR
Arnhildur hvetur almenning til að mæta á tónleikana, skemmta sér og styrkja Umhyggju í leiðinni.

Nuddari með styrktartónleika

Fjöldi tónlistarmanna kemur fram á styrktartónleikum fyrir samtökin Umhyggju á Nordica hóteli 28. september.

Á meðal þeirra sem stíga á svið á tónleikunum verða Ragnar Bjarnason, Egill Ólafsson, Stefán Hilmarsson, Sigga Beinteins, Friðrik Ómar, Regína Ósk og Hörður Torfason.

Arnhildur S. Magnúsdóttir, nuddari og jógakennari, skipuleggur tónleikana með aðstoð tónlistarmannsins Geirs Ólafssonar sem treður einnig upp. Þetta er í fyrsta sinn sem hún kemur nálægt tónleikahaldi en lætur það ekki aftra sér. „Ég er búin að ganga með þetta í maganum síðan í fyrrahaust," segir Arnhildur. „Ég hef verið að vinna með fólki á sambýlum sem er búið að vera langveikt og það er lítið gert fyrir þetta fólk. Mér finnst þetta alveg sjálfsagt og það mættu fleiri gera þetta."

Arnhildur greindist sjálf með krabbamein sem hún er nú laus við og veit því vel um hvað málið snýst. „Það er ekkert sjálfgefið að sleppa svona auðveldlega og ég þakka fyrir að fá að vera lifandi," segir hún og er jafnframt þakklát þeim tónlistarmönnum sem samþykktu að gefa vinnu sína. Hvetur hún almenning til að leggja málefninu lið og mæta á tónleikana, en Umhyggja er félag sem vinnur að bættum hag sjúkra barna og fjölskyldna þeirra.

Miðasalan fer fram á midi.is og er miðaverð 2.000 krónur. Tónleikarnir hefjast klukkan 20. **- fb**

Draugar úti í mýri 2008

Alþjóðleg barnabókmenntahátíð í Norræna húsinu

Laugardagur 20. september kl. 14:00

Max Dager, forstjóri Norræna hússins, setur hátíðina. Verðlaun verða veitt fyrir bestu sögurnar í bókinni *At og aðrar sögur*.

Rithöfundar lesa úr verkum sínum:

- **Guðmundur Brynjólfsson**
- **Kim Fupz Aakeson**
- **Pat Hancock**
- **Iðunn Steinsdóttir**
- **Nina Blazon**
- **Ritva Toivola**
- **Kristín Helga Gunnarsdóttir**

Sunnudagur 21. september kl. 14:00

Rithöfundar lesa úr verkum sínum:

- **Louis Jensen**
- **Gerður Kristný**
- **Rimantas Černiauskas**
- **Ingunn Aamodt**
- **Jón Hjartarson**
- **Ulf Nilsson**
- **Kristín Steinsdóttir**

Draugagangur og sprell um helgina í Norræna húsinu. Allir hjartanlega velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

mýrin
Félag um barnabókmenntahátíð
www.myrin.is

Einstakt tækifæri - hrífandi leikhúsveisla

leikritið Engisprettur aftur á svið

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

eftir Biljana Srbljanovic
Leikstjórn: Þórhildur Þorleifsdóttir

Athugið aðeins fimm sýningar:
fös 26/9, lau 27/9, sun 5/10, fim 9/10, fös 10/10

Miðasala í síma 551 1200
www.leikhusid.is

Gefur út tvær kynlífsbækur

Kynlífsfræðingurinn Yvonne Kristín Fulbright, sem á íslenska móður og bandaríska föður, hefur gefið út tvær nýjar bækur sem nefnast Pleasuring: The Secrets to Sexual Satisfaction og Your Orgasmic Pregnancy: Little Secrets Every Hot Mama Should Know.

PLEASURING Kynlífsbók Yvonne, Pleasuring: The Secrets to Sexual Satisfaction, er ætlað að hjálpa pörum að stunda betra kynlíf.

„Fólkið hjá útgáfufyrirtækinu Barnes & Nobles talaði við mig og bað mig um að skrifa Pleasuring," segir Yvonne. „Markmiðið var að skrifa bók sem gæti hjálpað pörum að stunda betra kynlíf. Í bókinni er fjallað um líkamlega snertingu, samskipti para og að endurnýja ástríðu og rómantík í sambönd-um," segir hún og tekur fram að nektarmyndirnar í bókinni, sem voru teknar í Frakklandi og á Kosta Ríka, séu mjög vel heppnað-ar.

Hin bókin, Your Orgasmic Pregnancy sem Yvonne samdi ásamt Danielle Cavalluci, fjallar eins og nafnið gefur til kynna um kynlíf á meðgöngunni. „Pör sem eiga von á barni þurfa mörg hver að fræðast betur um það hvernig eigi að stunda heilbrigt kynlíf meðan á meðgöngu stendur og eftir að barnið fæðist," segir Yvonne, sem nýlega hélt fyrirlestra í Háskóla Íslands þar sem hún fjallaði um málefnið.

Í grein Fréttablaðsins á síðasta ári kom fram að Yvonne væri með nýja hljóðbók í smíðum þar sem hún kenndi foreldrum að tala við börnin sín um kynlíf. Hún segir að útgáfa bókarinnar hafi dregist á langinn en vonast til að hún komi út síðar í vetur. **- fb**

YVONNE KRISTÍN FULBRIGHT Yvonne, sem á íslenska móður en bandaríska föður, hefur gefið út tvær nýjar kynlífs-bækur.

Frumburður fyrst í Chicago

Tónlistarmaðurinn Jóhann Kristinsson hefur sent frá sér plötuna Call Jimmy, en áður en hún kom út hérlendis hafði hún komið út í Chicago og á netsíðun-um Amazon, iTunes, Cdbaby og Fractional Farthing.

„Vinkona mín, Julie, kemur reglulega hingað til Íslands. Hún var að vinna fyrir þetta útgáfufyrirtæki í Chicago og kom mér í samband við gamla yfir-manninn sinn," segir Jóhann um tildrög þess að frumburður hans leit fyrst dagsins ljós í Chicago. Jóhann, sem er tvítugur, hefur samið tónlist í ein fimm, sex ár, en á Call Jimmy er að finna samsafn laga frá síðustu tveimur árum eða svo. Beðinn um að reyna hið ógerlega, að lýsa tónlist sinni, hlær Jóhann við. „Ég gæti helst sagt að hún sé akústík, folk og low-fi, svona lágstemmd og þægileg," útskýrir hann.

Hann hefur einnig samið tónlist við stuttmyndina Hux, eftir Árna Má Brynjarson, ásamt Þórði Hermannssyni. „Hún vann Stuttmyndadagana í Reykjavík, enda þrusugóð mynd, og er á leiðinni til Cannes," segir Jóhann, sem kveðst hrifinn af þess konar listsköpun. „Myndin er tuttugu mínútur og það er eiginlega tónlist í gegnum hana alla. Þetta var í fyrsta skipti sem ég prófaði eitthvað svona, að vinna með eitthvað myndrænt, og mér fannst það mjög skemmtilegt. Ég vona að ég geti sankað að mér fleiri þannig verkefnum." **- sun**

FRUMBURÐURINN KOMINN Jóhann Kristinsson hefur áður samið tónlist fyrir stuttmynd, en sendir nú frá sér fyrstu plötu sína, Call Jimmy. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKA

CHARLIE BARTLETT	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	12
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
DEATH RACE	kl. 8 - 10:10	16
TROPIC THUNDER	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	16
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8:20	L
DARK KNIGHT	kl. 5:30 - 10:30	12
DARK KNIGHT	kl. 2 - 5:50 - 8:40	VIP
STAR WARS	kl. 1:30 - 3:40	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L

KRINGLUNNI

CHARLIE BARTLETT	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
JOURNEY 3D DIGITAL-3D	1:40 - 3:50 - 6 - 8:10 - 10:20	L
SMART PEOPLE	kl. 3:40 - 8 - 10:10	12
GET SMART	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30D	L

SELFOSS

TROPIC THUNDER	kl. 8	16
DEATH RACE	kl. 10:20	16
SVEITA BRÚÐKAUP	kl. 5:50 - 8	L
THE STRANGERS	kl. 10:20	16
WALLE m/ísl. tali	kl. 1:30	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali	kl. 2 - 4	L
MAMMA MÍA	kl. 3:40 - 5:50	L

AKUREYRI

STAR WARS	kl. 2 - 4	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 6	L
MIRRORS	kl. 8 - 10:10	16
WALL-E. m/ísl. tali	kl. 2 - 4	L
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 6 - 8	L
DEATH RACE	kl. 10:10	16

KEFLAVÍK

STEP BROTHERS	kl. 8 - 10:10	12
MAMMA MÍA	kl. 5:50	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 8	L
DEATH RACE	kl. 10:10	16
WALL-E m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40	L

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SparBíó 850kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

PINAPPLE EXPRESS D	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
PINAPPLE EXPRESS LÚXUS - D	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
MIRRORS	kl. 8 - 10.30	16
STEP BROTHERS	kl. 1 - 3.15 - 5.45 - 8 - 10.15	12
MAKE IT HAPPEN	kl. 1 - 6	L
MAMMA MIA	kl. 1 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 1 - 4	L

TILBOÐSVERÐ

5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

PINAPPLE EXPRESS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
BRIDESHEAD REVISITED	kl. 6 - 9	12
MIRRORS	kl. 10.30	16
SVEITABRÚÐKAUP	kl. 5.45 - 8 - 10.15	L
MAMMA MIA	kl. 3 - 5.30 - 8	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 4	L

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

650kr.
ÓDÝRT Í BÍÓ!

STEP BROTHERS	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.30	12
TROPIC THUNDER	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
MAKE IT HAPPEN	kl. 8 - 10.20	L
SKRAPP ÚT	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
GRÍSIRNIR 3	kl. 4 - 6	L

allar myndir - allar sýningar - alla daga

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

TILBOÐSVERÐ

PINEAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10	16
JOURNEY TO THE CENTER ENGI Í 3D	kl. 4 - 6 - 8	12
STEP BROTHERS	kl. 10	L
MAMMA MIA	kl. 6	L
GRÍSIRNIR 3	kl. 4	L

5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

SparBíó
laugardag og sunnudag
SAMbio.is
SAMBÍÓIN

850kr	550kr	550kr	550kr	550kr
JOURNEY 3D kl. 1.30 í Álfabakka kl. 1.40 í Kringlunni	STAR WARS kl. 1.30 í Álfabakka kl. 2 á Akureyri	WALL-E ísl. tal. kl. 1.30 í Álfabakka kl. 1.30 á Selfossi og í kefl. kl. 2 á Akureyri	GET SMART kl. 1.30 í Kringlunni	KUNG FU PANDA kl. 1.30 í Álfabakka

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

Ódýrt í bíó

ATH!!! 800 KR. ATH!!! 500 KR. ATH!!! 500 KR.

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

Tilboð í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

SÝNINGARTÍMAR

PINEAPPLE EXPRESS	kl. 5.45, 8 og 10.15	16
JOURNEY 3D - DIGITAL 3D	kl. 2(800), 4, 6 og 8	L
GRÍSIRNIR ÞRÍR - ÍSL. TAL	kl. 2(500) og 4	L
MAMMA MIA	kl. 2(500), 4.30, 6.45, 9 og 10.15	L

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI I TENGSLU AUKAKRÓNUR!

TILBOÐSVERÐ
SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.4 HÁSKÓLABÍÓ KL.1 SMÁRABÍÓ KL.4 BORGARBÍÓ
KL.4 BORGARBÍÓ
KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: BÍÓ BÍÓ EXTRA EXTRA

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

>Atvik umferðarinnar

Skagamenn féllu úr efstu deild í þriðja skiptið í sögu félagsins. Síðast þegar ÍA féll, árið 1990, voru núverandi þjálfarar liðsins, Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir, að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokki. Liðið kom þá strax aftur upp í efstu deild og varð Íslandsmeistari fimm ár í röð frá 1992-1996. „Það er vonandi að sagan endurtaki sig," segir Bjarki í viðtali við Fréttablaðið.

>Ummæli umferðarinnar

„Mér er í raun skítsama um þennan leik þar sem við vorum að tryggja sæti okkar í deildinni," segir Þróttarinn Sigmundur Kristjánsson eftir tapleikinn gegn Val.

sport

sport@frettabladid.is

20. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA: KEFLVÍKINGAR NÁLGAST TITILINN

Skagamenn féllu úr efstu deild

Það var sorgardagur uppi á Akranesi þegar ÍA og KR skildu jöfn 0-0 en jafnteflið þýddi það að ÍA féll úr efstu deild. Önnur úrslit í fallbaráttunni voru Skagamönnum hagstæð þar sem bæði HK og Fylkir töpuðu en það átti ekki að verða fyrir ÍA í þetta skiptið.

Grindvíkingar héldu uppteknum hætti á útivöllum með 0-2 sigri gegn HK og Fjölnismenn unnu Fylkismenn 0-3 en þetta var í þriðja skiptið sem Grafarvogsliðið lagði Árbæjarliðið að velli í sumar, tvisvar í deild og í undanúrslitum VISA-bikarsins.

Topplið Keflavíkur sýndi enn og aftur hvers það er megnugt þegar það skellti Blikum 3-1 eftir að hafa verið 0-1 undir í hálfleik og þar sem FH-ingar misstigu sig illilega gegn Fram og töpuðu 4-1, þá geta Keflvíkingar landað titlinum þegar liðin mætast í dag.

Íslandsmeistarar Vals verja ekki titil sinn en eru nú í harðri baráttu við Fram og KR um þriðja sætið og styrktu stöðu sína þar með 2-0 sigri gegn Þrótti sem bjargaði sér endanlega frá falli, þrátt fyrir tapið vegna hagstæðra úrslita úr öðrum leikjum.

TÖLURNAR TALA

Flest skot: 27, Keflavík
Flest skot á mark: 8, Keflavík
Fæst skot: 6, Þróttur
Hæsta með.ein.: 7,3 Keflavík
Lægsta meðaleink.: 3,8 FH
Grófasta liðið: 19 brot, ÍA
Prúðasta liðið: 9 brot, HK og Valur
Flestir áhorf.: Kefl.-Breið., 1.030
Fæstir áhorf.: HK-Grindavík, 427
Áhorfendur alls: 3.952

> Besti dómarinn: Einar Örn Daníelsson fékk hæstu einkunn dómara, eða 8, fyrir 20. umferðina hjá Fréttablaðinu. Einar Örn dæmdi leik Keflavíkur og Breiðabliks og leysti það verkefni með sóma.

Fallbarátta Landsbankadeildar karla er nú í algleymi þar sem HK og Fylkir berjast:

HK-ingar gætu fallið í dag

FÓTBOLTI Flestra augu munu eflaust beinast að toppbaráttuslag FH og Keflavíkur í dag en Fylkir og HK eru að berjast fyrir lífi sínu og áframhaldandi veru í Landsbankadeildinni.

Sverrir Sverrisson, nýráðinn þjálfari Fylkis, stýrði liðinu í sínum fyrsta deildarleik í sumar gegn Grindavík í 19. umferð þar sem Árbæingar fóru með sigur af hólmi 1-3 og léku þá líklega einn sinn besta leik í sumar. Fjölnismenn náðu Fylkismönnum þó vel niður á jörðina með 0-3 sigri í 20. umferð og Fylkismenn þurfa enn þrjú stig úr síðustu tveimur leikjum sínum, gegn Breiðabliki (úti) og FH (heima), til þess að bjarga sér örugglega frá falli.

HK þarf að vinna leiki sína, gegn Fjölni (úti) og Breiðabliki (heima), til þess að eygja von. HK fellur því í dag ef Fylkir vinnur eða gerir jafntefli og HK gerir jafntefli eða tapar. **- óþ**

MIKILVÆGUR Gunnleifur Gunnleifsson hefur verið frábær hjá HK. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ILLVIÐRÁÐANLEGUR Guðmundur Steinarsson hefur farið hreinlega á kostum í Landsbankadeildinni í sumar og er markahæsti leikmaður deildarinnar með 16 mörk í 19 leikjum. VÍKURFRÉTTIR

Gullskórinn yrði bara fínn bónus

Guðmundur Steinarsson fór mikinn þegar Keflavík vann Breiðablik og skoraði þá í sínum áttunda leik í röð og er leikmaður 20. umferðar hjá Fréttablaðinu.

FÓTBOLTI Keflvíkingar sýndu enn og aftur á dögunum gegn Breiðablik að þeir gefast aldrei upp og þrátt fyrir að vera 0-1 undir í hálfleik sigraði liðið örugglega að lokum 3-1. Guðmundur Steinarsson var eins og oft áður arkítektinn af sigrinum og skoraði í sínum áttunda leik í röð í deildinni.

„Við sýndum gríðarlegan styrk með því að koma til baka og klára dæmið á móti vindi og við erfiðar vallaraðstæður. Keflavíkurliðið hefur mikla trú á eigin getu og þegar við lendum undir í leikjum erum við ekkert að hengja haus, heldur bæta menn bara í og það hefur heldur betur skilað sér," segir Guðmundur.

Spurður út í lykilinn að góðu gengi Keflavíkurliðsins í sumar kvað Guðmundur vitanlega margt liggja þar að baki.

„Það er ansi margt sem kemur þar til. Fyrir það fyrsta þá æfðu menn náttúrulega mjög vel á undirbúningstímabilinu og þeir nýju leikmenn sem komu til liðsins smellpössuðu bara inn í hópinn. Það auðveldaði vissulega mikið að fá Hólmar Örn, Hörð og svo Jóhann Birni sem eru allt Keflvíkingar og þekktu allt og alla á staðnum. Andinn í hópnum er því búinn að vera frábær og það er held ég stærsti hlutinn í þessu," segir Guðmundur.

Staðan er vissulega góð hjá Keflavík en Guðmundur ítrekar að enn sé ekkert í höfn hjá liðinu.

„Við eigum tvo erfiða leik eftir gegn FH á útivelli og Fram á heimavelli. Við förum að sjálfsögðu í alla leiki til þess að vinna þá og við ætlum því að klára dæmið gegn FH. FH-ingar töpuðu illa í síðasta leik sínum og mæta örugglega dýrvitlausir í leikinn gegn okkur og við verðum því að vera tilbúnir í baráttuleik," segir Guðmundur en Keflvíkingum nægir jafntefli til þess að tryggja sér titilinn.

Guðmundur er sem stendur markahæsti leikmaður Landsbankadeildar með 16 mörk, þremur mörkum meira en Björgólfur Takefusa sem kemur þar næstur.

„Þegar liðið er að spila svona vel eins og það eru búið að vera að gera er erfitt að eiga ekki góða leiki í stöðu framherja. Það er líka mikil samkeppni um stöður í liðinu, bæði á æfingum og í leikjum, þannig að maður verður að spila vel til þess að halda sæti sínu í byrjunarliðinu. Það heldur manni náttúrulega á tánum og heldur manni ferskum. Það er gaman að vera á toppnum yfir markahæstu menn og það væri auðvitað fínn bónus að fá eitt stykki gullskó, en deildin er aðalatriðið," segir Guðmundur.

Keflavík varð síðast meistari árið 1973 og þá varð Steinar Jóhannsson, faðir Guðmundar, markhæstur hjá Keflavík.

„Hann er liggur við spenntari yfir stöðu mála en ég og styður vel við bakið á mér." **omar@frettabladid.is**

Dagskrá Vísindakaffikvöldanna
22. 23. 24. & 25. september

Mánudagur 22. september
Líkami og losti á upphafsöldum kristni
Dr. Clarence E. Glad sjálfstætt starfandi fræðimaður í ReykjavíkurAkademíunni fjallar um hvernig hugmyndir manna á Vesturlöndum um meinlæti, skírlífi, fjölskyldulíf og samskipti kynjanna hafa mótast út frá orðræðunni um líkama og losta í frumkristni.

Þriðjudagur 23. september
Hver á að passa mig?
Alyson Bailes og Silja Bára Ómarsdóttir frá Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands fjalla um öryggismál út frá nýju sjónarhorni – það er alveg öruggt!

Miðvikudagur 24. september
Náttúruhamfarir - hvað svo?
Dr. Guðrún Pétursdóttir forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða, Dr. Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur hjá áfallaþjónustu LSH, Ragnhildur Guðmundsdóttir og Edda Björk Þórðardóttir frá Miðstöð í lýðheilsuvísindum við HÍ og Herdís Sigurjónsdóttir bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og Fimm fræknar konur kafa ofan í snjóflóð og undir jarðskorpuna og velta upp sálfræðilegum áhrifum náttúruhamfara.

Fimmtudagur 25. september
Má bjóða þér sláturtertu og rabarbarakaramellur?
Sigríður Sigurjónsdóttir prófessor við Listaháskóla Íslands, Brynhildur Pálsdóttir vöruhönnuður og Guðmundur H. Gunnarsson frá Matís þróuðu frumlegar og girnilegar nýjungar í rannsóknasamstarfi við bændur.

● **Kaffistjóri er Davíð Þór Jónsson, þýðandi**

Vísindakaffið 2008
Listasafni Reykjavíkur
kl. 20.00 – 21.30 hvert kvöld
Vísindamenn segja frá rannsóknum sem koma öllum við - á mannamáli...
...www.rannis.is/visindavaka
Vísinda Vaka
Opið hús!
Hafnarhúsinu Tryggvagötu
Föstudaginn 26. september
kl.17:00 til 22:00
Allir velkomnir!
matís
MENNTAMÁLA RÁÐUNEYTIÐ
IÐNAÐAR RÁÐUNEYTIÐ
SI Samtök iðnaðarins
RANNÍS
Rannsóknamiðstöð Íslands • Laugavegi 13 • 101 Reykjavík • Sími 515 5800 • Bréfsími 552 9814 • www.rannis.is
11001111010011

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

Sunderland-Middlesbrough	2-0
1-0 M. Chopra (81.), 2-0 M. Chopra (90.+2.).	
Blackburn-Fulham	1-0
1-0 M. Derbyshire (84.).	
Liverpool-Stoke	0-0
West Ham-Newcastle	3-1
1-0 D. Di Michele (8.), 2-0 D. Di Michele (37.), 3-0 M. Etherington (53.), 3-1 M. Owen (67.).	
Bolton-Arsenal	1-3
1-0 K. Davies (14.), 1-1 E. Eboue (26.) 1-2 N. Bendtner (27.), 1-3 Denilson (87.).	

STAÐAN Í DEILDINNI

Arsenal	**5**	**4**	**0**	**1**	**11-2**	**12**
Liverpool	5	3	2	0	5-2	11
Chelsea	**4**	**3**	**1**	**0**	**9-2**	**10**
West Ham	5	3	0	2	11-9	9
Aston Villa	**4**	**2**	**1**	**1**	**8-6**	**7**
Sunderland	5	2	1	2	5-6	7
Hull City	**4**	**2**	**1**	**1**	**5-8**	**7**
Blackburn	5	2	1	2	6-11	7
Man. City	**4**	**2**	**0**	**2**	**9-7**	**6**
Fulham	4	2	0	2	4-4	6
Portsmouth	**4**	**2**	**0**	**2**	**5-6**	**6**
Everton	4	2	0	2	7-9	6
Middlesbrough	**5**	**2**	**0**	**3**	**6-8**	**6**
Wigan Athletic	4	1	1	2	7-4	4
Man. United	**3**	**1**	**1**	**1**	**3-3**	**4**
WBA	4	1	1	2	4-5	4
Bolton	**5**	**1**	**1**	**3**	**5-7**	**4**
Stoke City	5	1	1	3	7-10	4
Newcastle	**5**	**1**	**1**	**3**	**4-9**	**4**
Tottenham	4	0	1	3	4-7	

Enska B-deildin

Coventry-QPR	1-0
1-0 E. Ward (15.). Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn fyrir Coventry.	
Swansea-Burnley	1-1
0-1 Jóhannes Karl Guðjónsson (59.), 1-1 F. Bodde (90.). Jóhannes lék síðari hálfleikinn fyrir Burnley.	
Watford-Reading	2-2
0-1 J. Eustace (13.), 1-1 T. Smith (57.), 2-1 J. O'Toole (64.), 2-2 S. Hunt (87.). Ívar Ingimarsson sat á varamannabekk Reading og kom ekki við sögu í leiknum.	

Skoska úrvalsdeildin

Hearts-Iverness	1-0
S. Mikoliunas (8.). Eggert Gunnþór Jónsson lék allan leikinn með Hearts.	

Ítalska úrvalsdeildin

Roma-Reggina	3-0
1-0 C. Panucci (45.), 2-0 A. Aquilani (51.), 3-0 S. Perrotta (90.). Emil Hallfreðsson lék síðustu 5 mínúturnar með Reggina.	

Þýska úrvalsdeildin

Bayern München-W. Bremen	2-5
0-1 R. Rodrigues (45.), 0-2 M. Rosenberg (30.), 0-3 M. Orzil (64.), 0-4 M. Rosenberg (67.), 0-5 C. Pizarro (69.), 1-5 og 2-5 T. Borowski (71., 85.).	

Norska úrvalsdeildin

Bodö/Glimt-Fredrikstad	2-1
1-0 S. Johansen (4.), 1-1 F. Wallace (40.), 2-1 S. Johansen (64.). Birkir Bjarnason lék með Bodö/Glimt og Garðar Jóhannsson var með Fredrikstad.	

Sterkur heimavöllur Chelsea:

84 leikir án taps á Brúnni

FÓTBOLTI Stórleikur Chelsea og Englandsmeistara Manchester United fer fram á Brúnni í dag. Chelsea hefur ekki tapað á heimavelli sínum í 84 leikjum í röð í ensku úrvalsdeildinni eða síðan liðið tapaði þar gegn Arsenal 21. febrúar árið 2004.

„Ég held að Chelsea viti mæta vel að við erum fullfærir um að enda sigurgöngu liðsins á Brúnni. Það verður erfitt en ég veit að leikmenn mínir verða tilbúnir í slaginn," segir Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United.

United tapaði á dögunum gegn Liverpool en liðið hefur ekki tapað tveimur leikjum í röð í ensku úrvalsdeildinni síðan í apríl árið 2005 eða fyrir 122 leikjum.

Cristiano Ronaldo er aftur kominn á fulla ferð með United og Luiz Felipe Scolari, knattspyrnustjóri Chelsea, veit af ógninni sem stafar af honum.

STRÍÐ Það verður lítið um vinsemd þegar Chelsea og United mætast.
NORDIC PHOTOS/GETTY

„Ronaldo er einfaldlega einn af þremur bestu leikmönnum heims," segir Scolari.

Þetta verður í fyrsta sinn sem félögin mætast eftir úrslitaleik Meistaradeildarinnar í maí þegar United fór með sigur af hólmi eftir vítaspyrnu-

Fimm leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gærdag þar sem staðan breyttist örlítið í toppbaráttunni:

Byssustrákarnir skutust á toppinn

FÓTBOLTI Liverpool gerði óvænt jafntefli gegn Stoke á heimavelli og Arsenal nýtti sér það og skaust á toppinn með sigri gegn Bolton.

Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn með Bolton sem varð að sætta sig við 1-3 tap gegn Arsenal á Reebok en Heiðar Helguson var á varamannabekk Bolton og kom ekki við sögu í leiknum.

Bolton komst yfir snemma leiks þegar Kevin Davies skoraði af harðfylgi.

Arsenal svaraði stuttu síðar með tveimur mörk með mínútu millibili. Fyrst skoraði Emmanuel Eboue en talsverð rangstöðulykt var af markinu. Nicklas Bendtner bætti svo við öðru marki eftir vel útfærða sókn að hætti Arsenal.

Denilson innsiglaði sigur Arsenal með marki á 87. mínútu og þar við sat.

FÓR Á KOSTUM David Di Michele skoraði tvö mörk og lagði upp eitt fyrir West Ham.
NORDIC PHOTOS/GETTY

NORDIC PHOTOS/GETTY

BARÁTTA Grétar Rafn Steinsson sér hér við Emmanuel Adebayor framherja Arsenal.

„Þeir reyndu að tuddast gegn okkur en mér fannst við bregðast vel við því og vorum að vinna návígin úti um allan völl," segir Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal.

Nýliðar Stoke náðu að halda aftur af Liverpool á Anfield og niðurstaðan var fremur óvænt, markalaust jafntefli. Yfirburðir Liverpool voru miklir í leiknum og tölfræðin talar sínu máli hvað það varðar. Heimamenn áttu 20 hornspyrnur og 27 skottilraunir á móti 3 hornspyrnum og 3 skottilraunum gestanna en það eru víst mörkin sem telja. Liverpool kom boltanum reyndar í netið strax á 2. mínútu þegar Steven Gerrard skoraði úr aukaspyrnu en markið var ranglega dæmt af vegna meintrar rangstöðu Dirks Kuyt.

„Ég hef ekki hugmynd um af hverju markið var dæmt af en þetta voru afdrifarík mistök. Leikurinn hefði vitanlega orðið allt annar hefðum við náð að skora strax í byrjun," sagði Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, í viðtali leikslok.

Ítölsk áhrif hjá West Ham

Ítalinn David di Michele fór hamförum fyrir West Ham gegn Newcastle og sá til þess að stjóratíð landa síns, Gianfrancos Zola, hófst með 3-1 sigri á Upton Park. Di Michele skoraði fyrstu tvö mörk West Ham og lagði svo upp þriðja markið fyrir Matthew Etherington áður en Michael Owen minnkaði muninn fyrir gestina.

Varamaðurinn Michael Chopra var hetja dagsins á leikvangi ljósanna þegar hann skoraði bæði mörk Sunderland í 2-0 sigri á grönnum sínum í Middlesbrough sem misnotuðu m.a. vítaspyrnu.

Blackburn náði að einhverju leyti að svara fyrir 4-0 tapið gegn Arsenal um síðustu helgi með 1-0 sigri þegar Fulham kom í heimsókn á Ewood Park. Varamaðurinn Matt Derbyshire skoraði eina mark leiksins á 84. mínútu. - óþ

LÍF OG FJÖR KR-stúlkur skemmtu sér vel í leikslok eftir frækinn sigur gegn Val. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hólmfríður Magnúsdóttir:

Besti afmælisdagurinn

FÓTBOLTI Hólmfríður Magnúsdóttir fagnaði 24 ára afmælisdegi sínum með því að skora þrennu í bikarúrslitaleiknum og leiddist það ekki.

„Þetta er klárlega besti afmælisdagurinn lengi. Við mættum mjög vel stemmdar til leiks. Það er dagsformið sem ræður úrslitum og við komum betur stemmdar í leikinn."

„Þetta eru tvö bestu liðin á landinu og við vorum betri í dag. Við höfum skipst á að vinna og við sigruðum með stæl í dag. Við vorum betri í dag og erum klárlega betra liðið. Við ætluðum að halda bikarnum í Vesturbænum," sagði afmælisbarnið. **- gmi**

SIGURSTURTA Afmælisbarnið Hólmfríður Magnúsdóttir fær hér væna sturtu frá liðsfélögum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Olga Færseth:

Erum bestar

FÓTBOLTI Olga Færseth átti frábæran leik líkt og allt lið KR í bikarúrslitunum og lagði upp tvö mörk. Hún segist ekki vita hvort þetta hafi verið hennar síðasti leikur á ferlinum.

„Ég vissi það ekki í fyrra og ég veit það ekki heldur núna. Ég leyfi vetrinum að líða og skoða svo mín mál. Óneitanlega er farið að draga af manni en mér finnst ég ennþá skila helling til liðsins og á meðan svo er þá hlýt ég að skoða mín mál."

„Ef við spilum okkar leik vinnum við hvaða lið sem er hér á Íslandi. Við höfum verið sjálfum okkar verstar þegar við höfum klúðrað hlutunum í sumar. Ef við spilum okkar leik erum við með besta liðið, en þetta hefur verið svolítið rautt sumar í allri umfjöllun."

KR-stelpur lýstu því yfir í fjölmiðlum fyrir leik að þær séu með betra lið en Valur. „Ég myndi segja það, 4-0," sagði Olga glettin á svip að lokum. **- gmi**

Frábær afmælisdagur Hólmfríðar

Afmælisbarnið Hólmfríður Magnúsdóttir fór fyrir frábæru liði KR í yfirburðasigri Vesturbæjarliðsins á Íslandsmeisturum Vals. Hólmfríður skoraði fyrstu þrjú mörk leiksins áður en Hrefna Huld Jóhannesdóttir bætti því fjórða við og innsiglaði þar með 4-0 sigur KR sem varði VISA-bikartitil sinn frá því í fyrra.

FÓTBOLTI KR varði bikarmeistaratitil sinn í kvennaflokki þegar liðið gjörsigraði Íslandsmeistara Vals, 4-0, í úrslitum Visa-bikarsins í gær.

Það var aðeins í byrjun leiks að Valsstelpur gerðu einhverja atlögu að marki KR þrátt fyrir að sækja gegn stífri sunnanátt.

Þegar um 10 mínútur voru liðnar af leiknum tóku KR-ingar öll völdin á vellinum. 1.019 áhorfendur á vellinum sáu afmælisbarnið Hólmfríði Magnúsdóttur skora fyrsta markið á 28. mínútu eftir góða stungusendingu Hrefnu Huldar Jóhannesdóttur. Valsstelpur fengu tvö færi til að jafna metin fyrir hlé en voru einstaklega illa upplagaðar og virkuðu aldrei líklegar.

Yfirburðir KR í síðari hálfleik voru miklir. Hólmfríður kom KR í 3-0 með tveimur keimlíkum mörkum áður en Hrefna Huld negldi síðasta naglann í kistu Valsstelpna með fjórða markinu eftir góða sendingu Olgu Færseth.

„Ég átti von á þeim ákveðnari í síðari hálfleik en það er stundum auðveldara að sækja á móti vindinum. Við spiluðum meira í fætur í seinni hálfleik og þá fór þetta að ganga," sagði Helena Ólafsdóttir þjálfari KR í leikslok.

Þjálfari Vals orðlaus í leikslok

Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari Vals átti varla orð til að lýsa frammistöðu síns liðs sem lék sinn langlélegasta leik á tímabilinu.

„Sorglegt. Ég tel að við höfum komið vel undirbúin til leiks. Mér fannst hugarfarið frábært í öllum undirbúningnum og ég las það í mannskapinn að við myndum spila til sigurs en frammistaðan var í engu samræmi við það sem manni fannst í upphitun og fyrstu 10 mínútur leiksins. Við vorum ekki með í 80 mínútur.

„Ég á ekkert svar við því hvað var að. Það var bara allt. Liðið hefur aldrei spilað svona illa og það er áhyggjuefni að við getum spilað svona illa. Við eigum aldrei möguleika í seinni hálfleik. Við sköpuðum okkur ekki eitt færi og ég á ekki til orð yfir þessu," sagði Elísabet eftir að hafa séð KR lyfta bikarnum.

Kveðjuleikur Helenu

Helena Ólafsdóttir stýrði KR í síðasta sinn í bili að minnsta kosti og gat ekki hugsað sér betri endi á þjálfaratíð sinni hjá KR.

„Þetta gat ekki verið betra. Frábær leikur hjá stelpunum og mér fannst við klárar í dæmið. Það voru allir með hausinn í lagi og með viljann að vopni. Þetta var eins og best verður á kosið."

Valur hafði skorað 45 mörk í sex síðustu leikjum sínum á undan og kom mátleysisleg frammistaða Vals Helenu óneitanlega á óvart.

„Það er hálfgert spennufall. Þetta voru fleiri mörk en maður átti von á og ég er mest ánægð með að við náðum að halda þeim á núllinu og skora sjálfar fjögur.

„Við lögðum það upp þannig að fá ekki þessa holskeflu á okkur. Við stóðumst það. Við vitum að við erum með frábæra vörn. Við spiluðum inn á kosti hverrar annarrar allan tímann," sagði Helena.

KR lagði leikinn upp með því að sækja hratt og nýta sér hraða leikmanna eins og Hólmfríðar til að stinga sér inn fyrir vörn Vals.

„Það var frábært hjá Fríðu að setja þessi þrjú mörk og hún sýndi það og sannaði að hún er frábær leikmaður. Liðið var að spila í heildina rosalega vel," sagði Helena. **-gmi**

YFIRBURÐIR KR-stúlkur höfðu góða ástæðu til þess að fagna vel og innilega í leikslok í gær þegar þær unnu frækinn sigur gegn erkifjendunum í Val. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

KVEÐJULEIKURINN Helena Ólafsdóttir stýrði KR-liðinu í sínum síðasta leik í bili þar sem hún hyggst taka sér frí frá þjálfun. Hún getur varla hugsað sér betri endi en þennan leik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ÚRSLIT

1. deild karla í fótbolta

Haukar-Stjarnan	1-5
0-1 Birgir Birgisson (5.), 0-2 Þorvaldur Árnason (41.), 0-3 Björn Pálsson (65.), 0-4 Halldór Orri Björnsson (71.), 1-4 Úlfar Pálsson (77.), 1-5 Halldór Orri Björnsson (83.).	
Selfoss-ÍBV	3-1
1-0 Sævar Þór Gíslason (22.), 2-0 Viðar Örn Kjartansson (32.), 3-0 Sævar Þór Gíslason (48.), 3-1 Arnór Ólafsson (82.).	
KS/Leifur-Leiknir R.	1-6
Njarðvík-Þór	3-1
Víkingur R.-Fjarðarbyggð	2-0
KA-Víkingur Ó.	1-0

LOKASTAÐAN Í 1. DEILD

1. ÍBV	**22**	**16**	**2**	**4**	**43-17**	**50**
2. Stjarnan	22	14	5	3	47-22	47
3. Selfoss	**22**	**14**	**4**	**4**	**54-36**	**46**
4. KA	22	9	5	8	31-27	32
5. Víkingur R.	**22**	**8**	**5**	**9**	**32-30**	**29**
6. Haukar	22	8	4	10	36-42	28
7. Leiknir R.	**22**	**7**	**5**	**10**	**33-40**	**26**
8. Þór	22	7	4	11	31-42	25
9. Fjarðab.	**22**	**5**	**9**	**8**	**31-37**	**24**
10. Víkingur Ó.	22	5	9	8	19-29	24
11. Njarðvík	**22**	**4**	**7**	**11**	**26-42**	**19**
12. KS/Leifur	22	1	9	12	17-36	12

Gríðarleg spenna var í 1. deild karla í fótbolta í gærdag þegar lokaumferð deildarinnar fór fram:

Stjörnumenn komnir aftur í efstu deild

FÓTBOLTI Toppbaráttuliðin Stjarnan og Selfoss voru í sviðsljósinu í gærdag þegar lokaumferðin í 1. deild karla fór fram. Selfyssingar sigruðu 1. deildarmeistara ÍBV á Selfossi en það dugði skammt því Stjarnan vann Hauka að Ásvöllum og tryggðu sér þar með farseðilinn í efstu deild á ný eftir nokkurra ára fjarveru þar.

„Haukaleikurinn var náttúrulega bara algjör snilld og það var frábært að enda tímabilið með þessum hætti," segir Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar.

Stjarnan tapaði ekki leik í seinni umferð 1. deildarinnar og endaði mótið svo með stæl þegar liðið rúllaði Haukum upp 1-5 í lokaleiknum.

„Við reyndum bara að hanga í toppliðunum og gefast ekki upp en ég skal viðurkenna það að mér fannst við á tímum vera helvíti langt frá þeim. En einhvern veginn gekk þetta á endanum allt saman upp. Við vorum svo að segja alveg lausir við meiðsli og liðsandinn í hópnum var algjörlega til fyrirmyndar. Við vorum í raun aldrei í umræðunni en þegar upp er staðið þá endum við mótið einungis þremur stigum á eftir toppliði ÍBV og það er mjög ánægjulegt," segir Bjarni.

Bjarni kvaðst ekki geta beðið eftir því að stýra liðinu í efstu deild.

„Við fögnum þessum áfanga vel og síðan fá menn stutt frí áður en undirbúningurinn fyrir Landsbankadeildina hefst. Við erum með tiltölulega ungt lið og lítið af leikmönnum sem hafa reynslu af efstu deild en tilhlökkunin að leika þar er mikil," segir Bjarni.

Selfoss gerði allt sitt til þess að komast í efstu deild í fyrsta skipti í sögu félagsins og sigraði topplið deildarinnar, ÍBV, nokkuð örugglega á heimavelli sínum 3-1. Markakóngur deildarinnar, Sævar Þór Gíslason, fór fyrir sínum mönnum og skoraði tvö mörk fyrir Selfoss. **- óþ**

STJÖRNUSIGUR Stjarnan tryggði sér farseðilinn í efstu deild með glæsibrag í gær með 1-5 sigri gegn Haukum í lokaumferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á FLUGI Íslands -og bikarmeistarar Stjörnunnar byrjuðu N1-deildina með sigri gegn Haukum að Ásvöllum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrsta umferð N1-deildar kvenna fór fram í gærdag:

Stjarnan byrjar vel

HANDBOLTI Stjörnustúlkur fóru með sigur af hólmi í stórveldaslagnum gegn Haukum í N1-deild kvenna í gær. Lokatölur 26-29 og góður sigur hjá Stjörnunni í fyrsta leik.

Fyrri hálfleikur var jafn framan af en fljótlega tók Stjarnan forystu. Varnarleikur Hauka var slakur og skoruðu Stjörnustelpur oft á tíðum frekar ódýr mörk. Haukar náðu ágætum kafla undir lok hálfleiksins og staðan 14-17 í hálfleik, Stjörnunni í vil.

Munurinn hélst svipaður framan af í fyrri hálfleik en um miðjan síðari hálfleikinn náðu Haukastúlkur að jafna metin og leikurinn í járnum. Stjörnustúlkur fóru oft illa að ráði sínu og fóru illa með mörg góð færi, en það kom ekki að sök því þær voru sterkari á lokamínútunum og lönduðu góðum þriggja marka sigri, 26-29.

Ragnar Hermannsson þjálfari Stjörnunnar var vitaskuld ánægður í leikslok.

„Ég er mjög ánægður með sigurinn og heildarbragurinn á leiknum var fínn. Það var samt einhver hausbragur á þessu, það vantaði hausinn í þetta og við fórum illa að ráði okkar þegar við gátum stungið þær af í seinni hálfleik. Við vorum allt of mikið að flýta okkur og við höfum ekkert efni á því, við vorum bara heppin að sleppa með sigurinn," segir Ragnar.

Hornamaðurinn knái í liði Hauka, Hanna Stefánsdóttir, var svekkt í leikslok.

ÚRSLIT

N1 deild kvenna í handbolta

Haukar-Stjarnan	**26-29 (14-17)**

Mörk Hauka (skot): Ramune Pekarskyte 10/3 (13/3), Hanna G. Stefánsdóttir 6 (7/1), Ester Óskarsdóttir 3 (6), Hekla Hannesdóttir 2 (3), Nína Arnfinnsdóttir 2 (5), Tatjana Zukovska 2 (6), Nína K Björnsdóttir 1 (1)
Varin skot: Bryndís Jónsdóttir 7/1 (21/3) 33%, Heiða Ingólfsdóttir 9 (24/2) 38%
Hraðaupphlaup: 6 (Hanna 3, Hekla 2, Nína A)
Fiskuð víti: 4 (Hanna 3, Nína A)
Utan vallar: 2 mín
Mörk Stjörnunnar (skot): Alina Petrache 8/4 (14/4), Sólveig Lára Kjærnested 5 (7), Þorgerður Atladóttir 3 (3), Birgit Engl 3 (4), Harpa Sif Eyjólfsdóttir 3 (7), Anna Úrsula Guðmundsdóttir 2 (3), Elísabet Gunnarsdóttir 2 (3/1), Kristín Clausen 2 (6), Hildur Harðardóttir 1 (1)
Varin skot: Florentina Stanciu 16/1 (38/3) 42%, Sólveig Ásmundsdóttir 1 (4) 25%
Hraðaupphlaup: 4 (Birgit 2, Sólveig, Kristín)
Fiskuð víti: 5 (Elísabet 3, Sólveig, Þorgerður)
Utan vallar: 4 mín

HK-Fram	**21-19**
Fylkir-Valur	**18-34**
Grótta-FH	**22-21**

„Varnarleikurinn small ekki saman í dag og þá vantar markvörslu. Sóknarleikurinn var heldur ekki upp á marga fiska. Þessir leikir eru eiginlega bara „derbyleikir" númer tvö, á eftir Haukar-FH og mikil barátta og því hundfúlt að tapa. En við vorum bara drullulélegar í dag og við eigum alveg helling inni," segir Hanna.

- sjj

B-deild Evrópukeppninnar í körfubolta í gærkvöld:

Ísland tapaði gegn Austurríki

KÖRFUBOLTI Íslenska karlalandsliðið í körfubolta tapaði naumlega fyrir Austurríki, 81-74, í lokaleik sínum á þessu ári í B-deild Evrópukeppninnar í gærkvöldi. Keppnin heldur svo áfram á sviðuðum tíma á næsta ári.

„Þetta var allt í járnum þangað til seint í fjórða leikhluta þegar við misstum þetta frá okkur. Við fengum dæmdar á okkur tvær óíþróttamannslegar villur og þeir fá boltann og klára leikinn. Það var svekkjandi," segir Sigurður Ingimundarson, landsliðsþjálfari Íslands.

Þetta var leikur hinna sterku varna í gærkvöld.

„Bæði lið voru að spila góða vörn og átti hvort um sig í nokkrum erfiðleikum með að skora," segir Sigurður.

Íslendingar eru í fjórða sæti riðilsins með einn sigur gegn Danmörku, tap gegn Svartfellingum í Laugardalshöll og tap gegn Hollandi og Austurríki á útivelli. Þegar keppni hefst að nýju í B-deildinni haustið 2009 víxlast leikjaprógrammið og Íslendingar ferðast til Danmerkur og Svartfjallalands og fá Hollendinga og Austurríkismenn í heimsókn í Laugardalshöll.

„Svartfellingar fara pottþétt upp úr riðlinum en hin liðin eru mjög jöfn að getu.

Jón Arnór Stefánsson var stigahæstur hjá Íslandi með 17 stig, Páll Axel Vilbergsson kom næstur með 18 stig og Sigurður Þorvaldsson var með 11 stig. **- óþ**

STIGAHÆSTUR Jón Arnór Stefánsson átti fínan leik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Íslandsmeistarar Hauka hófu titilvörn sína í N1-deild karla í gær gegn Stjörnunni:

Þægilegur sigur meistaranna

HANDBOLTI Íslandsmeistarar Hauka mættu Stjörnumönnum í fyrstu umferð N1-deildar karla í gær. Haukum var spáð efsta sæti deildarinnar í árlegri spá fyrir mótið og ef tekið er mið af leiknum í gær gæti sú spá hæglega gengið eftir því Haukar unnu þægilegan sigur 28-21.

„Góð vörn, góð markvarsla og góð stemmning í liðinu er grunnurinn að þessum sigri. Við vorum staðráðnir í að selja okkur dýrt, ná góðum varnarleik og fá léttu mörkin úr hraðaupphlaupum. Markvarslan kom líka og þetta var sterk liðsheild í dag," sagði Aron Kristjánsson þjálfari Hauka.

Leikurinn fór frekar rólega af stað og varnirnar voru í aðalhlutverki fyrstu mínúturnar. Haukar höfðu þó yfirhöndina með Sigurberg Sveinsson í aðalhlutverki í skyttustöðunni. Hægt og bítandi náðu meistararnir tökum á leiknum og í hálfleik var staðan 15-11.

Í síðari hálfleik var síðan aldrei spurning hvoru meginn sigurinn myndi enda. Vörn Hauka var ógnarsterk og Birkir Ívar Guðmundsson varði gríðarlega vel þar fyrir aftan. Þegar staðan var 16-14 skoruðu Haukar níu mörk gegn tveimur og lögðu grunninn að sigrinum.

Aron sagði spána fyrir mótið ekki skipta máli fyrir Haukana : „Við erum auðvitað ríkjandi Íslandsmeistarar og við bjuggumst við því að vera spáð sigri en það kemur ekkert af sjálfu sér. Við þurfum að leggja mikla vinnu í þetta, það byrja allir á núlli," sagði þessi snjalli þjálfari.

Patrekur Jóhannesson þjálfari Stjörnunnar var nokkuð brattur þrátt fyrir tapið.

„Við erum inni í leiknum í stöðunni 16-14 og fram að því var þetta fínt. Svo fórum við að gera tæknimistök og við megum ekki við því gegn Haukunum," segir Patrekur og bætti við:

„Til að ná í stig gegn Haukum þurfa allir að vera klárir í 60 mínútur en mitt unga lið gerði of mikið af mistökum. Ég hef ekkert miklar áhyggjur af því en við þurfum að laga þetta," segir Patrekur.

HARÐFYLGI Sigurbergur Sveinsson brýtur sér leið í gegnum Stjörnuvörnina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viggó byrjar vel

Viggó Sigurðsson og lærisveinar hans í Fram fóru vel af stað í N1-deildinni í gær með 23-27 sigri gegn HK í Digranesi.

Rúnar Kárason fór á kostum fyrir Safamýrarliðið og skoraði tíu mörk en Andri Berg Haraldsson kom næstur með sjö mörk.

Hjá heimamönnum í HK var Valdimar Þórsson atkvæðamestur með átta mörk.

Athygli vakti að Magnús Stefánsson var ekki í leikmannahópi Fram en eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var hann þá ekki kominn með leikheimild með Fram. **- sjj, -óþ**

ÚRSLIT

N1 deild karla í handbolta

Haukar-Stjarnan	**28-21 (15-11)**

Mörk Hauka (skot): Kári Kristjánsson 6 (7), Sigurbergur Sveinsson 6/1 (10/2), Elías Már Halldórsson 4 (5), Einar Örn Jónsson 2 (2), Freyr Brynjarsson 2 (2), Pétur Pálsson 2 (3), Hafsteinn Ingason 2 (3), Andri Stefan 2 (4), Tryggvi Haraldsson 1 (1), Gunnar Berg Viktorsson 1 (2)
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 20/1 (35/5) 57%, Gísli Guðmundsson 3 (9/2) 33%
Hraðaupphlaup: 11 (Elías 4, Freyr 2, Andri 2, Einar Örn, Kári, Pétur)
Fiskuð víti: 2 (Kári, Andri)
Utan vallar: 8 mín
Mörk Stjörnunnar (skot): Guðmundur Guðmundsson 6/4 (9/5), Björgvin Hólmgeirsson 5 (14), Fannar Friðgeirsson 4/2 (10/2), Jón Arnar Jónsson 3 (4), Hrafn Ingvarsson 1 (1), Ólafur Sigurjónsson 1 (2), Jón Heiðar Gunnarsson 1 (2),
Varin skot: Roland Eradze 3 (11) 27%, Svavar Ólafsson 8/1 (28/2) 29%
Hraðaupphlaup: 1 (Guðmundur)
Fiskuð víti: 7 (Jón Arnar 3, Björgvin 2, Fannar 2)
Utan vallar: 12 mín

HK-Fram	**23-27**

Heimsferðir bjóða nú frábært tilboð á 10 nátta ferð til til einnar helstu ferðamannaparadísar heimsins, Barbados í Karíbahafinu. Í boði eru fjölbreytt sértilboð. Barbados hefur allt að bjóða ferðamönnum. Hvítar, pálmavaxnar og víðfeðmar draumastrendur, 25 gráðu heitan og kristaltæran sjó og meðalhitastig rétt um 30 gráður allan ársins hring. Hreinlega einstök umgjörð fyrir fríið! Gríptu þetta einstaka tækifæri og bókaðu ferð til Barbados á frábærum kjörum.

Verð kr. 99.900 – flug og gisting
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Pirate's Inn **+ í 10 nætur. Ath. aðeins örfá herbergi í boði á þessu sérstaka tilboðsverði. Gisting á Hotel Butterfly Beach *** í 10 nætur með morgunverði kr. 119.900

Verð kr. 149.900 – með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Sandy Bay Beach Club *** með allt innifalið í 10 nætur. Ath. aðeins örfá herbergi í boði á þessu sérstaka tilboðsverði. 11 nátta ferð 8. nóvember kr. 10.000 aukalega.

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA • NM36516

dagskrá

> Rob Morrow

„Það fylgdi því ákveðinn léttir að verða foreldri. Það er góð tilfinning þegar það er bara eitt sem skiptir máli og maður hættir að eltast við marga hluti í einu“. Morrow leikur í þáttunum Numbers sem sýndir eru á Stöð 2 í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BORÐAR EKKI SVEPPI Á SUNNUDAGSMORGNUM

Barnaþættir á sýrutrippi

Þrátt fyrir að skynsamir foreldrar vakti sjónvarpsneyslu barna sinna og forðist að morgunkornið sé snætt með vænum skammti af Cartoon Network daglega þá á sá snillingur sem fann upp barnatíma á helgarmorgnum orðu skilið. Foreldrar eru nefnilega ekki forritaðir til þess að vera glaðvakandi klukkan átta á sunnudagsmorgnum og eru því blessunarlega fegnir að börnin geti hangið alsæl yfir ríflegri stund af barnaefni. En gagnrýnin hugsun birtist snemma og það er títt umræðuefni hjá mínu smáfólki hvað sé gersamlega „ömó“ og hvað ekki. Þáttur sem virðist fara sérstaklega í taugarnar á þeim um helgar er fyrirbæri sem heitir Í næturgarðinum og er á sunnudagsmorgnum á RÚV. Þegar ég pírði á þetta svefnþrungin augun yfir fyrsta kaffibollanum svelgdist mér á og fór að halda að einhver hefði laumað sveppum í Kólumbíublönduna. En það er svo sem engin nýlunda að Bretar séu hrifnir af því að gera sjónvarpsþætti fyrir börn

eftir að hafa greinilega tekið stóran skammt af LSD. Þegar ég var krakki í London naut þáttur sem hét The Magic Roundabout mikilla vinsælda (held að nafnið útskýri allt sem þarf) og svo voru náttúrulega Stubbarnir sérlega trendí hjá breskum E-pillu neytendum á sínum tíma. En nei, þátturinn Í Næturgarðinum fékk sérlega óvægna gagnrýni frá systkinunum á heimilinu sem segjast aldrei hafa séð leiðinlegri þátt. Af hverju? „Þetta er bara svo gersamlega ömurlegt. Það gerist ekki neitt. Bara einhver Iggle Piggle sem fer bak við tré og kemur svo aftur.“ Ég benti á að þau hefðu horft á Stubbana agndofa þegar þau voru smábörn en sennilega myndi þeim finnast það bjánalegt sjónvarpsefni núna. „Nei alls ekki, þeir eru mjög skemmtilegir. Stubbarnir baka! Og ryksuga og svona. Þeir GERA eitthvað. Það er ekki hægt að gera sjónvarpsþátt bara um einhvern sem fer bak við tré og kemur svo aftur.“ Og þar með var málið útrætt.

EKKI MISSA AF

15.45 FH - Keflavík BEINT
STÖÐ 2 SPORT

19.10 Sjálfstætt fólk STÖÐ 2

20.30 Sunnudagskvöld með Evu Maríu SJÓNVARPIÐ

21.10 Happy Hour
STÖÐ 2 EXTRA

21.50 Swingtown SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í næturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Nýi skólinn keisarans, Sígildar teiknimyndir, Finni kostur, Fræknir ferðalangar, Lára og Sigga ligga lá.
11.05 Sköpunin (Genesis) (e)
12.30 Silfur Egils
13.50 Saga Indlands (1:6) (The Story of India)(e)
14.45 Karajan (Karajan: Beauty as I See It)
16.20 Hvað veistu? - Vatnavextir (Viden om II: Oversvømmelse)
16.50 Willtir Westfirðir (1:2) (e)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Keith Leikin bresk barnamynd.
17.45 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn (11:12)(e)
18.00 Stundin okkar (e)
18.30 Latibær
19.00 Fréttir
19.35 Veður
19.40 Svartir englar (1:6)
20.30 Sunnudagskvöld með Evu Maríu Eva María Jónsdóttir ræðir við Atla Heimi Sveinsson tónskáld. Atli gerir fleira en að tala í þættinum, hann spilar, hlustar og útskýrir verk sín með léttum útúrsnúningum og vísunum í allar áttir.
21.10 Leystur úr álögum (Durch Liebe erlöst) (1:2)
22.45 Í sálarháska (Sea of Souls) (1:2)
23.45 Silfur Egils (e)
01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 American Dreamz
10.00 Barbershop 2. Back in Buisness
12.00 Code Breakers
14.00 Diary of a Mad Black Woman
16.00 American Dreamz
18.00 Barbershop 2. Back in Buisness
20.00 Code Breakers Sannsöguleg kvikmynd um hneyksli sem átti sér stað í virtasta herskóla Bandaríkjanna í West Point árið 1951 þegar nokkrir nemendur urðu uppvísir að stórfelldu svindli.
22.00 Primal Fear
00.10 The Bone Collector
02.05 Bodywork
04.00 Primal Fear

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Þorlákur, Blær og Kalli á þakinu.
08.05 Algjör Sveppi Sveppi vaknar með börnunum klukkan átta og sýnir þeim teiknimyndir með íslensku tali.
09.35 Ginger segir frá
09.55 Stóra teiknimyndastundin
10.20 Bratz
10.40 Ævintýri Juniper Lee
11.05 Stuðboltastelpurnar
11.30 Latibær (6:18)
12.00 Hádegisfréttir
12.30 Neighbours
12.50 Neighbours
13.10 Neighbours
13.30 Neighbours
13.50 Neighbours
14.15 Chuck (3:13)
15.05 The New Adventures of Old Christine (13:22)
15.20 Mænan er ráðgáta - Söfnunarátak
17.45 Oprah
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.49 Íþróttir
18.59 Veður
19.10 Sjálfstætt fólk - NÝTT (1:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar. Þátturinn er sá farsælasti í sögu Eddu-verðlaunanna en hann hefur þrisvar sinnum hlotið þessi eftirsóttu verðaun og alls sex sinnum verið tilnefndur.
19.55 Næturvaktin (13:13) Lokaþáttur af Næturvaktinni - vinsælasta og besta leikna sjónvarpsþættinum í ár.
20.30 Dagvaktin - NÝTT (1:11)
21.05 Numbers Tveir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, sem leikinn er af Rob Morrow er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reiknifformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
21.50 The Tudors (8:10)
22.45 Fahrenheit 9:11
00.50 Hotel Babylon (6:8)
01.45 Marco Polo Fyrri hluti
03.10 Marco Polo Seinni hluti
04.40 Monk (14:16)
05.25 Dagvaktin - NÝTT (1:11)
05.55 Fréttir

SPORT *besta sætið*

08.45 NFL deildin Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar.
09.15 Meistaradeildin - Meistaramörk Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.
09.40 Ryder Cup 2008
14.45 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.
15.45 Landsbankadeildin 2008 Bein útsending frá leik FH og Keflavíkur í næst síðustu umferð Landsbankadeildar karla.
18.00 Ryder Cup 2008 Bein útsending frá lokadeginum á Ryder Cup en að þessu sinni er spilað „maður á mann“. Einn kylfingur frá Evrópu mætir einum kylfingi frá Bandaríkjunum.
22.00 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.
23.00 Ryder Cup 2008 Bein útsending frá lokasprettinum á Ryder Cup.
23.30 Spænski boltinn Útsending frá leik Sporting og Barcelona í spænska boltanum. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 18.55.
01.10 Landsbankadeildin 2008 Útsending frá leik í Landsbankadeild karla.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.45 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik West Ham og Newcastle.
09.25 4 4 2
10.45 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik WBA og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
12.50 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá stórleik Chelsea og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3 kl 13.55. Tottenham - Wigan Sport 4 kl 13.55. Man. City - Portsmouth Sport 5 kl 13.55. Hull City - Everton
15.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Bolton og Arsenal.
16.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Tottenham og Wigan.
18.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Man. City og Portsmouth.
20.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Hull City og Everton.
21.40 4 4 2
23.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Liverpool og Stoke.
00.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Blackburn og Fulham.

SKJÁREINN

10.05 Vörutorg
11.05 MotoGP - Hápunktar Sýndar svipmyndir frá síðustu keppni í MotoGP.
12.05 Dr. Phil (e)
15.50 What I Like About You (e)
16.15 High School Reunion (e)
17.05 Britain's Next Top Model (e)
17.55 Design Star (e)
18.45 Singing Bee (e)
19.45 America´s Funniest Home Videos Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. Vinsælust eru alls kyns óhöpp, mistök og bráðfyndnar uppákomur með börnum, fullorðnum eða jafnvel húsdýrum.
20.10 Robin Hood (5:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku. Hrói kemst að því að það er svikari í útlagahópnum. Hann óttast um öryggi Marian í kastalanum og reynir að svæla út svikarann.
21.00 Law & Order. SVU (6:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Olivia er komin í innsta hring hryðjuverkasamtaka en þarf að bera vitni í máli gegn hættulegum nauðgara. Hún býr í Oregon undir fölsku flaggi og er sjálf komin í kast við lögin vegna morðs.
21.50 Swingtown (6:13) Ögrandi þáttaröð sem gerast árið 1976 þegar diskótónlistin var að ryðja sér til rúms. Kynlífsbyltingin stóð sem hæst og frjálsar ástir og makaskipti urðu vinsæl tómstundariðja í rótgrónum úthverjum. Tom verður afbrýðissamur þegar Trina hittir gamlan kærasta. Susan reynir að hjálpa eiginmanninum en það fer öðruvísi en hún hafði áætlað.
22.40 30 Rock (e)
23.10 Sexual Healing (e)
00.10 In from the Night (e)
01.40 Vörutorg
02.40 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Endursýnt valið efni frá liðinni viku Endursýnt á klukkustunda fresti.
20.45 Gönguleiðir Þáttur um áhugaverðar gönguleiðir á Íslandi. Endursýnt kl. 21.45 og 22.45.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

Beint framhald af Næturvaktinni sem sló rækilega í gegn í fyrravetur og reyndist vera vinsælasta, leikna, íslenska þáttaröðin sem sýnd hefur verið á Stöð 2. Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af Næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Svartir Englar
Sjónvarpið kl. 19.40

Ný íslensk spennuþáttaröð byggð á bókunum Skítadjobb og Svartir englar eftir Ævar Örn Jósepsson. Eigandi auglýsingastofu, maður á fimmtugsaldri, finnst látinn fyrir utan fjórtán hæða blokk sem hann bjó í. Ljóst er að hann hefur hrapað niður af svölum en lögregluna grunar að það hafi ekki verið hjálparlaust. Þættirnir verða endursýndir á fimmtudagskvöldum klukkan 23.10

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
07.05 Morgunandakt
08.00 Morgunfréttir
08.05 Ársól
09.03 Framtíð lýðræðis
10.05 Veðurfregnir
10.15 Þýtt, skráð og skáldað
11.00 Guðsþjónusta í Neskirkju
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Ísland og Evrópusambandið
14.00 Stefán Stórval
15.00 Hvað er að heyra?
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Úr tónlistarlífinu
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Seiður og hélog
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Óskastundin
19.40 Öll þau klukknaköll
20.30 Bláar nótur í bland
21.05 Gestagangur í bókmenntum
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Í söguferð um Brasilíu
23.00 Andrarímur
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (16:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.25 Hollyoaks (17:260)
16.50 Hollyoaks (18:260)
17.15 Hollyoaks (19:260)
17.40 Hollyoaks (20:260)
18.00 Seinfeld
18.25 Seinfeld
18.50 Seinfeld
19.15 Seinfeld
19.40 The Dresden Files (6:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
20.25 Twenty Four 3 (17:24) Jack kemst að því að maðurinn á bak við vírusinn er fyrrverandi samstarfsmaður hans. Michelle og Toni einbeita sér að vírussmitaða fólkinu á hótelinu.
▶ **21.10 Happy Hour** (7:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
22.00 Seinfeld
22.25 Seinfeld
22.50 Seinfeld
23.15 Seinfeld
23.40 Sjáðu
00.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link **11.00** Down to Earth **12.00** Down to Earth **13.00** Last of the Summer Wine **13.30** Last of the Summer Wine **14.00** Last of the Summer Wine **14.30** Animal Park: Wild In Africa **15.00** Trouble At The Top Special **16.00** Trouble at the Top **16.45** Trouble at the Top **17.30** Speed **18.00** Speed **18.30** Speed **19.00** Days that Shook the World **20.00** Days that Shook the World **21.00** Days that Shook the World **22.00** Days that Shook the World **23.00** Days that Shook the World

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** SPAM 2008 **10.55** Skum TV **11.10** Angora by night **11.35** Family Guy **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **12.45** Den store dag **13.45** HåndboldSøndag. SK Aarhus - Ikast-Brande EH **15.30** Bamses Billedbog **16.00** Drømmen om dybet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Dansk Folkepartis landsmøde **17.30** De store katte **18.00** Sommer **19.00** 21 Søndag **19.40** SportNyt med SAS liga **19.55** Columbo **21.25** Trold kan tæmmes

NRK 1

10.10 Kvitt eller dobbelt **11.10** Himmelblå **11.55** Ut i nærturen **12.20** Ut i nærturen **12.45** Danny Deckchair **14.25** Trygve Hoff - dele med dæ **15.15** Åpen himmel. Nordisk gudstjeneste **16.00** Lillefot og vennene hans **16.25** Herr Hikke **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Himmelblå **18.50** Ellens 100 år **19.20** Nære og kjære **21.00** Kveldsnytt **21.20** Autofil **21.50** Hold meg, slipp meg! **23.30** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

10.50 Debatt **11.35** Murderball **13.00** Ishockey. TV-pucken **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Saltön **17.15** Hemliga svenska rum **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Andra Avenyn **18.30** Sportspegeln **19.15** Ashes to ashes **20.10** Dina, mina och våra barn **20.40** Hur mycket väger ett moln? **21.10** Byss **21.25** Five days **22.25** Carin 21.30 **22.55** Sändningar från SVT24

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég hlusta á tónlist í tölvunni við vinnuna. Ég hef verið að hlusta mikið á tökulög upp á síðkastið, til dæmis Bob Dylan-lögin Farewell Angelina með Jeff Buckley, Most of the Time með Lloyd Cole og Isis með White Stripes.

Örn Úlfar Sævarsson, ráðgjafi og hugmyndasmiður á auglýsingastofunni Fíton.

HIN HLIÐIN LOVÍSA ELÍSABET SIGRÚNARDÓTTIR

Hefur gaman af breskum gamanþáttum

Hvað er að frétta? Ég er að leggja lokahönd á plötuna sem kemur út núna í október. Hef verið mestan part sumarsins í London að taka hana upp og nú er svo bara að fara að æfa fyrir spilerí og öllu því sem fylgir.
Augnlitur: Brúnn.
Starf: Tónlist.
Fjölskylduhagir: Á fjölskyldu vel dreifða um allan heim. Er í sambandi en bý með æskuvinkonu minni, hundi og tveimur kisum.
Hvaðan ertu? Fædd í London, ættuð frá Srí Lanka og Íslandi, þar sem ég er svo alin upp.
Ertu hjátrúarfull? Nei
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Það er margt, en ég get nefnt heimildarþætti og ég hef mikið gaman af stuttum breskum gamanþáttum.
Uppáhaldsmaturinn: Kjúklingarétturinn hennar mömmu og karrýið hennar ömmu.
Fallegasti staðurinn: Ísland
iPod eða geislaspilari: Plötuspilarinn þegar ég er heima, annars er það iPod.
Hvað er skemmtilegast? Að fá óvæntar, góðar fréttir.
Hvað er leiðinlegast? Að fá slæmar fréttir.
Helsti veikleiki: Kæruleysi.
Helsti kostur: Kæruleysi.
Helsta afrek: Hálftíma viðtalsþáttur í beinni á RÚV, hef sjaldan verið jafn stressuð.
Mestu vonbrigðin? Að fá stöðumælasekt.
Hver er draumurinn? Að komast í langt og gott ferðalag. Koma svo við á Srí Lanka.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Pabbi.
Hvað fer mest í taugarnar á þér? Vanvirðing og ranglæti.
Hvað er mikilvægast? Að reyna að vera góð.

Alíslenskt kvöld við skjáinn

Í kvöld er stór og mikil stund í íslensku sjónvarpi. Fyrsti þáttur Svartra engla fer í loftið á RÚV kl. 19.40 og fyrsti þáttur Dagvaktarinnar hefst þar strax á eftir á Stöð 2, kl. 20.30.

„Ég er úti í Berlín akkúrat núna, en ég næ vonandi fyrsta þættinum í endursýningu þegar ég kem heim," segir Sólveig Arnarsdóttir, sem leikur Katrínu, hina vösku rannsóknarlögreglukonu í Svörtum englum. „Ég er ekki með Stöð 2, en ég sé Dagvaktina pottþétt þegar hún kemur út á spólu. Mér fannst Næturvaktin alveg æðisleg."

Katrín, löggan sem Sólveig leikur, er ein fjögurra aðalpersóna Svartra engla. „Hún er svaka töffari en fer samt eftir bókinni," segir Sólveig. „Hún hefur ýmislegt út á vinnubrögð félaga sinna að setja enda eru þessi fjögur mjög ólík."

Sex þættir verða sýndir af Svörtum englum og þeir tengjast innbyrðis. Fyrstu þrír eru gerðir eftir bókinni Skítadjobb og þrír seinni eftir Svörtum englum. Báðar skrifaði Ævar Örn Jósepsson.

„Ég ætla að poppa og hafa það notalegt yfir báðum þáttunum," segir Jörundur Ragnarsson sem leikur hinn tvístígandi Daníel í Dagvaktinni. „Mér finnst alveg frábært að það sé boðið upp á tvo íslenska þætti sama kvöldið."

Jörundur vill lítið segja um það hvort eitthvað ræðist úr lúðanum Daníel í nýju seríunni. „Það eitt get ég sagt að hann gengur í gegnum algjört helvíti," segir hann, leyndardómsfullur. Og það verður ekki meira. Aldrei. „Við vorum allir sammála um að við myndum klára þessa karaktera núna. Það verður engin Millivakt eða Bakvakt. Planið er að þjóðin sitji límd við tækin þegar ellefti og síðasti þátturinn verður sýndur, 30. nóvember." - drg

TÖFF EN EFTIR BÓKINNI Sólveig Arnarsdóttir er Katrín lögga.

GENGUR Í GEGNUM HELVÍTI Jörundur Ragnarsson er Daníel lúði.

ÞRÖSTUR LEÓ OG NÝ DANSKIR Með því að láta Þröst alfarið stjórna því hvernig lögin raðast á diskinn forðar hljómsveitin hugsanlegu rifrildi og látum í tengslum við það verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BJÖRN JÖRUNDUR: ÁKVÁÐUM AÐ TREYSTA ÞRESTI LEÓ FYRIR ÞESSU

Eini lagaraðari landsins

„Já, Þröstur Leó gefur sig út fyrir það að vera eini maðurinn á Íslandi sem er svokallaður lagaraðari. Og starfar við þetta í hjáverkum. Við heyrðum af þessu og ákváðum að treysta honum fyrir því að raða lögunum upp. En þetta hefur verið atvinnuleyndarmál svipað og samplið hans Charlie Watts á plötu Herberts," segir Björn Jörundur.

Ný tólf laga plata er væntanleg frá hljómsveitinni Ný dönsk og kemur hún í allar betri plötuverslanir fyrstu vikuna í október. Hún er sérstök um margt, til dæmis er Daníel Ágúst nú með eftir tólf ára hlé. Og hljómsveitin greip til þess að fá sérstakan mann til þess að raða lögunum á diskinn. Oft er þetta hausverkur og hreint ekki eins einfalt mál að ákveða hvaða lag á að vera númer tvö og hvaða lag númer sjö eins og ókunnugir kynnu að halda. En það eru einmitt slík vandamál sem leikarinn Þröstur Leó Gunnarsson sérhæfir sig í að leysa.

„Já, þetta er meira en að segja það. Eins og Jón [Ólafsson] sagði: Þá losnum við við rifrildin og lætin. En það eru nokkrir í hljómsveitinni og hver og einn hefur sína skoðun á því hvar hvaða lag á að vera á disknum," segir Þröstur Leó sem tók að sér að raða lögunum tólf upp í þá röð sem hentar. Meðal annars til að forða því að allt fari í hund og kött innan hljómsveitarinnar. „En þetta er voðalega gaman. Þeir leyfa mér alveg að ráða þessu.

Þröstur segir svo frá að hann hafi fengið lögin 12 í hendur og hlustað á þau fram og til baka. Læra að þekkja lögin. Svo raðar hann þessu upp eftir tilfinningu fremur en einhverri formúlu. „Já, og passa upp á að þetta fari vel saman. Að það séu til dæmis ekki þrjú lög með Birni Jörundi í röð." Þetta er langt í frá fyrsta verkefni Þrastar á þessu sviði. Hann til dæmis raðaði lögunum á disk Heimilistóna og svo hefur hann tekið Beina leið með KK og endurraðað lögunum þar. „Ég veit ekki hversu mikill sérfræðingur ég er. Ég er bara maðurinn úti í bæ sem kaupir plöturnar. Ég hef tekið gömlu plöturnar þeirra og leikið mér að því að endurraða á þær. Laga þetta til. Eina platan þar sem mér hefur ekki tekist að hrófla við neinu til betri vegar er The Wall með Pink Floyd. En svo eru náttúrlega sumir diskar sem ekki hafa gengið nógu vel af því að þar er ekki rétt raðað," segir leikarinn og lagaraðarinn Þröstur Leó – léttur og ánægður með að þetta leyndarmál sé nú loksins komið fram: „Þá get ég kannski farið að einbeita mér alfarið að þessu og hætt að leika." jakob@frettabladid.is

GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

Gítarnámskeið
Einkatímar

Skráning hafin

Sími 581-1281
gitarskóli@gitarskoli.is
www.gitarskoli.is

Fimmta leikkonan í hlutverki Soffíu frænku

„Ég fór í söngprufur ásamt nokkrum öðrum leikurum þar sem ég söng Vísur Soffíu frænku. Fyrst hvarflaði það ekki að mér að ég væri að fara að leika þetta hlutverk en mér fannst mjög gaman að vera beðin," segir Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona sem mun leika Soffíu frænku í Kardimommubænum, sem verður settur upp í fimmta sinn í Þjóðleikhúsinu í byrjun næsta árs, undir leikstjórn Selmu Björnsdóttur.

„Kardimommubærinn var fyrsta barnaleikritið sem ég sá þegar ég var fjögurra ára gömul. Ég varð svo hrædd að mamma varð að fara með mig upp á svalir, því ég var ekki róleg fyrr en ég var komin í nógu mikla fjarlægð frá sviðinu. Ætli það hafi ekki bara verið Soffía sem hræddi mig svona," segir Edda Björg og hlær.

Frá því að Kardimommubærinn var fyrst settur upp 1970 hafa leikkonurnar Emilía Jónsdóttir, Guðrún Þ. Stephensen, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir og Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikið Soffíu frænku. Edda Björg segir hlutverkið ekki vera vandalaust og leitar ráða hjá þeim sem áður hafa leikið hana. „Guðrún Stephensen sagði mér að það væri viss kúnst að leika Soffíu, því þó að hún sé ströng og vilji aga er hún góð og vill öllum vel. Það er því fín lína sem maður verður að dansa á og það má því alls ekki gera hana að vondum fýlupúka," segir Edda Björg að lokum. - ag

HRÆDDIST SOFFÍU Edda Björg sá Kardimommubæinn fyrst þegar hún var fjögurra ára og hræddist þá Soffíu frænku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SVARTIR ENGLAR
HÖRKUSPENNANDI ÍSLENSKIR SAKAMÁLAÞÆTTIR
Á SUNNUDAGSKVÖLDUM KL. 19.40
SJÓNVARPIÐ
- Annað og meira

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

BAKÞANKAR
Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur

Af konum

Í vor upplifði ég það kornung að eiga það sem mér skilst að sé fyrsta alvöru fullorðinsafmælið. Ég maka nú samviskusamlega á mig rándýru kremi á kvöldin sem ætlað er þroskuðum konum og henti um daginn bólukreminu. Stelpur nota bólukrem, konur eiga hrukkukrem.

EFTIR áfangann hef ég aðeins velt því fyrir mér hvenær stelpur hætta að vera stelpur og verða að konum. Er það eftir þetta fyrsta alvöru fullorðinsafmæli? Eða er það kannski við einhverja sérstaka lífsreynslu? Er það við fyrstu tíðir, fyrsta koss, fyrsta ævintýralega dýra skópari, eða kannski ekki fyrr en þær hafa afrekað að fæða barn? Mín kenning er reyndar sú að stelpur láti bjóða sér að fæða án deyfingar en konur viti betur.

ER stelpa orðin að konu þegar hún stendur sjálfa sig að því að tala á innsoginu í símann og bjóða svo vinkonum í bröns um helgar? Og finnst ofsalega spennandi að baka ameríska pönnukökur árla morguns. Það er kannski frekar vísbending um að kona sé orðin að kerlingu þegar ég hugsa betur út í málið. Stelpur eiga vinkonur í miðbænum, en konur í Fossvoginum. Það eru konur sem tala um fólk á sextugsaldri sem hressa krakka.

KONUR geta átt bækur sem heita „Þú getur grennst og breytt um lífsstíl“ eftir þá félaga Ásmund Stefánsson og Guðmund Björnsson – og konur geta mögulega átt „international bestseller“ með titilinn Why do men love bitches?, þar sem þess er getið aftan á bókinni að höfundurinn hafi einmitt áður skrifað aðra aðkallandi bók með titilinn Why men marry bitches“.

ÉG hugsa að það séu líka konur sem tala um orðræðu og hafa þörf fyrir að nota orðið „faglegt“. Konur fá í magann af spenningi yfir ráðstefnum og láta sig dreyma um að varpa fram spurningum úr sal – eða eru það kannski bara fundafífl og fagidjótin sem gera svoleiðis?

ÞRÁTT fyrir að geta ekki fangað það nákvæmlega hvenær það gerðist, þá áttaði ég mig á því að umskiptin hefðu átt sér stað þar sem ég stóð með eiginmanni og sex ára dóttur í skólastofu og litla barnið mitt var orðið að skólastelpu. Það eru konur sem geyma klút í kápunni og þerra tárin þegar litla stelpan gengur feimin inn í skólastofu í fyrsta sinn.

GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn 21. september, 265. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.09	13.21	19.31
Akureyri	6.53	13.06	19.13

Heimild: Almanak Háskólans